



Ættleidd ungmenni
Í LEIT AÐ UPPRUNA SÍNUM ▶ 2



Ólafur Darri
LEIKUR HAMLET Í
BORGARLEIKHÚSINU ▶ 70



Sigríður Dúna
Kristmundsdóttir
AMMA Á
ÖRLAGATÍMUM
▶ 36

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
25. maí 2013
121. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



LÆTUR FÁTT STÖÐVA SIG

Elínrós Líndal hefur á fáum árum tekist að byggja upp farsælt fatafyrirtæki hér á landi með umhverfissjónarmið og samfélagsvitund að leiðarljósi. ▶ 22



LEIKKONAN SEM VARD
HANDRITSHÖFUNDUR
Nanna Kristín kynnti kvikmyndahandrit í Cannes. ▶ 30



TÓNLEIKA-
SUMARIÐ
MIKLA ▶ 32

SONURINN INNBLÁSTUR PÁTTARADAR

Lóa Pind
Aldísardóttir
rannsakar
brottfall úr
framhalds-
skólum.
▶ 56



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

freebird
Í tilefni af opnun Freebird
20 % afsláttur
Í dag...
Íslensk hönnun

Spread the Love...
Laugavegi 46 s:571-8383
WWW.FREEBIRDCLOTHES.COM

HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
MIKIÐ ÚRVAL • FRÁBÆR GÆÐI • BETRI VERÐ
Fullt af nýjum vörum!
Sími 534-1414 • www.hollandandbarrett.is

Opið til
18
Gjafakortið
er vinsæl
útskriftargjöf

Smáralind

ÓÁNÆGJA MEÐ LJÓS 4

Áformuð lendingarljós við Ægisíðu eru sögð rýra gildi útivistarsvæðis.

HÆTT KOMINN Í SILFRU 6

Kafari án súrefnis sökk til botns í Silfru.

GAGNRÝNA FANGELSI 8

„... meiri líkur á að íslenskur sjávarútvegur verði áfram í fremstu röð.“ 10

Rúnar Jónsson, forstöðumaður hjá Íslandsbanka.




SKOÐUN 12→16

RÍKISSTJÓRN NÝRRAR KYNSLÓÐAR 12

Porsteinn Pálsson skrifar um pólitísk umskipti.

SÍÐASTA GREIN FJALLKONUNNAR 16

Barnabörn Herdísar Þorvaldsdóttur luku við síðustu grein hennar um landvernd eftir að hún lést.



HELGIN 18→42



HVERNIG LYKTAR LISTASAFN? 18

Andrea Maack og Huginn Þór Arason eru listamennirnir á bakvið nýstárlega sýningu sem verður opnuð í dag.

FRÆÐIMÖNNUM FJÓLGAR OF HRATT 26

Skiptar skoðanir eru um hvort offramleiðsla sé á fræðimönnum í háskólum.

BLUTH-FJÖLSKYLDAN SNÝR AFTUR 34

Fjórða sería Arrested Development frumsýnd.

MÓNAKÓ ER HELSTA RAUN ÖKUMANNA 38

Mikil dramatik fylgir kappakstrinum í Mónakó.

KRAKKAR 40 KROSSGÁTA 42

MENNING 52→62

ATHYGLINNI BEINT AÐ UTANGARÐSMÖNNUM 52

Sýningin Utangarðs er opnuð í dag.

HUNDRAÐA MILLJÓNA PÁTTARÖÐ 58

Sigurjón Kjartansson og Baltasar Kormákur eiga hugmyndina á bak við dýrustu sjónvarpsþáttaröð sem framleidd hefur verið á Íslandi.

STJÖRNURNAR ELSKA ÍSLAND 60

Það kítlar hégómagirnd Íslendinga þegar erlendir stjörnur fjalla um landið.



SPORT 64



ÚRSLITIN RÁÐAST Í MEISTARAEILDINI 64

Þýsku liðin Borussia Dortmund og Bayern München mætast á Wembley í London í kvöld.



FIMM Í FRÉTTUM HÁFJÖLL, HUNDAR OG ALLT Í HÁALOFTI



Auður Björnsdóttir hefur þjálfað hunda til að hjálpa fótluðum og flogaveikum. Hún þjálfaði líka hund sem fer með hlutverk í íslenski bíómynd og annan sem dansar við lög Helga Björnssonar, bróður Auðar.



Sara Nassim, kvikmyndagerðarkona á Íslandi, komst inn í hina virtu framleiðsludeild American Film Institute nú á dögum. Hún vonar að hlutur kvenna í kvikmyndagerð á Íslandi aukist á meðan hún stundar námið.



Steinbergur Finnbogason, lögfræðingur Loftsinns, segir deilur um einkarétt á nafninu fásinnu. Eigendur Loft Hostels í Bankastræti segjast eiga einkarétt á nafninu Loft. Þeir eru ósáttir við að Loftið og menningarstofan Loft Harbour noti einnig nafnið og fara fram á breytingar.



Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður skellti sér á skólabeck í fyrrihaust og er nú útskrifaður gönguleiðsögumaður. Helgi segir vel geta farið svo að hann taki að sér gönguleiðsögn þótt lögmannsstarfið verði áfram hans aðalstarf.



→ Leifur Örn Svavarsson og Ingólfur Geir Gissurarson komust báðir á topp Everestfjalls í liðinni viku en fóru hvor sína leiðina að toppnum. Ingólfur Geir fór suðurleiðina en Leifur Örn norðurleiðina, fyrstur Íslendinga.

Ættleidd ungmenni í leit að uppruna sínum

Íslensk ættleiðing stendur fyrir fundum þar sem fjallað verður um upprunaleit ættleiddra ungmenna. Ung kona sem var ættleidd frá Srí Lanka segir mikilvægt að hafa vettvang þar sem ungmenni geti deilt reynslu sinni hvert með öðru.

FÓLK „Það er alltaf að aukast að ungt fólk komi til okkar í upprunaleit,“ segir Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar, sem stendur fyrir fræðslufundum um helgina um leit ættleiddra ungmenna að uppruna sínum.

Sérstakir gestir á fundunum eru þau Lisa Kanebäck og Sebastian Johansson, sem voru sem börn ættleidd til Svíþjóðar frá Kolkata á Indlandi, en sneru til baka á síðasta ári þar sem þau unnu meðal annars á barnaheimilinu þar sem Lisa dvaldi fyrstu mánuði ævi sinnar.

Í samtali við Fréttablaðið segir hvort þeirra sína söguna um hvernær þráin til að vita meira um uppruna sinn gerði vart við sig.

„Ég var sennilega bara fimm ára þegar ég áttaði mig á því að ég var frábrugðinn vinum mínum,“ segir Sebastian, sem er 29 ára gamall. „Áhuginn á að vita meira um uppruna minn magnaðist svo sífellt þegar ég varð fullorðinn, og mér fannst eins og það væri ákveðið tómarúm innra með mér.“

Lisa, sem er 23 ára, segist hins vegar ekkert hafa velt þessum málum fyrir sér, framan af.

„Sem barn hugsaði ég aldrei um að ég væri frábrugðin öðrum. Ég bjó í litlu þorpi þar sem allir þekkjá alla og komið var fram við alla á sama hátt. Áhuginn á að leita róta minna kom ekki fyrr en í framhaldsskóla. Þá fór ég meðal annars að velja því fyrir mér hvernig ég gæti gefið af mér þannig að ég kom mér í samband við ættleiðingastofnun og upp úr því ákvað ég að fara út til Indlands.“

Indlandsdvöl Sebastians og Lisu var gefandi að þeirra sögn, en kom um leið á óvart.

„Ég hélt að ég myndi komast í tengsl við indverskar rætur,“ segir Sebastian, „en þess í stað áttaði mig betur á því að ég er sænskur í gegn.“

Lisa tekur í sama streng. „Ég hélt að ég myndi upplifa mig indverska, þar sem ég var umkringd fólkum sem



UPPRUNALEIT Þau Lisa Kanebäck og Sebastian Johansson frá Svíþjóð munu miðla reynslu sinni af upprunaleit á fundi æskulýðsfélags ættleiddra í dag. Ingunn Unnsteinsdóttir (til hægri) var ættleidd frá Srí Lanka árið 1985.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikilvægt að hafa vettvang til samskipta

Á fundinum í dag mun Íslensk ættleiðing kynna nýjan félagsskap, Góðir Íslendingar, sem er æskulýðsfélag ættleiddra. Ingunn Unnsteinsdóttir var ættleidd frá Srí Lanka tveggja mánaða að aldri árið 1985. Hún segir mikilvægt að ættleidd ungmenni á Íslandi hafi vettvang til að hittast og deila reynslu sinni.

„Ég fór sjálf að spá alvarlega í þessi mál þegar ég var unglingur og undanfarin ár hef ég verið að velja þessu sífellt meira fyrir mér. Mér finnst þetta vera ferli sem ég þarf að ganga í gegnum, sérstaklega þar sem maður er á þeim aldri þar sem maður fer að huga að því að stofna eigin fjölskyldu.“

Ingunn segir að barnastarf hafi verið með ágætum þar sem ættleidd börn komu saman, en í kringum unglingsárin hafi þau tengsl rofnað.

„Með stofnun Góðra Íslendinga er verið að skapa vettvang fyrir þessa umræðu. Við höfum verið hvert í sínu horninu að spá í sömu hlutina, en það er rosalega gott að hitta annað fólk sem er í sömu þælingum og deila reynslu sinni. Hvað sem svo verður, hvort sem fólk fer í nánari upprunaleit eða ekki er mikilvægt að það sé til vettvangur þar sem fólk getur hist og talað saman.“

líkist mér, en þess í stað áttaði ég mig enn betur á því að ég er algjörlega sænsk,“ segir hún og hlær.

Bæði hafa þau fullan hug á að fara aftur til Indlands á næstunni til að vinna með börnum.

Fundirnir verða tveir og eru

haldnir verða í gamla Sjómannaskólanum, annars vegar klukkan 14 í dag, þar sem ættleidd ungmenni hittast, og hins vegar á sama tíma á morgun en sá fundur er öllum opin.

thorgils@frettabladid.is

Bæjarstjórinn og aðrir oddvitar meirihlutans í Kópavogi segja stöðuna ljósa:

Segja meirihlutann starfhæfan

KÓPAVOGUR „Já, ég sit í starfhæfum meirihluta,“ svaraði Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, þegar oddvitar minnihlutaflökanna í bæjarráði spurðu hann út í stöðu meirihlutans í Kópavogi.

Eins og komið hefur fram myndaðist nokkur titringur innan meirihlutans þegar tveir liðsmenn hans samþykktu tillögu minnihlutans um frestun afgreiðslu aðalskipulags.

„Undirrituð beina þeirri fyrirspurn til bæjarstjóra hvort hann sitji í umboði starfhæfs meiri-

hluta en eitthvað virðist óljóst um að slíkt sé tilfellið. Jafnframt er meirihlutinn hvattur til að stilla saman strengi sína svo óvissu um stjórn bæjarins verði aflétt og unnið að þeim verkefnum sem þarf að vinna,“ sagði í fyrirspurn minnihlutans.

„Engin óvissa hefur ríkt,“ bókaði Ómar Stefánsson úr Framsóknarflokki. „Þakka góðar ábendingar, allir eru að vinna,“ bókaði Rannveig Ásgeirsdóttir úr Y-listanum.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON OG RANNEVEIG ÁSGEIRSDÓTTIR Bæjarstjóri Kópavogs og aðrir oddvitar meirihlutans segja enga óvissu um samstarfið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

- gar

XY CROSSFIT
WITH ICE

CrossFit XY

28. maí hefst

4 vikna GRUNNÁMSKEIÐ + 1 mánuður í CrossFit
(þri-fim-fös kl. 6:00, 12:00 eða 18:30)

kr. 19.500

Viltu komast í betra form? Viltu styrkjast? Viltu léttast? Viltu verða liðugri?
Viltu geta leikið við börnin þín án þess að standa á öndinni?
Viltu bæta nokkrum árum við líf þitt?

Ekki velja þessu lengur fyrir þér, skráðu þig bara!

Við tökum vel á móti öllum, í hvaða formi sem er, á hvaða aldri sem er.

FRÉKARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING: info@crossfitxy.is



CrossFit XY - Miðhraun 2 - 210 Garðabær - Ísland - info@crossfitxy.is - 354-5170500

ÁVÍSUN

SÍÐASTI SÉNS

Ekki láta 3.000 kr ávísun, renna út á tíma!

Rafmagns-sláttuvél 1200W 24.995kr

Author Energy 20" 33.990kr

Hnífasett 5 stik í standi 10.990kr

BeefEater hágræða gasgrill 69.900kr

BLACK&DECKER

AUTHOR Author hjól fyrir alla fjölskylduna verð frá 29.900

BeefEater DISCOVERY 900
3 brennarar úr pottjárnri. Svart postulín húðað lok. Piezo kveikjari. 12.5kW

Bláakorn 5 kg 1.199 kr. 1.590

Bláakorn 10 kg 2.290 kr. 2.690

Bláakorn 25 kg 4.990 kr. 6.990

Hortensía í garðinn 1.690 kr. 2.990

Hekklíppur rafmagns 5.995 kr

STJÚPU Sprengja 999 kr 10 stk

ÁVÍSUN HANDA ÞÉR! 3.000,-

Handhafa
Þrjúþúsund 00/100
Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira
14. - 26. maí 2013
Húsasmíðjan og

RENNUR ÚT UM HELGINA

SÆLU REITUR 2013


Þú finnur ávísunina þína á bakhlíð Sælureitsins eða í næstu verslun

MUNDU AÐ NÝTA ÞÉR
3.000 KRONA ÁVÍSUNINA,
ÞEGAR KEYPT ER FYRIR 10.000 KR
EÐA MEIRA, LÝKUR UM HELGINA.



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

18.05.2013 → 24.05.2013



5 af 7 vítaspyrnum fóru förgörðum í fyrstu fjórum umferðum Pepsi-deildar karla. Það er versta frammistaða frá því að liðum var fjölgað í tólf árið 2008.



62 milljarðar króna er verðmæti eignarhluta ríkisins í Landsbankanum.

3 FYRIRTÆKI í miðborginni, Loft Hostel, Loftið og Harbour Loft, deila nú um hvort nöfn þeirra séu of lík.

6

Íslendingar hafa nú staðið á toppi Everestfjalls, hæsta tinds í heimi, eftir að þeir Guðmundur St. Maríusson og Ingólfur Geir Gissurarson náðu þeim áfanga í vikunni.

3 konur

eru í hópi þeirra nú sem tóku við ráðherraembættum við stjórnarskipti.

90 metrar á sekúndu

mældist vindhraðinn í skýstrokknum sem gekk yfir bæinn Moore í Bandaríkjunum og kostaði á þriðja tug manna lífið.

265 SINNUM hafnaði knötturinn í markstöngum eða slám í ensku úrvalsdeildinni síðasta vetur.



131 bílaleiga hefur starfsleyfi hér á landi. Þær eru þó ekki allar í rekstri.



AÐGERÐ VIÐ LEIFSTÖÐ Ástand bílaleigubíla var yfirleitt gott.

FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍDRÍK

Bílar skoðaðir við Leifsstöð: **Mátu ástand 520 bifreiða**

UMFERÐARMÁL Alls voru 520 bílar stöðvaðir við Leifsstöð gær og ástandsskoðaðir í sérstakri aðgerð lögreglunnar til að stemma stígu við slæmu ástandi bílaleigubíla. Lögreglumenn heimsóttu einnig 20 bílaleigur til að kanna starfsleyfi og skráningar.

Skúli Jónsson, aðstoðaryfirlög-regluþjónn á Suðurnesjum, segir bílaleigubíla yfirleitt hafa verið í góðu ástandi. „Við tókum hins vegar nokkra almenna bíla í ástandsskoðun þar sem staða mála var hreint ekki jafn góð,“ segir Skúli.

- khn

Ný tillaga um Fossvoginn: **Gegnsæ göng í stað brúarinnar**

SAMGÖNGUR Meta á hvort hjóla- og göngutenging yfir Fossvog geti verið um gegnsæ og vatnsheld göng á botni vogsins.

„Siglingamenn og fleiri hafa lýst áhyggjum vegna veltengingar yfir Fossvog. Umhverfissjónarmið koma einnig til, einkum hvað varðar sjónmengun, en einnig vegna þess að hluti vogsins er friðaður. Mikilvægt er að allir fletir á málinu verði skoðaðir,“ segir í tillögu sem bæjarráð Kópavogs samþykkti.

- gar

Ný aðflugsljós við Ægisíðu nauðsynleg segir Jón Gnarr

Gísli Marteinn Baldursson segir áformuð lendingarljós við Ægisíðu rýra gildi útivistarsvæðis. Vont sé að hafa sterk ljós svo nærri íbúðahverfi. Öryggisatriði sem fylgir því að hafa flugvöll í miðbænum segir borgarstjóri.

REYKJAVÍK „Þarna á að fara að setja upp stór og ljót mannvirki, sem þar að auki eru með sterka lýsingu, á einni mestu útivistarperlu borgarinnar,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, um fyrirhuguð lendingarljós við Ægisíðu. Ljósín eru hluti af samkomulagi Reykjavíkurborgar og innanríkisráðuneytisins um Reykjavíkflugvöll sem gert var 19. apríl.

Fyrirhuguð er að setja ljósín, sem eru átta talsins, upp í sumar. Þau minnstu eru 2,25 metrar á hæð en þau stærstu 5,4 metrar. Þau verða meðal annars við göngustíginn sem er við Ægisíðu og nálægt byggð í Skerjagarðinum. Þau ná frá flugbrautarendanum og niður í fjöruborð Skerjafjarðar.

Í umsögn skipulagsstjóra borgarinnar um framkvæmdina segir að ljósín muni setja verulegan svip á núverandi svæði, sem fyrst og fremst sé nýtt til útivistar og afþreyingar.

„Einnig er umhugsunarvert að samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir því að ljósín komi til með að ná niður í fjöruborðið en skv. gildandi aðalskipulagi og drögum að endurskoðun þess fellur nær öll strönd Skerjafjarðar undir svokallaða hverfavernd,“ segir í umsögninni.

Jón Gnarr borgarstjóri segir ljósín vera nauðsynlegt öryggisatriði fyrir flugvöllinn. Þetta sé hluti af samkomulaginu við ríkið. „Það var verið að reyna að komast að samkomulagi sem sættir



NÝJU LENDINGARLJÓSin Hæstu ljósín eru 5,4 metra há og þau munu setja mikinn svip á útivistarsvæðið, að mati skipulagsstjóra borgarinnar.



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON



JÓN GNARR

FLUGVÖLLURINN FARI

Þeir Gísli Marteinn og Jón Gnarr eru sammála um að flugvöllurinn eigi að fara úr Vatnsmýrinni. Ekki hefur verið samkomulag um það á milli borgaryfirvald og ríkisins og í nýjum stjórnarsáttmála er talað um að flugvöllurinn eigi að vera í nánum tengslum við stjórnarsýsluna. Ekki er þó kveðið á um að hann eigi að vera þar sem hann er.

„Réttur sveitarfélags til að skipuleggja sitt land er tryggður í stjórnarskránni. Það gleymist nú ansi oft. Það er vilji sveitarfélagsins að reyna að nýta þarna byggingarland til framtíðar til að hægt sé að þetta byggð. Það er því miðað við að flugvöllurinn fari einhvern tímann,“ segir Jón Gnarr.

alla og líka með tilliti til öryggis-sjónarmiða,“ segir Jón.

„Þetta er hluti af því að vera með flugvöll í miðbænum. Við getum ekki bæði geymt kókuna og étið hana.“

Gísli Marteinn segir það hlutverk borgarfulltrúa að gæta að hagsmunum útivistarsvæðanna. Við hinn enda flugbrautarinnar eigi að fella niður tré í Öskjuhlíðinni, vegna flugs flugvéla.

„Ég er fyrst og fremst að standa vörð um útivistarsvæði borgarinnar, annars vegar Öskjuhlíðina og hins vegar Ægisíðuna,“ segir Gísli Marteinn.

kolbeinn@frettabladid.is



Við léttum þér lífið


Fastus ehf. býður upp á mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic. Sérhæft fagfólk á sviði endurhæfingar, hjúkrunar og hjálpartækja leggur metnað sinn í að finna lausnir og aðstoða við valið á réttu spelkunni fyrir þig.



Komið í verslun okkar að Síðumúla 16. Opíð mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



KÓLNAR Í VEÐRI Í dag má búast við skúrum sunnan- og vestantil en nokkuð björtu veðri NA- og A-lands. Á morgun snýst vindur í NA-átt en það verður heldur þungbúið næstu daga og litlar líkur á sólarglennu, nema helst í dag.

| | | | | | |
|--------------|---------------|---------------------|----------------|--------------|-------------------|
| Alicante 21° | Berlín 11° | Friedrichshafen 15° | Las Palmas 22° | New York 13° | París 14° |
| Apæna 28° | Billund 18° | Gautaborg 21° | London 15° | Orlando 28° | San Francisco 19° |
| Basel 15° | Frankfurt 15° | Kaupmannahöfn 21° | Mallorca 20° | Ósló 23° | Stokkhólmur 19° |

Mánudagur
Víða 8-15 m/s.

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður



STOFNUN ÁRSINS 2013

SFR - stéttarfélag í almannajónustu kynnir niðurstöður úr könnuninni um Stofnun ársins 2013. Könnunin er nú gerð í áttunda sinn en hún byggir á svörum 10.000 opinberra starfsmanna. Valdar eru fyrirmyndarstofnanir úr flokki stærri, meðalstórra og minni stofnana auk hástökkvara, en þann titil hlýtur sú stofnun sem hækkar sig um flest sæti á milli ára.



Stórar stofnanir

1. Sérstakur saksóknari
2. Umferðarstofa
3. Lyfjastofnun
4. Ríkisskattstjóri
5. Sjálfsbjargarheimilið

Meðalstórar stofnanir

1. Landmælingar Íslands
2. Skipulagsstofnun
3. Einkaleyfastofa

Litlar stofnanir

1. Sýslumaðurinn á Siglufirði
2. Héraðsdómur Suðurlands
3. Hljóðbókasafnið

Hástökkvari ársins

Próunarsamvinnustofnun Íslands

SFR – stéttarfélag í almannajónustu óskar sigurvegurinum hjartanlega til hamingju og þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Ítarlegri upplýsingar er hægt að fá á vef SFR www.sfr.is



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU

Pverbraut reglur og missti meðvitund við köfun í gjána Silfru á Þingvöllum: Kafari án sýrefnis sökk til botns

LÖGREGLUMÁL Tveir íslenskir kafarar björguðu í gær lífi norsks manns sem missti meðvitund er hann kafaði án sýrefnis í gjána Silfru á Þingvöllum.

Íslendingarnir voru þeir einu, auk Norðmannsins, sem voru við köfun í Silfru þegar atburðurinn varð um klukkan hálfíttíu í gær. Sá norški, sem fæddur er árið 1969, kafaði í blautgalla og hafði sökkur bundnar um sig í svokallaðri friköfun.

Hinir kafararnir sáu manninn sökkva meðvitundarlausan til botns

í hlyðýpi gjárinnar og brugðust þá skjótt við og komu honum helbláum upp á bakkann þar sem þeim tókst að lífga hann við. Sjúkrabíll kom á staðinn.

„Eftir að hafa litið á kafarann vildu sjúkraflutningamennirnir eðlilega flytja manninn en hann afþakkaði alla frekari aðstoð þrátt fyrir að reynt hafi verið að sannfæra hann um annað. Þegar menn eru hnoðaðir í gang fylgja því kvillar sem læknavísindin telja að þurfi að skoða betur. En hann var ekki

á því þessi heldur fór af vettvangi með félögum sínum,“ segir Ingvar Guðmundsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Selfossi.

„Mér sýnist í fljótu bragði að þessi maður hafi brotið reglur með því að kafa einn og með því að tilkynna sig ekki,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður. Málið verði yfirfarið vandlega. „Það var hrein guðs mildi að þessir tveir menn voru fyrir tilviljun staddir nálægt og björguðu manningum.“

-gar



FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍDRÍK

SLYS Í SILFRU Guðs mildi og tilviljun að ekki fór verr segir þjóðgarðsvörður. Tvö banaslys hafa orðið í Silfru frá því sumarið 2010.

Nýtt skart í Aurum

ERLING JÓHANNESSON
gullsmiður

Verið velkomin í Aurum og kynnið ykkur nýja skartgripi frá Erling Jóhannessyni gullsmiði.

Í versluninni má einnig finna mikið magn af nýjum vörum

aurum

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | www.aurum.is



TENGIST MORDINU Viðbúnaðurinn við Stansted-flugvöll í gær og lokun M6-hraðbrautarinnar eru tengd morðinu á hermanninum Lee Rigby á miðvikudag. Fjölskylda hans ræddi við fjölmiðla í herstöð í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Óttuðust sprengju um borð í flugvél

Flugvél á leið frá Pakistan til Manchester var látin lenda á Stansted-flugvelli í gær. Tveir menn voru handteknir en engin merki um hryðjuverk fundust. Þá var hraðbraut lokað um stund vegna sprengjuótta. Mikil öryggisgæsla er um allt Bretland.

BRETLAND, AP Tveir menn voru handteknir um borð í flugvél á Stansted-flugvelli við London í gær, eftir að tilkynnt hafði verið um ógn við farþega í vél sem var á leið frá Lahore í Pakistan til Manchester í Englandi.

297 farþegar voru um borð í vélinni. Þegar flugmenn hennar höfðu tilkynnt að ógn stæðjaði að farþegum vélarinnar voru orrustuþotur frá flughernum sendar í loftið og þær fylgdu vélinni til landingar á Stansted. Í kjölfarið voru mennirnir tveir handteknir og leiddir út úr vélinni. Þeir voru yfirheyrðir í gærkvöldi, en þeir eru báðir breskir ríkisborgarar. Að sögn pakistanskra embættismanna sem fjölmiðlar ræddu við í gær höfðu

mennirnir tveir hótad að „eyðleggja flugvélin“ eftir að hafa rifist við flugþjóna.

Nauman Rizvi, farþegi um borð í vélinni, sagði að mennirnir hefðu reynt að nálgast flugstjórnarkleffann. Þeir voru handjarnaðir í vélinni og þegar þeir höfðu verið fjarlægðir við landingu fengu farþegar að vita að hótun um hryðjuverk hefði borist. Að sögn annarra farþega var talað um að sprengiefni væru um borð. Enn aðrir greindu frá því að mennirnir tveir hefðu rifist sín á milli og þess vegna hefði þurft að handtaka þá. Flugvélin var rannsökuð í gær og ekki höfðu fundist neinar vísbendingar um sprengiefni eða hryðjuverk í gærkvöldi.

Viðbrögð við málinu má tengja

við morð sem framið var í London í vikunni, þegar tveir menn myrtu hermann með kjötöxum. Morðið er sagt hryðjuverkaárás og öryggisgæsla hefur verið hert vegna þess um allt landið.

M6-hraðbrautinni var einnig lokað í báðar áttir í nágrenni Coventry um stund í gær vegna fregna um grunsamlegan sendiferðabíl sem sagður var innihalda sprengju. Bílnum hafði verið lagt við bensinstöð og tveir menn voru sagðir haga sér grunsamlega. Lögregla og herlið komu á staðinn. Ekki reyndist sprengja í bílnum að sögn lögreglu. „Atvikið er nú rannsakad sem umfangsmikill eldsneytisþjófnadur,“ sagði lögregla í gær.

thorunn@frettabladid.is

Fyrsti fundur nýrrar ríkisstjórnar var haldinn í gærmorgun:

Ráðherranefnd um skuldamál

STJÓRN MÁL Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hélt fyrsta ríkisstjórnarfund sinn í gærmorgun.

Á fundinum var ákveðið að skipa sérstaka ráðherranefnd um úrlausnir í skuldamálum heimilanna. Einnig var skipuð sérfræðinefnd um afnám verðtryggingar á neytendalánum og endurskipulagningu húsnæðismarkaðarins.

Sérfræðinefndin á að skila tillögum til ráðherranefndarinnar fyrir lok árs. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra skipa ráðherranefndina.

-þeb



RÍKISSTJÓRN Farið var yfir ýmis mál á fyrsta fundi nýrrar ríkisstjórnar í gær. Meðal annars var skipuð nefnd fjögurra ráðherra um skuldamál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SUMARTILBOÐ

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR!

TILVALIÐ Í SUMARBÚSTAÐINN

KR: 89.910-
FAGOR UPPVOTTAVÉL
BREIÐ: 40CM

KR: 82.555-
ELDAVÉL ES2166AW
BREIÐ: 50 CM

KR: 84.126 -
KJÓLSKÁPUR RB4092AW
HÉIÐ: 85 CM

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA
SÖLURÁÐGJAFAR RÖNNING

RÖNNING

Reykjavík • Skútvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnigata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020

5 ÁRA ÁBYRGÐ



ERT ÞÚ AÐ KAUPA EÐA ENDURFJÁRMAGNA?

Arion banki býður nú tvær nýjar tegundir óverðtryggðra íbúðalána til fasteignakaupa eða endurfjármögnunar, til viðbótar við aðra kosti sem bjóðast hjá bankanum.

- ▶ Óverðtryggt íbúðalán með stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu álagi bankans.
- ▶ Óverðtryggt íbúðalán með föstum vöxtum til þriggja ára.

Óverðtryggt lán henta þeim sem vilja hraðari eignamyndun og hafa rýmri greiðslugetu.

Hafðu samband við fjármálaráðgjafa í næsta útibúi Arion banka eða á arionbanki.is til að fá nánari upplýsingar og aðstoð við að meta hvaða leið hentar þér best.

Nýtt menntasvið hjá SA: Þorgerður Katrín ráðin til SA

ATVINNULÍF Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, hefur verið ráðin forstöðumaður nýs mennta- og nýsköpunarsviðs Samtaka atvinnulífsins. Stofnun mennta- og nýsköpunarsviðs er liður í aukinni áherslu SA á menntamál og nýsköpun.

**ÞORGERÐUR
KATRÍN
GUNNARSDÓTTIR**

Það er mat Þorsteins Víglundssonar, framkvæmdastjóra SA, að mikill fengur sé fyrir samtökin að fá Þorgerði til liðs við sig enda sé þekking hennar á sviði menntamála víðtæk. Þorgerður segir að efling menntunar sé tvímælalaust liður í að tryggja undirstöður bæði atvinnulífs og samfélags til lengri og skemmi tíma.

Eldur í verksmiðjuhúsnæði: Lögreglan leitar brennuvargs

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum leitar brennuvargs sem grunaður er um íkveikju þegar eldur kom upp í vinnusal í Bláfells ehf. á þriðjudag. Í tilkynningu frá lögreglu segir að ummerki bendi til innbrots og íkveikju og að notaður hafi verið eldfimur vökvi til að kveikja í. Mikill reykur var í húsnæðinu en úðakerfi hafði slökkt eldinn að mestu. Málið er í rannsókn.

Pyntinganefnd gagnrýnir skort á atvikaskráningum

Evrópuráðsnefnd gegn pyntingum gerir athugasemdir við að alvarleg atvik innan fangelsanna séu ekki tilkynnt til viðeigandi stofnana. Engar opinberar skráningar um ofbeldi á meðal fanga, þrátt fyrir fjölda tilfella.

FANGELSISMÁL Evrópuráðsnefnd gegn pyntingum gagnrýnir meðal annars að ekki hafi verið ákveðið að tilkynna alvarlegt atvik sem nýlega kom upp í fangelsinu á Akureyri til viðeigandi stofnunar. Þá ógnaði fangi samfanga sínum með hnífi. Þetta kemur fram í drögum að skýrslu nefndarinnar, sem var hér á ferð í september á síðasta ári. Skýrslan er nú í umsagnarferli hjá íslenskum yfirvöldum. Nefndin gerði úttekt hjá lögreglunni á geðdeildum og fangelsum hér á landi.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að þar sem fanginn hafi ekki slasast hafi fangelsismálayfirvöld á Akureyri ekki aðhafst sérstaklega í málinu að öðru leyti en því að bjóða fórnarlambinu að leggja fram kæru.

Nefndin gagnrýnir þetta verklag og segir að tilkynna beri öll alvarleg atvik um ofbeldi á milli fanga til viðeigandi yfirvalda.

Engar skráningar eru heldur til um atvik sem nefndin lítur alvarlegum augum. Þá var fangi á Litla-Hrauni í fyrra festur á grúfu á planka með hendur fyrir aftan bak í um tvo klukkutíma. Þar segir að fanganum hafi hugsanlega stafað hætta af meðferðinni, sér í lagi þar sem hann er að sögn asmaveikur. Nefndin



LITLA-HRAUN Pyntinganefnd Evrópuráðs setur út á ýmis atriði er varða fangelsi á Íslandi í drögum að skýrslu nefndarinnar sem var gerð hér á landi síðastliðið ár.

fer fram á tafarlausa rannsókn á atvikinu.

Jafnframt kemur fram að hjúkrunarfræðingar sem starfa á Litla-Hrauni tilkynni ekki sérstaklega eða skrái þegar fangi leiti til þeirra eftir ofbeldi samfanga. Hafi hjúkrunarfræðingar tjáð nefndinni að þeir yrðu varir við áverka á fongum eftir aðra

fangu að meðaltali einu sinni í viku. Nefndin gagnrýnir að þrátt fyrir þessa vitneskju sé ofbeldið hvorki tilkynnt á viðeigandi staði né skráð í atvikaskrá, heldur einungis skráð í sjúkraskrá viðkomandi einstaklings.

Nefndin vill að verkferlar varðandi atvikaskráningar á Litla-hrauni verði endurskoðaðir og

það tryggt að hvenær sem heilbrigðisstarfsfólk verði vitni að áverkum sé það tilkynnt til viðeigandi yfirvalda. Einnig vill nefndin að komið verði á fót miðstýrðri skráningu svo betur hægt sé að fylgjast með ástandi innan fangelsisins og koma í veg fyrir frekara ofbeldi.

hanna@frettabladid.is

VEISTU HVORT ÞÚ ERT MED OF HÁAN BLÓÐÞRÝSTING?

Ef ekki, komdu á opið hús og fáðu fría mælingu. Hjartaheill býður þér fría mælingu á blóðsykri, blóðþrýstingi, blóðfitu og súrefnismettun. Það getur breytt öllu fyrir þig að bregðast við í tíma.

Opið laugardag 25. maí og sunnudag 26. maí frá kl. 11 – 15 í SÍBS-húsinu Síðumúla 6.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Rio Tinto Alcan

Viltu læra að tína og nota íslenskar lækningajurtir?

Ásdís Ragna, Grasalæknir, heldur fróðlegt námskeið, mánudaginn 27. maí, kl. 18:30 - 20:30

Vegleg námsgögn fylgja ásamt fjölda uppskrifta að jurtate og jurtaseyði fyrir hinum ýmsum kvillum.

Námskeiðið fer fram í Lifandi markaði Borgartúni 24. Nánari upplýsingar á www.lifandimarkadur.is

Verð: 4.900 kr

Borgartún ☞ Fákafen ☞ Hæðasmári
www.lifandimarkadur.is

**LIFANDI
MARKAÐUR**



FUNDUR Í JERÚSALEM John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fundaði með Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, í Jerúsalem.

John Kerry um Ísrael og friðarferlið:

Landtökur þarf að stöðva strax

ÍSRAEL, AP John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hvatti stjórnvöld Ísraels í gær til þess að stöðva uppbyggingu landtökumanna á hernum svæðum í Palestínu til að glæða vonir um frið fyrir botni Miðjarðarhafs.

Í heimsókn sinni hitti Kerry bæði Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Salam Fajad, fráfandi forsætisráðherra Palestínu, í von um að friðarferlið kæmist aftur á skrið eftir hátt í fimm ára kyrrstöðu.

Kerry undirstrikaði stuðning Bandaríkjanna við það sjónarmið Ísraels að friðarviðræður hefjist án ákveðinna skilyrða. Deilan um landnámið má ekki, að sögn Kerrys, standa í vegi fyrir því að loks verði hægt að binda enda

Staða Bandaríkjanna varðandi landnámið er skýr og óbreytt. Það ætti að stöðva.


John Kerry
utanríkisráðherra Bandaríkjanna

á ófriðinn með skýrum landa-
mærum.

„Staða Bandaríkjanna varðandi landnámið er skýr og óbreytt. Það ætti að stöðva,“ sagði Kerry og sagði þá skoðun vera í samræmi við kröfur alþjóðasamfélagsins.

Kerry sagði að framhaldið væri í höndum leiðtoga Ísraels og Palestínu. „Við erum að koma að þeim tímamarki þegar verður að horfast í augu við erfiðar ákvarðanir.“

Sumt verður ekki metið til fjár



Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2013

Púsundir starfsmanna tóku þátt í stærstu vinnumarkaðskönnun landsins og hlutu alls 30 fyrirtæki nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2013**. Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum mældust afar vel og óskum við þeim innilega til hamingju. Kynntu þér niðurstöðurnar í heild á www.vr.is.

Stór fyrirtæki

1. Johan Rönnung
2. Nova
3. Logos
4. TM Software
5. Securitas
6. Efla
7. Icepharma
8. Öryggismiðstöð Íslands
9. Mannvit
10. CCP

Meðalstór fyrirtæki

1. Miracle
2. Sjónlag
3. Sensa
4. Hreyfill svf.
5. Árnason Faktor
6. Íslensk getspá sf.
7. Fastus
8. Fálkinn
9. Rafnar
10. Hugsmiðjan

Lítill fyrirtæki

1. Vinnuföt
2. Sigurborg
3. Skattur og bókhald
4. Beiersdorf
5. Microsoft Ísland
6. Birtingahúsið
7. Bókhald og uppgjör
8. Spölur
9. BDO
10. GlaxoSmithKline

Nýjung á fjármálamarkaði: Arion bætir við tveimur lánnum

VIÐSKIPTI Arion banki hefur bætt við lánaframboð sitt tveimur nýjum tegundum óverðtryggðra íbúðalána til fasteignakaupa eða endurfjármögnunar.

Annars vegar er um að ræða óverðtryggð íbúðalán byggð á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu 0,95 prósentu álagi sem í dag bærir 6,95 prósentu breytilega vexti. „Hins vegar er um að ræða óverðtryggð íbúðalán með föstum vöxtum til þriggja ára,“ segir í tilkynningu Arion banka.

- óká

ESA telur að ríkinu hafi verið óheimilt að banna alfarið veitingu gengistryggðra lána í krónum: Bankar gætu átt skaðabótakröfu á ríkið

DÓMSMÁL Álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að stjórnvöldum hafi verið óheimilt að banna alfarið veitingu gengistryggðra lána í krónum vekur spurningar um bótaábyrgð ríkisins gagnvart innlendum fjármálastofnunum.

Þetta segir Tómas Hrafn Sveinsson, héraðsdómslögmaður hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur og kennari í skaðabótarétti við lagadeild Háskóla Íslands. „Þessi niðurstaða ESA kemur ekki sérstaklega á óvart en hún veldur því að maður sér fyrir

sér að bankar sem orðið hafa fyrir tapi af því að endurreikna gengistryggð lán í krónum fari að skoða rétt sinn,“ segir Tómas.

Tómas segir að þá þurfi fjármálafyrirtæki að kanna hvort tap þeirra vegna endurreikninga á tilteknum lánnum uppfylli viss skilyrði sem verða að vera fyrir hendi svo ríkið geti borið skaðabótaábyrgð. „Skaðabótaábyrgð kemur aðeins til ef fyrir liggur brot á skuldbindingum íslenska ríkisins gagnvart EES-samningnum. Þá þarf brotið

að vera alvarlegt og það verður að beinast að tiltekinni reglu sem veitir, í þessu tilviki fjármálafyrirtæki, ákveðinn rétt. Loks verður að vera orsakasambandi milli brots ríkisins á skyldu sinni og tjónsins sem fjármálafyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir,“ segir Tómas.

ESA gaf á fimmtudag út rökstutt álit þess efnis að íslenskum stjórnvöldum hafi verið óheimilt samkvæmt EES-samningnum að banna með öllu veitingu gengistryggðra lána í krónum. Þá kallaði ESA eftir



Þessi niðurstaða kemur kannski ekki sérstaklega á óvart.

Tómas Hrafn Sveinsson, héraðsdómslögmaður

því að stjórnvöld myndu bregðast við álitinu ella yrði farið með málið fyrir EFTA-dómstólinn.

- mþi

MEIRA Á URVALUTSYN.IS

FLOGIÐ 2X Í VIKU Í ALLT SUMAR!

COSTA BRAVA

7 NÆTUR

FRÁ: **92.716 KR.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi og morgunverði á Hótel Costa Encantada. Verð á mann frá 120.930 kr. m.v. 2 fullorðna. Brottför er 3. júní (ath. flogið er í gegnum London á útleið).



KOMIÐ TIL HAFNAR Í REYKJAVÍK Í stefnuvörðslu ríkisstjórnarinnar segir að lög um sérstaka veiðigjaldið verði endurskoðuð og frekar horft til afkomu einstakra fyrirækja í stað sjávarútvegsins í heild, eins og lagabókstafurinn kveður á um í dag.

Sjávarútvegsteymi Íslandsbanka leggur mat á stefnu nýrrar ríkisstjórnar:

Rennir stoðum undir sjávarútveg

SJÁVARÚTVEGUR Rúnar Jónsson, forstöðumaður sjávarútvegsteymis Íslandsbanka, segir að miðað við sjávarútvegskafila stefnuvörðslu ríkisstjórnarinnar virðist vera lögd áhersla á að gera greinina arðbærari og stuðla að meiri verðmætasköpun. Ljóst sé að byggt verði áfram á aflamarkskerfinu þannig að engar meiriháttar breytingar verði frá núverandi kerfi.

„Það er jákvætt að stefnt verði að því að gera sjávarútveginn að meira aðlaðandi vinnuumhverfi sem vonandi mun stuðla að ákveðinni nýliðun á greininni. Eins er það mikilvægt að greininni verði gert kleift að skila ásættanlegri arðsemi til eigenda til þess að laða að fjárfesta. Það má jafnframt draga þá ályktun

ad með því að leggja áherslu á auknar nýfjárfestingar og vörubrúun séu einnig meiri líkur á að íslenskur sjávarútvegur verði áfram í fremstu röð,“ segir Rúnar.

Í stefnuvörðslu ríkisstjórnarinnar segir að lög um sérstaka veiðigjaldið verði endurskoðuð og frekar horft til afkomu einstakra fyrirækja í stað sjávarútvegsins í heild, eins og lagabókstafurinn kveður á um í dag. Rúnar segir að Íslandsbanki hafi lagt áherslu á að gæta verði sanngirni þegar kemur að álagningu sérstaks veiðigjalds og því telji bankinn þetta skref í rétta átt. „Þá telur bankinn það jákvætt að lagt sé upp með að vinna áfram með tillögu sáttanefndar, enda var búið að vinna þær tillögur með



RÚNAR JÓNSSON Telur margt jákvætt í stefnuvörðslu ríkisstjórnarinnar.

MYND/ÍSLANDBANKI

fjöldi hagsmunaaðila innan greinarinnar. Við eigum hins vegar eftir að sjá hvernig endanlegar tillögur stjórnarflokkanna líta út og munum fara betur yfir þetta þegar að því kemur,“ segir Rúnar.

- shá

Einnota vörur fyrir veisluna.

Mikið úrval. Vistvæn mál,
bakkar, diskar, hnífar o.fl.

PIFANTWA • SIA • 131559

Verð frá
779 kr.

Pappadiskar einnota, 23 cm, 100 stk. í pakka - Verð: 779 kr.

Hampi pálmadiskur, 310x180 mm, 25 stk. í pakka - Verð: 2.529 kr.

REKSTRARLAND

Rekstrarland | Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000

ADRIA ALINER

SÝNING Á FERÐATÆKJUM

SÖLUMENN
Í SAMNINGA-
STUÐI!

Heitt á könnunni

ALLT AÐ
75%
FJÁRMÖGNUN

Ferðatækin frá Ellingsen eru þaulreynd við íslenskar aðstæður og ánægðir viðskiptavinir okkar eru til vitnis um ágæti þeirra. Ferðalög sumarsins hefjast í Ellingsen.

PIPA/TBWA • SA • 131183

ADRIA ADORA 472 LU
Eigin þyngd: 1.075 kg
Truma miðstöð.



VERÐ 4.350.000 KR.

ADRIA ADORA 462 PU
Eigin þyngd: 1.040 kg
Truma miðstöð.



VERÐ 4.300.000 KR.

ADRIA ADORA 512 UP
Eigin þyngd: 1.145 kg
Truma miðstöð.



VERÐ 4.490.000 KR.

ADRIA ACTION 361 PD
Eigin þyngd: 740 kg
Truma miðstöð.



VERÐ 3.890.000 KR.

ADRIA ALPINA 663 UK
Eigin þyngd: 1.660 kg
Alde miðstöðvarkerfi með gólfhita.




VERÐ 5.990.000 KR.

ADRIA ALPINA 563 LU
Eigin þyngd: 1.560 kg
Alde miðstöðvarkerfi með gólfhita.




VERÐ 5.750.000 KR.

ALINER CLASSIC
Eigin þyngd: 750 kg
Lengd: 457 cm



VERÐ 2.980.000 KR.

ALINER EXPEDITION
Eigin þyngd: 952 kg
Lengd: 548 cm



VERÐ 3.490.000 KR.

ADRIA

Í 45 ár hefur Adria framleitt heimili á hjólum og lagt jafna áherslu á hönnun og þægindi. Farartækin eru í hæsta gæðaflokki, búið öllum helstu tækninýjungum og þrautreynd við íslenskar aðstæður. Adria var valið hjólhýsi ársins 2011 í Danmörku.



ALINER

**ALINER CLASSIC OG EXPEDITION
TITANIUM A-HÝSI**

Sameina kosti fellihýsa þegar kemur að geymslu eða drætti og þægindi hjólhýsa hvað varðar aðbúnað og innréttingar.



ÖLL A-HÝSIN ERU
GALVANÍSERUÐ!



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Byggingararfleifðin kemst í stjórnarsáttmála:

Húsverndar-ráðherrann

Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er afdráttarlaus kaflinn um húsvernd, áreiðanlega sá fyrsti sem ratar inn í stjórnarsáttmála hér á landi.

Kaflinn er svona: „Ríkisstjórnin telur mikilvægt að fegra hið manngerða umhverfi, borgir og bæi. Sett verða lög um sérstök verndarsvæði í byggð í samræmi við það sem tíðkast víða í Evrópu og Norður-Ameríku. Markmiðið er að vernda sögulega byggð. Þannig verði framkvæmdir til þess fallnar að styrkja heildarmynd svæðis sem nýtur verndar til samræmis við upprunaleg einkenni þess og auka þannig á menningarlegan styrk þess og aðdráttarafli.“

Það fer ekkert á milli mála hver er höfundur þessa texta. Hann er nánast samhljóða samþykkt skipulagsráðs Reykjavíkur vorið 2010 um að gera skyldi miðborg Reykjavíkur að sérstöku verndarsvæði. Flutningsmaður tillögunnar var Sigmundur

Davíð Gunnlaugsson, þáverandi fulltrúi Framsóknarflokksins í skipulagsráði. Þessi breyting á aðalskipulagi átti að taka gildi 18. ágúst 2010 og var vísað til meðferðar hjá embætti skipulagsstjóra borgarinnar. Þar var henni stungið undir stól og hefur ekki meira til hennar spurzt.

Aumingjaskap borgarstjórnar Reykjavíkur við að vernda byggingararfleifð gömlu miðborgarinnar er enda við brugðið. Gömul, falleg og sögufræg hús hafa verið flutt í Árbæjarsafn og búið til úr þeim afkáralegt gervihorpi þannig að koma mætti yfirmáta ljótum nýbyggingum fyrir á lóðunum. Öðrum húsum hefur verið leyft að grotna niður þangað til þau eru orðin dópbæli og brunagildir og allir eru dauðfegnir þegar einhver verktakinn sem hefur keypt lóðirnar býðst til að rífa draslið og byggja nýtt úr stáli og gleri.

Í því skyni að „efla miðborgina“ er samþykkt allt of mikið byggingarmagn á lóðum og jafnvel þegar borgaryfirvöld átta sig á að það voru mistök þeir enginn að höggva á hnúttinn og vinda ofan af skipulagsklúðrinu vegna bótaréttar verktakanna.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur talað bæði af viti og ástríðu fyrir mikilvægi þess að vernda gömlu miðborgina og gamla byggðakjarna í fleiri bæjum. Hann hefur bent á reynsluna frá borgum erlendis, þar sem verndarsvæði eins og þau sem kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum skapa aðdráttarafli fyrir borgina alla, auka lífsgæði borgarbúa og laða að sér íbúa, fyrirtæki og ferðamenn.

Nú er ástríðu-húsverndarmaðurinn Sigmundur Davíð kominn í aðstöðu til að hrinda þessu baráttumáli sínu í framkvæmd. Borgaryfirvöld í Reykjavík eiga að fagna þessum öflugra bandamanni og vinna með honum að því að snúa af braut Kringlu- og Smáralindarvæðingar miðbæjarins.

Það er með verndarsvæði byggingararfleifðarinnar eins og hvítvínið með humrinum á sunnudögum; þetta er ekki endilega það mál sem er efst á forgangslista nýrrar ríkisstjórnar en þetta er gott mál, horfir til frambara og á alveg klárlega að komast í framkvæmd.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

living with style



Sumarið er komið

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
lau. 10-18, sun. 12-18, mán. - fös. 11-18:30

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Ríkisstjórn nýrrar kynslóðar

Méð nýrri ríkisstjórn verða pólitísk umskipti og landsstjórnin fær nýtt yfirbragð. Um leið verða afgerandi straumhvörf þegar ný kynslóð stjórnmalamanna stormar inn í Stjórnarráðið.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er yngsti forsætisráðherra lýðveldisins. Fyrir hálfu ári var hann enn í vörn með Framsóknarflokkinn. Honum lánaðist hins vegar á örfáum vikum að skapa sér og flokki sínum þá stöðu að óumdeilt væri að hann tæki við þessu vandasama hlutverki. Menn geta deilt um pólitík hans en enginn getur frá honum tekið að hann bjó þessa óvenjulega sterku stöðu til sjálfur.

Bjarni Benediktsson, fjármála-



og efnahagsráðherra, var í vörn innan Sjálfstæðisflokksins þó að hann hafi fram að landsfundum í febrúar verið langt kominn með að endurheimta fyrra fylgi. Tveimur vikum fyrir kosningar tókst honum hins vegar að ná þeim undirtökum og ávinna sér það traust að forysta hans sýnist nú vera óskoruð. Um leið hefur hann tryggt jöfn áhrif við forystuflokk ríkisstjórnarinnar.

Þannig eiga forystumenn beggja stjórnarflokka þá sammerkt að hafa snúið vörn í sókn á

punktinum, annar út á við en hinn inn á við. Báðir eru því í sterkri stöðu til að geta sameiginlega snúið vörn landsins í sókn. Það eru þau umskipti sem flestir binda vonir við að þessi ríkisstjórn nýrrar kynslóðar valdi. Andrúmsloftið er með henni.

Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt almennt orðalag stjórnarsáttmálans um markmið, athuganir og skoðanir án afgerandi loforða. Á þetta má horfa frá öðru sjónarhorni. Í ljósi almennra hagsmuna þjóðarbúsins og áhættusamra loforða í kosningabaráttunni er það fremur styrkur en veikleiki að leiðtogar ríkisstjórnarinnar sýni þá ábyrgð að binda ekki myllusteina um háls sér í sáttmálanum.

Efnahagsáætlun í tímaþröng

Þó að stjórnarsáttmálin sé ekki skuldbindandi hafa stjórnarflokkarnir eigi að síður vakið vonir sem þeir verða að rísa undir. Á tveimur sviðum hefur ríkisstjórnin aðeins tíma til haustsins til að sýna að hún sé fær um að varðveita það ótvíræða traust sem hún nýtur.

Annað er loforðið um endurgreiðslu á verðbótum húsnæðislána. Hún þarf að vera afgerandi. En enginn getur ætlast til fullra efnda eins og þeim var lýst

við kosningabaráttunni. Hitt skiptir meira máli að í einu og öllu verði staðið við loforðið um að kostnaðurinn falli ekki á almenning, hvorki í gegnum skatta né verðbólgu.

Í stjórnarsáttmálanum er sagt að leysa megj úr því máli með stofnun sérstaks sjóðs. Án frekari útskýringa gæti það þýtt að almenningur borgi brúsum eftir leiðum seðlaþrentunar og verðbólgu. Það væru svik.

Hitt snýr að þýðingarmesta fyrirheitunum um víðtækt samráð

við vinnuarkaðinn til að tryggja stöðugleika og hagvöxt. Sama dag og formenn stjórnarflokka undirrituðu formlega nýjan ríkisstjórnarsáttmála lýstu Samtök atvinnulífsins yfir því að skynsamlegast væri að gera skammtíma kjarasamninga vegna óvissu í efnahagsmálum. Þetta er örugglega ekki hugsað sem vantraust en felur þó í sér sterkustu aðvörun úr þessari átt sem beint hefur verið til nýrrar stjórnar. Þeirri óvissu þarf að eyða fyrir haustið.

Vigtin í utanríkismálum til Bessastaða

Að því er varðar aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið liggur beint við að skilja sáttmálann svo að hléið sem nú stendur verði framleitt þar til þjóðin tekur ákvörðun. Með því móti yrði dyrum ekki endanlega lokað og samstarfið við vinnuarkaðinn auðveldað. Í ljósi aðstæðna þarf þetta ekki að vera óskynsamlegt.

Hitt er þó ekki út í hött að líta svo á að í reynd hafi ákvörðun um að hætta viðræðunum aðeins verið pakkad inn í silki. Þar með er dyrunum lokað. Þetta er skilningur

margra í nánd við hjörtu stjórnarflokka. Líklega er hann nær réttu lagi.

Þó að engar afgerandi breytingar á utanríkisstefnunni séu berum orðum boðaðar liggja þær í loftinu án þess að djúp umræða eða fræðileg greining búi þar að baki.

Í stjórnarsáttmálanum er ekki minnst á varnarsáttmála landsins. En þar er skýrt tekið fram að ný skref í viðskipta- og efnahagssamvinnu eigi að stíga með tengslamyndun við einstök ríki í Asíu og Suður-Ameríku. Í meira en 60 ár hafa ný skref á þessum

sviðum verið stigin með aukinni samvinnu við bandalagsþjóðir í Evrópu og Norður-Ameríku. Sú samvinna hefur síðan verið stökkpallur í mikilvægri sókn inn á aðra markaði.

Þá ályktun má því draga að verið sé að hverfa frá þeim grunni utanríkisstefnunnar sem forystumenn Sjálfstæðisflokksins mótuðu á sinni tíð. Í staðinn er farið nær þeirri línu sem núverandi forseti Íslands hefur lagt með ríkari áherslu á Kína en vestræn ríki og tvíhliða tengsl fremur en þátttöku í bandalögum.

Ný tónlist



KK og Maggi Eiríks
með frábæra plötu
með mörgum af
sínnum eftirlætis
sjómannaögum.



KR. 2.799



KR. 2.799

Stormurinn, ný
plata frá Bubba



AET - Morgunblaðið



2CD

KR. 2.999

Öll lögin úr Eurovision
keppinni 2013



2CD

KR. 2.999

Vinsælasta
tónlistin í dag

ELDHÚS- OG BARSTÓLAR

ANDREW
BORÐSTOFUSTÓLL

17.990

FULLT VERÐ: 19.990

Svart,
hvítt og
brúnt
leður.



DALLAS
BARSTÓLL

19.990

FULLT VERÐ: 23.990

Svart og hvítt
leður á króm-
fæti.



DUMBLING
BARSTÓLL

13.990

FULLT VERÐ: 15.990

Svart, hvítt og
rautt leður á
krómfæti.



PLUMP
BARSTÓLL

15.990

FULLT VERÐ: 19.990

Svart, hvítur og
silfur leður á
krómfæti.



HÖLLIN – ALLTAF EITTHVAÐ



Stærð: 330X265 H: 78 cm.

Umbria sófarnir eru til í ótal útfærslum.
2ja og 3ja sæta, hornsófar og með eða án
tungu. Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

AÐEINS
21.902
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

CHARLIETOWN
3JA SÆTA SÓFI

249.990

FULLT VERÐ: 299.990



Stærð: 220x85 H: 75 cm. Litur brúnn. Bycast leður. Fæst einnig 2ja sæta.

AÐEINS
30.352
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

OREGON
HORNSÓFI

349.990

FULLT VERÐ: 399.990



Pokagormar í sessum. Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 244x287 H: 86 cm. Slitsterkt grátt áklæði.

AÐEINS
18.452
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

COSMO
HORNSÓFI

199.990

FULLT VERÐ: 269.990



Stærð 278 x 250 x H: 86 cm.
Svart Bonded leður á slitflötum.

NÝTT OG SPENNANDI!

ÁBÆR HELGARTILBOÐ OPIÐ ALLA HELGINA



ÁÐEINS
32.077
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalauslán
3,5% lántökugj.

UMBRIA
HORN-TUNGUSÓFI

369.990

FULLT VERÐ: 419.990

ÁÐEINS
19.139
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalauslán
3,5% lántökugj.

DURANGO
HORN-TUNGUSÓFI

219.990

FULLT VERÐ: 269.990



Stærð: 273x199 H81,5 cm cm. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrætt slitsterkt áklæði.



Pokagormar í sessum. Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 240x153 H:85 cm. Slitsterkt dökkgrátt áklæði.

ÁÐEINS
14.827
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalauslán
3,5% lántökugj.

OREGON
TUNGUSÓFI

169.990

FULLT VERÐ: 199.990

KENYA
HÆGINDASTÓLL

39.990

FULLT VERÐ: 49.990



Litir: Fjólublátt,
rautt og dökk
grátt slitsterkt
áklæði.
Einnig
fáanlegur í
svörtu leðri.

NÝJAR VÖRUR FRÁ SÖDAHL



SÆNGURFÖT




DÚKAR

LÍF OG FJÖR Á husgagnahollin.is

og með vinum okkar á [facebook](https://www.facebook.com/husgagnahollin)

BAÐVÖRUR





OG PÚÐARNIR VINSÆLU



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

0% VEXTIR - Husgagnahöllin býður upp á vaxtalauslán til allt að 12 mánaða  

UMMÆLI VIKUNNAR

18.05.2013 → 24.05.2013

„Verkefnið er alltaf að auka hlut kvenna og jafna hlut kvenna og karla í stjórnámálum.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra tjáði sig um kynjahlutföllin í nýrri ríkisstjórn fyrr í vikunni. Formenn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks vilja ekki meina að kyn skipti máli, heldur ráði hæfileikar aðeins för.



„Hér er örugglega skilið vel við gagnvart verkefninu, viðtakanda og þessu fólki sem hér vinnur.“

Fjármálaráðherra Bjarni Benediktsson var jákvæður í garð forvera sína Katrínar Júlíusdóttur þegar hann tók við lykklum að ráðuneytinu. Hann sagðist viss um að þau myndu eiga í góðu samstarfi áfram.

„Þetta hefur nú alltaf verið mjög friðsælt hverfi og hér býr mikið af gömlu fólki.“

Íbúar við Ystasel í Breiðholti voru slegnir eftir alvarlega líkamsárás fyrir viku, þar sem þekktir ofbeldismenn komu við sögu. Þorsteinn Harðarson var einn þeirra.

Sköðun visir.is

534

FIMMTUDAGUR 23. MAÍ
Ouagadougou
Sigríður Víðis Jónsdóttir, upp-
lýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

514

FÖSTUDAGUR 24. MAÍ
Styttum kennaranámið
Pawel Bartoszek pistla-
höfundur

438

FIMMTUDAGUR 24. MAÍ
Að fá lánað
Úrsúla Jünemann,
kennari og leiðsögumaður

334

PRÍÐJUDAGUR 21. MAÍ
Strangtrúaðir netverjar
Auður Jónsdóttir rithöfundur

327

FIMMTUDAGUR 23. MAÍ
**Merkur stjórnáma-
maður og ríkisstjórn
kveðja**
Margrét S. Björnsdóttir,
félagi í Samfylkingunni

224

LAUGARDAGUR 18. MAÍ
**300 ára gamlar
kennsluáðferðir**
Mikael Torfason ritstjóri

Síðasta grein fjallkonunnar

Herdís Þorvaldsdóttir lést á Landspítalanum 1. apríl síðastliðinn. Þá um nóttina lofuðum við barnabörnin henni að halda áfram baráttunni fyrir gróðurvernd og uppgræðslu landsins.

Þegar hún lést ákváðum við í samein-

ingu að leggja lokahönd á þá blaðagrein sem hún hafði unnið að síðast, rétt eins og við aðstoðuðum hana jafnan við lokayfirlestur á fjölmörgum öðrum greinum.

Það má segja að síðustu sex mánuði fyrir andlátíð hafi heimildarmyndin

„Fjallkonan hrópar á vægð“ og eftirfylgnin við hana haldið ömmu gangandi.

Greinina sem hér fylgir skrifaði hún sem svar við gagnrýni á myndina sem hún fjármagnaði úr eigin vasa og lagði alla sína krafta í.

Úreltar fullyrðingar?

„Því hefur verið haldið fram að í kvikmynd minni „Fjallkonan hrópar á vægð“ megi finna „úreltar fullyrðingar úr gömlum tíma, með nokkra viðmælendur sem tali í frösum og hafi uppi 30 ára gamla umræðu.“ eins og fyrrverandi ráðherra skrifar í Bændablaðið.

Því er til að svara að viðmælendur mínir eru ekki nokkrir í myndinni, þeir eru hátt á þriðja tug. Fræðimenn, embættismenn, landeigendur, áhugafólk um landgræðslu og líka bændur. Allt fólk sem ber hag landsins og jafnvel sauðfjárræktarinnar fyrir brjósti. Nær öllu þessu fólki ber saman um að núverandi fyrirkomulag á beitastjórnun sé verulega ábótavant, lausaganga búfjár sem almenn regla sé tímasekkja.

Vissulega er þetta 30 ára gömul umræða og reyndar er mun lengra síðan framsýnir menn og konur vöktu máls á nauðsyn þess að gera grundvallarbreytingar á búskaparháttum Íslendinga. Það væri óskandi að þessi umræða væri löngu úrelt, en svo er því miður ekki.

Síðustu áratugi hefur blessunarlega margt breyst til hins betra, fé hefur fækkað ef allra síðustu ár eru undanskilin, veðurfar batnað og bændur almennt orðnir afar meðvitaðir um að ganga ekki um of á gæði landsins. Sums staðar fer beit og uppgræðsla saman og er það vel. En í skjóli hinnar almennu reglu um lausagöngu þrífast hins vegar búskussar sem eru stétt

LANDVERND



Herdís Þorvaldsdóttir leikkona

sinni til skammar. Enn er verið að beita á örfoka land á gosbeltinu, viðkvæmasta svæði landsins, enn á skógrækt og landgræðsla í vök að verjast á svæðum þar sem öllum fræðimönnum ber saman um að engin beit ætti að líðast, enn eiga landeigendur, sumarbústaðaeigendur, skógarbændur og aðrir sem ekki kæra sig um að land þeirra sé nýtt undir atvinnustarfsemi annarra undir högg að sækja. Vegna úreltra laga komast fáir aðilar upp með að koma óroði á heila atvinnugrein. Þetta er staðreynd og þessu verða sauðfjárbændur og aðrir búfjáreigendur að taka höndum saman um að breyta og reka af sér slyðruorðið.

Landið njóti vafans

Gjarnan er vísað til Gæðastjórnunarinnar og ábyrgðar Landgræðslunnar á ástandi mála, en eins og nýleg dæmi sanna og Landgræðslustjóri hefur marg sagt skortir allar lagaheimildir til þess að grípa inn í þegar mikið liggur við. Eftirlit með því að þær landbótaáætlanir sem lagðar eru til grundvallar í gæðastjórnuninni nái fram að ganga er nær ekkert, og í raun óframkvæmanlegt án þess að leggja út í gríðarlegan aukinn kostnað, fyrir utan það að skussarnir geta einfaldlega sagt sig frá Gæðastjórnuninni ef þeim sýnist svo og haldið áfram uppteknum hætti, hvernig sem ástand landsins er.

Það sér það hver sem vill sjá að auðvi-

→ Það sér það hver sem vill sjá að auðvitað ætti landið okkar að njóta vafans, en ekki búfé.

tað ætti landið okkar að njóta vafans, en ekki búfé. Afrétti, þjóðlendur, friðað land, fólkvanga, vegstæði, sumarbústaðarlönd og borgarlönd ætti ekki að þurfa að girða af. Nýting lands til beitar ætti að vera skilyrðum háð, ekki óskoraður réttur sem Landgræðslan og aðrir hagsmunaaðilar þurfa af veikum mætti að setja sig upp á móti þegar svo ber undir.

Beitarstjórnun, á meðan lausagangan viðgengst, er vonlaust verkefni. Það er ógerlegt að ætla sér að girða af hvern blett sem á að hlífa. Hluti afréttar getur verið „beitarhæfur“ og hluti hans alls ekki, en sauðfé spyr ekki að því. Það verður að vera hægt að stöðva beitina þar sem í óefni stefnir.

Eina skynsamlega heildarlausnin er afnám þessarar gölluðu meginreglu á landinu öllu. Sú lagabreyting er frumforsenda þess að við getum nýtt allar okkar rannsóknir og þekkingu og hlft landi eða nýtt það með langtímasjónarmið að leiðarljósi svo óflekkaður sómi sé að fyrir bændur landsins og þjóðina alla.

Við sem lifum í dag eigum ekki landið okkar, við höfum það að láni frá komandi kynslóðum og okkur ber að leita ýtrustu leiða til að tryggja framtíðarhag þess með óskoruðum hætti. Um það eitt bið ég að við sameinumst.”

Herdís Þorvaldsdóttir, amma okkar, var hvorki „á móti“ búfé né eigendum þeirra – hún var MEÐ náttúrunni, með flóru landsins og fánu. Á langri ævi náði hún að tengjast hinum hæga hjartslætti landsins, sá hverju hægt er að fá áorkað þó hvert einstakt handtak virðist lítilmegnugt. Á hálfri öld líknaði hún vindorfinn melreit við Elliðavatn og umbreytti í skóg. En á sama tíma sá hún gróió land annars staðar umbreyttast í auðn.

Þrátt fyrir sannfæringu sína um að eitthvað yrði að breytast var amma ekki ófgamanneskja að neinu leyti. Að vísu var hún grænmetisæta að mestu síðustu áratuginu en kunnir vel að meta íslenskt lambakjöt þegar svo bar undir.

Barátta hennar snérist ekki um að útmála bændur landsins sem illvirkja. Heldur vildi hún í raun hefja vegsemd þeirra til virðingar með því að krefja þá og okkur öll um að haga landbúnaðarframleiðslu landsins og skipulagi á skynsaman og sjálfbæran hátt og nýta okkur þekkingu og reynslu frá öðrum þjóðum en þykjast ekki alvitur og alheilög í krafti hefða sem engin rök liggja lengur að baki.

Óbilandi sannfæring

Lausaganga búfjár er ekki fyrirkomulag sem Íslendingar hafa búið við frá örófi alda. Landnámsmenn Íslands höfðu um beit og skyldur búfjáreigenda skýr lög og þau lög voru ekki afnumin fyrr en neyð örbirgðar knúði forfeður okkar til örþrifaráða. Nú er öldin önnur og búfjáreigendum engin vorkunn þó hert sé á skilyrðum fyrir landnýtingu. Réttir og fjárgöngur þurfa ekki að leggjast af, sú menning sem fylgir sauðfjárbúskap og atvinnugreininni í heild er engin hættu búið þó landið okkar fái að njóta vafans með afgerandi hætti. Við sem þjóð erum þess umkomin að geta stýrt beitinni og samtímis haldið búfé svo bæði land og þjóð, bændur sem og aðrir þegnar landsins, hafi ábata af um ókomna tíð.

Amma mátti oft þola hótanir og orðhövoss bréf frá þeim sem „vildu“ misskilja hennar baráttu en aldrei var hún bitur eða sár út í nokkurn mann. Hún hélt höfði og barðist fyrir þeim málstað sem hún trúði á af yfirvegum og æðruleysi, á sama hátt og hún ræktaði garðinn sinn, nær og fjær, handtak fyrir handtak, grein fyrir grein.

Óbilandi sannfæring hennar lá í eftirfarandi hvatningu sem hún samdi sjálfri sér og hafði jafnan í sjónmáli við ritvélina og síðar tölvuna:

„Við berum þá skyldu gagnvart afkomendum okkar og náttúrunni sjálfri að skila gróðurþekju og jarðvegi landsins af okkur í betra ásigkomulagi heldur en við tókum við því.“

Stöðvum lausagöngu búfjár:

<http://stodvumlausagongu.is/>

Benedikt Þorri Sigurjónsson
Gunnlaug Þorvaldsdóttir
Gunnlaugur Egilsson
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir
Hannes Þórður Þorvaldsson

Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Jón Þórarinn Þorvaldsson
Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir
Tinna Hrafnadóttir
Ólafur Egilsson

SUMAR 2013 // NÁNAR Á [UU.IS](http://uu.is)

COSTA BRAVA

7 NÆTUR

FRÁ: 92.716 KR.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði á Hótel Costa Encantada

Verð á mann: 120.930 kr. m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 3. júní.
Flugið er í gegnum London á útleið.

Vissir þú að...
börn eiga ren á aðstað
og hlíf af holl vnda í ofbeldi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Sumarblómin komin!

Íslensk úrvæls ræktun



TILBOÐ
10 STJÚPUR
999KR.

WOODEX

VIÐARVÖRN Á ÍSLANDI SÍÐAN 1977 - NÚ Í GARDHEIMUM



GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL
FYLGIR KAUPUM Á ÖLLUM WEBERGRILLUM

FYRIR UPPHÆÐ KR. 50.000 EBA MEIRA - FRAM YFIR HELGI




20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÁVAXTATRJÁM UM HELGINA


MATJURTAPLÖNTURNAR KOMNAR




ÚTSKRIFTARBLÓM
ÚTSKRIFTARGJAFIR
INNPAKKANIR



OPIÐ TIL
KL. 21 ÖLL KVÖLD



GARDHEIMAR

Gardheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á 

HELGIN



Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack hárgreiðslukona

Eyðir tíma með syninum

„Ég var að klára myndatöku fyrir nýja bók fyrir danska hárfyrirtækið HH Simonsen og nú þarf ég að skrifa allan textann við myndirnar. Ætli helgin fari ekki fyrst og fremst í það og að borða góðan mat og eyða tíma með stráknum mínum sem er 7 mánaða. Svo fer ég líklega eitthvað út með hundana og nýt náttúrunnar.“



Erla Tryggvadóttir, viðskiptastjóri Brandenburg

Huggulegheit

„Ég ætla að einbeita mér að því að hafa það huggulegt um helgina með kærastanum og stjúpsyninum. Huga að kryddjurtunum á svölunum og svona.“



Heiðar Örn Kristjánsson tónlistarmaður

Spilerí og veislur

„Laugardagurinn fer í spilerí. Pollapönk-tónleikar, spilerí í útskriftarveislu og brúðkaupsveislu um kvöldið. Á sunnudaginn er það FH-ÍA í Krikanum. Áfram FHI!“



Sigmar Guðmundsson fjölmiðlamaður

Sinnir fjölskyldunni


„Ég er með pínulítið barn og verð líklega bara að sinna því og nýti tímann heima með fjölskyldunni. Það er alltaf best.“



Á fullu tungli

Múmsystir á Vatnasafni

Tónlist Gyða Valtýsdóttir heldur tónleika í Vatnasafninu á Stykkishólmi í kvöld klukkan níu, á fullu tungli. Með henni leikur Shahzad Ismaily. Gyða er klassískt menntaður sellóleikari en er þó betur þekkt sem einn af forspökkum hljómsveitarinnar múm. Shahzad Ismaily er fjölbærur tónlistarmaður sem hefur unnið með fjölda tónlistamanna, þar á meðal Will Oldham og Yoko Ono. Þau munu flytja verk eftir Olivier Messiaen, George Crumb, Harry Partch og Robert Schumann ásamt eigin verkum og spuna.



100 ára afmæli fagnað

Prjónakónguló

Handverk Heimilisiðnaðarfélagið er 100 ára og af því tilefni eru tvær sýningar opnaðar í Þjóðminjasafninu í dag. Annars vegar er sýning á veggspjöldum með forsiðum ársrits félagsins, Hugur og hönd. Hins vegar er sýning á munum úr safni Heimilisiðnaðarfélagins sem varðveittir eru í Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin ber heitið Kónguló og vísar í kóngulóarprjón sem er meðal mynsturgerða sem sýndar verða á sýningunni. Sýningarstjóri er Þórunn Elísabet Sveinsdóttir.



Kammersveitin í Hörpu

Íslenskt-pólskt stefnumót

Tónlist Kammersveit Reykjavíkur flytur úrval verka pólska tónskáldsins Witold Lutosławski á tónleikum Listahátíðar í Reykjavík í Norðurljósa-sal Hörpu á sunnudagskvöld. Lutosławski (1913-1994) var eitt virtasta tónskáld Póllands, og skipar stóran sess í evrópskri tónlistarsögu 20. aldar. Kammersveit Reykjavíkur var stofnuð árið 1974 og fagnar fertugsafmælinu á næsta ári. Hún hefur lengi skipað virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og hefur frá upphafi bæði flutt samtímatónlist og barokktónlist.



SAMEIGINLEG ÁHUGASVIÐ Eitt af því sem leiddi þau Andreu og Huginn saman var áhugi á tísku og ilmi. Þetta er fyrsta samsýning þeirra og þar sameina þau þessi áhugamál.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvernig lyktar listasafn?

Kaflaskipti er nafn nýstárlegrar sýningar sem verður opnuð í Hafnarhúsinu klukkan 16 í dag. Það eru þau **Andrea Maack** og **Huginn Þór Arason** sem sýna en umfjöllunarefnið er ilmur og listasafn fjarlægjar framtíðar. Andrea er þekkt fyrir ilmvötn sín en hún segir þó ekki meininguna að selja þennan ilm.

Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

Lyktin sem liggur í loftinu samanstendur af 32 mismunandi lyktartegundum sem eru síðan sjálfar mjög flóknar samsetningar,“ segir Andrea. „Þetta er búið að vera mjög langt ferli. Við gengum út frá sögu sem er nokkurs konar vísindaskáldsaga, settum inn í hana orð og liti og báðum síðan ilmvatnsframleiðendur að búa til ilm sem endurspeglar þetta. Við erum í raun að búa til listasafn framtíðarinnar.“

Andrea segir hugmyndina hafa kviknað út frá hugleiðingum um edli safna og stöðu þeirra í dag. „Síðan komu okkar persónulegu áhugsvið inn í, eins og tíska og ilmvötn.“

Lyktartegundirnar 32 eru raungerðar í pappírskúlptúrum sem þau Andrea og Huginn hafa búið til í sameiningu. Hafa þau unnið saman áður? „Ekki að sýningu, en við höfum unnið saman í Nýlistasafninu við að skrasetja 30 ára sögu safnsins. Við

erum góðir vinir og höfum svipuð áhugasvið. Síðast þegar Huginn sýndi í Hafnarhúsinu sýndi hann saumastofu þar sem fólk gat komið og pantað sér fót sem síðan voru saumuð. Á sama tíma sýndi ég ilm og núna erum við að sameina þetta tvennt niðri í A-salnum.“

Einn suðupottur

Andrea er þekkt fyrir ilmvötn sín en hún segir þennan ilm ekki vera hugsaðan fyrir markað. „Þetta tvennt er algjörlega aðskilið en auðvitað var ég að vinna þetta núna með fólk sem ég þekki úr bransanum. Það hefur mikið að segja að vera með þau sambönd því þannig gátum við unnið þetta með fagfólki í ilmvatnsgerð úti í Frakklandi.“

Þú ert alveg á fullu í myndlistinni enn þá þótt það gangi svona vel með ilmvatnslíununa þína? „Já, já, þetta er bara einn suðupottur. Ég aðgreini þetta tvennt ekkert sérstaklega. Það varð eiginlega krafa að draga myndlistina meira inn í ilmvatnsgerðina og við erum fljótlega að fara af stað með nýjar

pakkningar þar sem teikningin er komin inn. Það er mikill áhugi fyrir því að bakgrunnurinn komi betur í ljós og þessar innsetningar sem ég hef verið að vinna erlendis eru yfirleitt bæði ilm- og myndlistartengdar. Það skiptir mig engu hvort ég er að sýna á einhverjum vörusýningum úti í heimi eða hérna í Hafnarhúsinu, þetta er allt einn heimur.“

Ótrúlega framsækið

Andrea segist vera mjög ánægð með að Hafnarhúsið skuli sýna það frumkvæði að halda sýningu af þessari gerð. „Það er ótrúlega framsækið af safninu, ég tala nú ekki um að setja hana í stærsta salinn. Það er alveg með puttann á púlsinum því það er mjög vinsælt núna að nota lykt í myndlist. Ég efast samt ekkert um að fólk á eftir að hafa mismunandi skoðanir á þessari sýningu, en það er bara gaman. Ég hvet fólk bara til þess að anda djúpt að sér áður en það fer inn og njóta þess að nota annað skynfæri en vanalega á myndlistarsýningum.“

Vorblótið og Petrúska í Eldborg

Vorblótið eftir Stravinsky markaði tímamót í tónlistarsögunni þegar það var frumflutt fyrir 100 árum.

Fyrir 100 árum var Vorblótið eftir Igor Stravinsky flutt í fyrsta sinn. Í tilefni aldarafmælisins var verkið sett á svið af Íslenska dansflokknnum og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Flutningurinn er hluti af Listahátíð í Reykjavík en við sama tækifæri berja gestir augum Petrúsku eftir Stravinsky.

Frumnýning á þessum flutningi var í gærkvöld en í dag klukkan þrjú gefst tækifæri til að sjá þessi verk flutt, en við verk Stravinskys hafa verið samdir nýir dansar eftir fremstu

danshöfunda Íslands og Finnlands. Tónlistin við Vorblótið markaði tímamót í tónlistarsögunni og hefur haft gríðarleg áhrif á tónsmíðar 20. aldar.

Stravinsky lýsti verkinu sem „danstónverki“ og það er óður til holskeflu hins skapandi krafts sem vorið færir með sér. Frá frumflutningi Vorblótsins hafa listamenn víða um heim endurtúlkað þetta magnaða danstónverk á margvíslegan hátt.

Petrúska er rússnesk þjóðsaga um strábrúðu sem lifnar við og öðlast tilfinningar.



TILKOMU-MIKIÐ Íslenski dansflokkurinn á Eldborgarsviði Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ARMASYNIR

FARÐU ÚT!

20%

**AF ÖLLUM GÖNGUSKÓM
OG DIDRIKSONS VÖRUM
TIL SUNNUDAGS**

DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



ÞÉR ER BOÐIÐ Á

FERÐAHÁTÍÐ

Laugardaginn 25. maí
í Lágmúla 4

ÓTRÚLEG TILBOÐ Í SÓLINA
SEM AÐEINS ER HÆGT AÐ
BÓKA ÞESSA HELGI

Dollarönk
heldur uppi stuðinu!



BYLGJAN VERÐUR MEÐ
BEINA ÚTSENDINGU FRÁ
HÁTÍÐinni

Sirkus Ísland
með spennandi atriði



DJ ÞEYTI SKÍFUM
AF MIKILLI SNILLD

Hoppukastali, grillpýlsur
og *drykkir í boði*



HAPDRÆTTI

Ferð fyrir tvo til
Almería

GLÆSILEGIR VINNINGAR

Gamanið hefst kl. 13.00-16:00
Hlökkum til að sjá þig!



Frábær tilboð í sólina!

ALMERIA



7 NÆTUR

FRÁ: **79.900** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn á Hótel Pierre Vacances í íbúð með 2 svefnherbergjum. **Verð á mann:** 96.251 kr. m.v. 2 fullorðna. **Brottför:** 2. júlí.

GESTIR Á FERÐAHÁTÍÐ GETA
BÓKAÐ TILBOÐIÐ UM HELGINA

SUMAR  FERÐIR

BENIDORM



7 NÆTUR

FRÁ: **92.352** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Hótel Buenavista. **Verð á mann:** 113.300 kr. m.v. 2 fullorðna. **Brottför:** 9. júlí.


www.plusferdir.is

COSTA BRAVA



7 NÆTUR

FRÁ: **92.716** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði á Hótel Costa Encantada **Verð á mann:** 120.930 kr. m.v. 2 fullorðna. **Brottför:** 3. júní. Flogið er í gegnum London á útleið.


URVAL-ÚTSYN




www.plusferdir.is

 fremstir
fyrir bragðið

BYLGJAN
20 ÁRA

Leitar stöðugt í nýjar áskoranir

Elínros Línadal hefur á fáum árum tekist að búa til farsælt fatamerki með umhverfissjónarmið og samfélagsvitund að leiðarljósi. Hún kann best við sig utan þægindarammans og stefnir á að berjast fyrir hugsjónum í þágu alþjóðasamfélagsins í framtíðinni.

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is



Pað er sólríkur snemmsumarsmorgun er Elínros tekur á móti blaðamanni í fallegu húsi í Vesturbænum. Hún er nýflutt þangað aftur eftir nokkurra ára búsetu á Sel-tjarnarnesinu. Hér kann Elínros best við sig enda uppallin Vesturbæingur.

„Ég kann best við mig þegar ég er í göngufæri við allt, get gengið með strákunum í skólann og í vinnuna á morgnana. Það er svo mikið frelsi sem fylgir því að ferðast um á tveimur jafnfljótum, svo ekki sé minnst á hvað það er umhverfisvænt.“

Elínros hefur komið víða við á lífsleiðinni þó að nú sé hún þekktust sem stjórnandi fatamerkisins ELLU. Hún hefur starfað sem blaðamaður, er menntuð í sálfræði og með MBA-nám í stjórnun og fyrirtækjarekstri frá Háskólanum í Reykjavík. Á tíu ára planinu er síðan doktorspróf í hagfræði, en Elínros hefur gríðarlegan áhuga á tölum og tölfræði.

„Ég hugsa í tölum og þarf alltaf að fá að vita tölurnar á bak við allt sem ég tek mér fyrir hendur. Við mælum velgengi í tölum og jafnvel hönnunarteymið mitt er meðvitað um tölurnar á bak við hverja flík, hvað virkar og hvað ekki.“

Líður vel í móðurhlutverkinu

Elínros á þrjá drengi. Sá elsti er sautján ára menntaskólanemi, en hún var 21 árs gömul er hún eignaðist hann og alveg blaut á bak við eyrun varðandi móðurhlutverkið að eigin sögn. Faðir hans er Elfar Aðalsteinsson kvikmyndagerðamaður, sem vann Edduna fyrr á árinu fyrir stuttmyndina Sail Cloth.

„Ég man eftir því að hafa verið með litla strákinn minn á mjöðm-inni og verið að spá í því hvernig í ósköpunum ég ætti að komast í sturtu. Helst vildi ég bara sitja og horfa á hann. Enda var þetta ást við fyrstu sín, fullkomið sköpunarverk sem fékk mig til að elska sjálfa mig í fyrsta skiptið. Við mæðginin erum mjög nán og í gegnum tíðina hef ég þurft að biðja hann um að sýna mér skilning, ég sé að gera þetta allt saman í fyrsta sinn,“ segir Elínros brosandi og bætir við hún kunni mjög vel við sig í móðurhlutverkinu.

„Tveir yngstu drengirnir mínir eru í Landakotsskóla og mér líður best með alla strákana mína hjá mér. Ég hef tamið mér lífsstíl sem einkennist af því að við erum öll saman. Þeir eru ótrúlegir allir með tölu og ég blessuð að eiga þá. Þeir eru miklir þátt-takendur í mínu lífi og ég í þeirra.“

Missti áhugann á tískuheiminum

Elínros segist ekki hafa getað beðið eftir að verða fullorðin þegar hún var yngri. Getað klæðst klassískum fögrum flíkum og látið til sín taka í samfélaginu. Þegar hún síðan varð fullorðin fannst henni eins ▶



Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

Vor og sumar á leiðinni



Suzuki Swift

Verð frá 2.450 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, beinskiptur) CO² 116g/km

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár.
Með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi
beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni
og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum
sem staðalbúnaði.



Velkomin í reynsluakstur

**FYRIR SKYNSAMT
FÓLK**



**TRAUST UMBOD
Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

KLASSÍK
Hin hefðbundna svarta dragt dettur seint úr tísku.



MYNDALDÍS PÁLSDÓTTIR

→ Elínros Líndal stofnaði fatamerkið ELLU fyrir þremur árum í bílskúrnum heima hjá sér.

► og tískuheimurinn væri að hvetja hana til að klæðast sama fatnaði og unglingsstúlkur, að mæður ættu að „yngja sig upp með klæðaburðinum“. Þessi upplifun Elínrosar var í raun upphafið að fatamerkinu ELLU, sem er þekkt fyrir góð snið og klassískan fatnað úr gæðaeefni fyrir hugsandi konur.

„Ég hafði alltaf mikinn áhuga á tískuheiminum en missti hann svo á tímabili. Hann var að upphafja gildi sem ég gat ekki verið sammála eins og æskudýrkun og líkamspressu. Til dæmis Karl Lagerfeld, hann er eflaust frábær fatahönnuður en ég ber ekki virðingu fyrir honum. Mér finnst fráleitt að hann hvetji konur til að líta út eins og Victoria Beckham, sem er augljóslega kvalin af vandræðingum,“ segir Elínros, sem langaði að búa til klassískar flíkur sem endast í áraradír.

Elínros lýsir sér sem „algerri stelpu-stelpu“ sem þó búi yfir gaurlegum eiginleikum sem geri það að verkum að hún lætur aldrei neinn vaða yfir sig. Hún æfði ball-ett í tíu ár sem barn en var óhrædd við að láta villingana í hverfinu heyra það ef henni þóknaðist.

„Ef mér misbýður eitthvað læt ég í mér heyra. Ég er með bein í nefinu og læt fátt stöðva mig. Ég ætla að klára doktorspróf fyrir fimmtugt í hagfræði og koma ELLU á þann stað að það verði fyrirtæki sem Ísland getur verið stolt af í framtíðinni.“

Umvafin töffurum í ELLU

Elínros stofnaði fatamerkið ELLU fyrir þremur árum í bílskúrnum heima hjá sér. Það var með ráðum gert enda hafa flestöll góð fyrirtæki verið stofnuð í bílskúrnum að hennar sögn. Elínros var á undan sinni samtíð er hún byrjaði að tala um hægtísku (e. slow fashion) sem gerir út á klassískan fatnað úr gæðaeffnum. Fatnað sem endist ævilangt, þarf minna að þvo og er þar af leiðandi umhverfisvænni. Með henni í fyrirtækinu eru meðal annars þær Katrín Káradóttir hönnuður og Lilja Björg Rúnarsdóttir klæðskeri.

„Þær eru algjörir töffarar, konur sem ég myndi treysta fyrir lífi mínu. Enda er Katrín Kára reyndur fjallaleiðsögumaður og kallar ekki allt ömmu sína og Lilja Björg vann áður hjá álverinu, með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Þessar ofurkonur eru lykillinn að velgengni ELLU, algjörir snillingar í sínum fögum og ég geri mitt allra besta til að vera ekki fyrir þeim,“ segir Elínros og bætir við að þær séu allar ólíkar. „Ég er frumkvöðullinn sem er að draga vagninn og þær sérfræðingarnir.“

Áhugi að utan

Í dag er ELLA búin að festa sig í sessi sem virt fatamerki hér á landi með fastan hóp viðskiptavina á bilinu 15 til 80 ára. Merkið hlaut á dögnum alþjóðlega viðurkenningu Bláa fiðrildisins, fyrir fagleg vinnubrögð og góða viðskiptahætti. Þar með er ELLA komið í hóp með virtum tískuhúsum úti í heimi á borð við Christian Dior.

„Nú er neytandinn orðinn meðvitaðri um hvaðan varan sem hann kaupir kemur. Það hefur orðið vitundarvakning í alþjóðasamfélaginu, til dæmis í tengslum við atburðina í Banglades. Þú ert kannski með jakka sem kostar fimmtíu þúsund krónur en er úr gæðaeffnum og ætti því að endast þér út lífsleiðina. Það þarf engan stærðfræðisnilling til að reikna út að sá jakki kostar ekki svo mikið til langs tíma lítið. Veistu hvað við notum í raun mikið af fataskápunum okkar? 80% af tímanum notarðu einungis 20% af fataskápunum.“

Það stendur ekki á áhuganum frá útlöndum en Elínros heldur að sér höndum í þeim efnunum enda á fyrirtækið nóg með að anna eftirspurn hérna heima. Hún segir Íslendinga vera allt of gjarna á að hvetja ung fyrirtæki í útrás snemma án þess að hugsa um afleiðingarnar. „Velgengnishlutfall fatafyrirtækja þrjú ár eftir stofnun er sjö prósent, eftir fimm ár en það ennþá lægra, eða eitt prósent.“

”Ef mér misbýður eitthvað læt ég í mér heyra. Ég er með bein í nefinu og læt fátt stöðva mig.“

Lifi maður það af er maður kominn á ágætast stað,“ segir Elínros, sem hefur hingað til hafnað þeim erlendu aðilum sem sýna merkinu áhuga.

„Það er mjög hollt að segja nei stundum. Ég er mikið á móti því að ala upp þægar og góðar stelpur sem eiga erfitt með að segja nei. Aftur á móti á ég sjálf erfitt með að taka því að fá nei sem svar en það er önnur saga.“

Ungur leiðtogi

Fyrir ári var Elínros valin í samtök ungra frumkvöðla og leiðtoga í heiminum, Young Global Leaders. Þar er hún í góðum félagskap því í samtökunum eru til dæmis Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, Hákon krónprins Noregs og íslenski þróunarfræðingurinn Hrund Gunnsteinsdóttir. Þau mál sem henni eru hugleikin eru umhverfismál, jafnréttismál og skapandi greinar.

„Þegar ég fékk tilnefningu inn í þennan hóp fannst mér ég varla tilbúin í það strax. En maður verður að vera undir 40 ára svo ég varð að slá til. Það er gríðarlega hvetjandi og skemmtilegt að vera partur af þessum hóp, maður byggir upp alþjóðlegt tengslanet og vinnur saman að þróun mikilvægra alþjóðlegra málefna á borð við umhverfismál. Það þekkjast allir World Economic Forum, en YGL eru virt samtök sem eiga eftir að festa sig í sessi hér á landi,“ segir Elínros, sem meðal annars vill beita sér í því að hlúa að umhverfisauðlindum landsins.

„Við eigum að einbeita okkur að því að hugsa vel um landið okkar, þessa náttúruveru í miðju Norður-Atlantshafinu, óspillta náttúruna og hreina vatnið. Við megum ekki missa sjónar af því í gróðaskyni fyrir ferðamannaíðnaðinn. Mér þótti því ákaflega miður að heyra fréttir af því að leggja eigi niður umhverfisráðuneytið og sameina það öðru ráðuneyti. Það er svo alls ekki í takt við tímann og sýnir ekki málefni virðingu.“ Elínros segir umhverfismál ekki vera hagsmunamál fárra einstaklinga heldur þjóðarinnar og því verði allir að leggja á eitt við að finna leiðir til að varðveita náttúruauðlindirnar.

„Hvaða skilaboð væru það til samfélagsins ef ég myndi sameina hönnunardeild ELLU og markaðsdeildina? Væri ég að fylgja gildunum okkar eftir? Væri ég að gera sérfræðingum fyrirtækisins hátt undir höfði? Varla,“ segir Elínros og bætir við að henni líki vel við Hönnu Birnu í innanríkisráðuneytinu og Eygló í félagsmálaráðuneytinu.

Vill vera hvetjandi fyrirmynd

Elínros er mikill femínisti og vill vera hvetjandi fyrirmynd fyrir ungar stúlkur. Í framtíðinni sér hún fyrir sér að láta til sín taka í þágu íslensks samfélags þó stjórnmál heilli hana lítið. Hennar fyrirmynd í lífinu er Vigdís Finnbogadóttir, kona sem þorði að brjóta múra með því að sækjast eftir mikilvægustu stöðu þjóðfélagsins.

„Stelpur verða að þora að segja frá markmiðum sínum, láta vita að þær ætli sér að ná langt. Tala um drauma sína og fylgja þeim eftir. Það er annaðhvort að klifra upp metorðastigann eða að taka svokallað stökk upp á við,“ segir Elínros, sem sjálf tók stökkið með því að stofna eigið fyrirtæki og setjast sjálf beint í forstjórastólinn. „Ég hafði ekki þolinmæði í hitt. Ef mér er farið að líða of þægilega einhver staðar leita ég eftir nýjum áskorunum. Mér líður í raun best fyrir utan þægindarammann. Þar sem ég er að komast yfir hindranir og sækja fast fram. Enda fátíðlegt að við konur eigum ekki nema 5% af auðæfum heimsins. Ég ætla að verða þátttakandi í að breyta því.“

Klassískar gæðaflíkur

Eitt af aðalsmerkjum ELLU er að merkið eltir ekki síbreytilega tískustrauma heldur einbeitt sér að því að gera klassískar flíkur sem standast tímans tönn. Fatamerkið er þekkt fyrir vel sniðinn fatnað og hefur vakið athygli síðan það var frumsýnt á Reykjavík Fashion Festival fyrir þremur árum.

Ilmvötnin Night, Day og V eru með mest seldu vörum ELLU og það hefur komið Elínros skemmtilega á óvart. Ilmvötnin eru þróuð í Grasse í Frakklandi og blönduð á Norðurlandi af Pharmarctica.



Barnadagar

25-40% afsláttur af barnavörum

Opið í dag laugardag 11-16

Börnin fá rúmföt fyrir dúkkuna eða bangsann



Lín
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



STOFNUN ÁRSINS BORG OG BÆR 2013

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskar starfsmönnum þeirra stofnana sem voru valdar í könnuninni „Stofnun ársins Borg og Bær“ 2013 innilega til hamingju. Könnunin var gerð í annað sinn meðal félagsmanna. Valdar eru fyrirmyndarstofnanir úr stærri og minni stofnunum auk hástökkvara, en það er sú stofnun sem hækkar um flest sæti á milli ára.

STÓRAR STOFNANIR MEÐ 50 STARFSMENN EÐA FLEIRI

- 1 Faxaflóahafnir
- 2 Heilbrigðisstofnun Vesturlands
- 3 Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

MINNI STOFNANIR MEÐ ALLT AÐ 49 STARFSMÖNNUM

- 1 Leikskólinn Garðasel á Akranesi
- 2 Leikskólinn Vallarsel á Akranesi
- 3 Frístundamiðstöðin Frostaskjól


HÁSTÖKKVARI

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Allar upplýsingar um niðurstöður könnunar er að finna á www.strv.is.



FLEIRI KONUR EN KARLAR Hafa verið í doktorsnámi síðan 2004



Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir er aðjúnkt við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og doktor í kynjafræði. Hún segir nokkrar skýringar vera á því að fleiri konur eru í doktorsnámi en karlar. „Ekki er langt síðan hefðbundnar kvennagreinar færðust yfir á háskólastig, en þar má nefna greinar eins og leikskólakennarann og þroskaþjálfann. Því fylgja auknar kröfur um menntun, ekki síst gagnvart þeim sem ætlað er að kenna þessum stéttum, auk þess sem menntunarkröfur aukast almennt innan þessara stétta. Þetta má kalla kerfislæga skýringu. Þá hefur mikil áhersla verið lögð á að konur mennti sig og að menntun sé lykill kvenna að aukinni hlutdeild á hinu opinbera sviði samfélagsins. Sú samfélagslega orðræða virðist hafa skilað sér til kvenna sem nú eru í auknum mæli að leita menntunar. Í einhverjum tilfellum eru það konur sem ekki höfðu tök á að mennta sig þegar þær voru yngri og það skýrir að hluta það að konur eru fleiri í háskólanámi almennt.“



MIKILVÆGT AÐ GERA EITTHVAÐ NYTT

„Ekki gera það sama og ég geri. Frekar ætluð þið að taka það sem ég hef fram að færa og gera eitthvað alveg nýtt með það,“ segir Mark C. Taylor í samtali við Fréttablaðið. „Eitthvað sem ég get ekki einu sinni gert mér í hugarlund. Svo skulið þið koma aftur og segja mér frá því.“



Deilt um doktorsnám

Skiptar skoðanir eru um hvort offramleiðsla sé á fræðimönnum í háskólum landsins. Páll Skúlason, fyrrverandi háskólarektor, segir of marga nemendur í tískugreinum. Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, telur doktorsnema eiga að skapa eigin tækifæri.

Ólög Skaftadóttir

olof@frettabladid.is



Það er nauðsynlegt að við færum okkur frá því að sérhæfa okkur um of. Það verður til þess að rannsóknir verða á of þröngu sviði og kennsla verður það líka. Eins og umhverfið er í dag erum við ekki að standa okkur í því að undirbúa nemendurnar fyrir lífið og vinnu á 21. öldinni,“ segir Mark C. Taylor, forseti trúarbragðafræðideildar Columbia-háskóla í New York.

Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum við þessum ummælum Taylors í háskóla-umhverfinu á Íslandi, en hann hélt fyrirlestur í síðustu viku í Háskóla Íslands. Þar spurði Taylor áleitinna spurninga um háskólaumhverfið og benti meðal annars á að háskólamódelið sem við byggjum á í dag er yfir 300 ára gamalt. Hann vill breytingar af ýmsu tagi, en segir erfitt að koma þeim í gegn því vilji virðist ekki vera til staðar. Taylor hefur róttækar hugmyndir um hvernig þessu skuli breytt. Hann vill meðal annars taka fyrir fastráðningar prófessora og taka upp sjö ára starfssamninga, eins og Fréttablaðið fjallaði um í vikunni.



PÁLL SKÚLASON



ODDNÝ MJÖLL ARNARDÓTTIR



ARI KRISTINN JÓNSSON

Eitt af stóru áhyggjuefnum Taylors er jafnframt að verið sé að offramleiða fræðimenn við háskólana og að doktorsnám sé að þróast á þá leið að prófessorar sem rannsaki þröng viðfangsefni beini nemendum sínum á svipaðar slóðir. Þannig verði æ meira um fræðilegar útgáfur, sem hafi æ minna innihald, en sífellt fleiri vísanir í verk annarra. Þetta undirbýr þessa nemendur ekki undir almennan vinnumarkað, heldur akademíu eingöngu.

„Hlutirnir eru að breytast, hratt og beint fyrir framan nefið á okkur. Þetta er vegna samverkandi áhrifa hnattvæðingar og tækni. Nemendur geta í dag setið námskeið hvar sem er, hvenær sem er og með hverjum sem er. Af hverju ættu þeir þá að sitja í skólastofu, með 300 samnemendum sínum, að horfa á glærusýningu sem þau sjá varla á?“ sagði Taylor ennfremur í samtali við Fréttablaðið.

Hvað verður um doktorsnema?
„Þetta hefur ekki verið rannsakað sem skyldi, engar úttektir hafa verið gerðar og þannig getum við ekki áttað okkur á því hvað verður til dæmis um doktorsnema og þá sem útskrifaðir eru og hvernig þeir nýttast í samfélaginu,“ segir Páll Skúlason, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands. „Vafalaust erum við að framleiða of marga fræðimenn á tilteknum sviðum, í svokölluðum tískugreinum eins og viðskiptafræði hefur verið. En um leið er auðvitað hæpið fyrir yfirvöld að ætla sér að fara að stýra nemendum inn á ákveðin fræðasvið fremur en önnur. Að mínum dómi þyrfti að auka eða kynda undir áhuga á ýmsum raungreinum sérstaklega, þar sem við vitum að eru mjög fáir og væri æskilegt að fleiri væru. Þannig gætu yfirvöld hjálpað, myndi ég segja.“



HÁSKÓLANEMAR Fræðasamfélagið á að velja þá hæfustu inn í háskólana og doktorsnám er engin ávísun á það að verða akademíker,“ segir Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík.

Langt frá metnun í lögfræði

Oddný Mjöll Arnardóttir prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem var fyrst íslenskra kvenna til að hljóta doktorsnafnbót í lögfræði, segir offramboð á fræðimönnum ekki vandamál innan lögfræðinnar hér á landi. „Þvert á móti. Ef ég tala út frá fræðasviði lögfræðinnar þá er það undantekning frekar en regla að kennarar við lögfræðideild séu með doktorsgráðu. En ef ég á að ræða um doktorsgráður í lögfræði, almennt, til dæmis í nágrannalöndum eins og Danmörku þá er mikil fjölgun í hópi þeirra sem taka doktorsgráðu í lögfræði, og umhverfið er að breytast að því leyttinu til að þetta fólk er ekki endilega að sækjast eftir eða fá akademískar stöður innan háskólanna, heldur ætla að nota þessa þekkingu og reynslu sem það öðlast með gráðunni á vinnumarkaði.“

Ekki ávísun upp á starf í háskóla

Ari Kristinn Jónsson rektor Háskólans í Reykjavík velti fyrir sér hver eðlilegur fjöldi doktorsnema væri á Íslandi í sambandi við nágrannahjóðir. „Ef við berum okkur saman við Norðurlöndin og miðum við höfðatölu, væri eðlilegt að doktorsútskrifta á Íslandi væru um það bil 60 á ári. Til að standa að baki slíkum fjölda útskrifta væri rétt að hafa rúmlega 200 nemendur í doktorsnámi á hverjum tíma. Og ef við miðum við hvernig grannþjóðir okkar

VEGNAR ÁGÆTLEGA AÐ FINNA VINNU

„Útskrifuðum doktorsnemum á Íslandi virðist vegna ágætlega að finna vinnu, en þetta þarf ef til vill að rannsaka betur. Á síðustu 20 árum hefur Ísland breyst mikið og Háskóli Íslands líka. Við höfum lagt meiri áherslu á rannsóknir og erum mjög framarlega á mörgum sviðum, eins og í líf-vísindum þar sem við erum mjög nálægt atvinnulífnum. Þetta ætti náttúrulega að skila sér út í atvinnulíf og leiða til verðmæta- og nýsköpunar. Doktorsnám við Háskóla Íslands er ekki hugsað þannig að bara sé verið að búa til vinnuafli fyrir háskóla,“ segir dr. Jón Atli Benediktsson, aðstoðar- rektor vísinda- og kennslu við HÍ og forstöðumaður miðstöðvar framhaldsnáms.

VILL EKKI VERA FASTUR Í EINU EFNI

„Ég hefði ekki haft þolinmæði í doktorsnám ef ég hefði verið fastur í einhverju einu. Ég er doktorsnemi í bókmenntafræði, en það er vegna þess að það var ekki pláss fyrir mig annars staðar,“ segir Gunnar Theódór Eggertsson, doktorsnemi í bókmenntafræði við HÍ. Rannsóknarefni Gunnars Theodórs er svokölluð dýrafræði, þar sem hann fjallar að mestu leyti um gagnrýnið hlutverk dýrsins í samfélaginu og í menningunni. „Mig langar til þess að halda áfram að kenna. Þetta er nýtt fag og mikið eftir að gera. Ég vil taka þátt í að móta þessi fræði og halda umræðunni uppi.“



standa að doktorsnámi þá eru doktorsnemar á Íslandi um það bil tvöfalt fleiri en það sem þarf til.“

Ari Kristinn sagði almennt um doktorsnám að sú þekking og færni sem fólk fengi úr náminu væri dýrmæt. „Doktorsmenntun er eins og önnur menntun, fólk á að horfa á

þetta sem færni og þekkingu sem það hefur aflað sér en svo er það á þeirra eigin ábyrgð að skapa sér tækifæri. Ábyrgðin liggur ekki hjá fræðasamfélaginu. Fræðasamfélagið á að velja þá hæfustu inn í háskólana og doktorsnám er engin ávísun á það að verða akademíker.“

Endurvinnsla- LÍF OG FJÖR

Íslenska Gámafélagið
býður öllum í pylsupartý
og opið hús í Gufunesinu,
laugardaginn 25. maí
kl. 13-16.

Í tilefni Grafarvogsdagsins

- Fræðslutúrar
- Gamlir hlutir öðlast nýtt líf
- sýning grunnskólanemenda í Grafarvogi
- Hoppukastalar
- Allt um metanbreytingar á bílum
- Ruslaskrímlið lætur sjá sig
- Mótorhjóla- og ruslabílarúntar
- Candy floss og margt fleira



Íslenska Gámafélagið hlaut
Jafnlaunavottun VR
fyrst íslenskra fyrirtækja



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



1979
KR. 2 kg.



ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA

398
KR. 150gr

BÓNUS LAMBHAGASALAT 150gr



229
KR. 1 kg.

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG.



179
KR. 2 ltr.

129
KR. 2 ltr.



159
KR. 100gr

BÓNUS HAFRAKAKA 100gr



259
KR. 300gr.

NESTLÉ AFTER EIGHT 300gr



598
KR. 1.5 kg.

EMMESS RJÓMAÍS 1.5 kg



HIMNESKT

HIMNESKT

HIMNESKT



198
KR. 425gr

SOLLU - LÍFRÆNT
MAUKAÐIR
TÓMATAR



198
KR. 370 gr

SOLLU - LÍFRÆNT
TÓMATSAFI



298
KR. 340 gr

SOLLU - LÍFRÆNT
TÓMATSUPA
MEÐ CHILLI



798
KR. 400 gr

SOLLU - LÍFRÆNT
KAFFI 400gr
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



398
KR. 340 gr

SOLLU - LÍFRÆNT
HNETUSMJÖR
FÍNT-GRÓFT 340 gr



398
KR. 1 KG

SOLLU - LÍFRÆNT
SPELTHVEITI
FÍNT-GRÓFT 1 kg.


AFGREIÐSLUTÍMI
SUNNUDAGUR
12:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



BEINHREINSAÐUR FERSKUR LAX **1998** KR. kg



BEINHREINSUÐ ÍSLENSK BLEIKJA **1498** KR. kg




FERSKUR GRILL MARINERAÐUR LAX **2298** KR. kg



279 KR. KG

KJÖRFUGLS FERSKIR **KJÚKLINGAVÆNGIR**



GRILL MARINERUÐ FROSIN LUDA **2798** KR. kg



1998 KR. KG

KJÖRFUGLS FERSKAR **KJÚKLINGABRINGUR**



679 KR. KG

FERSKUR **GRÍSABÓGUR**



779 KR. KG

KJÖRFUGL HEILL FERSKUR **KJÚKLINGUR**



698 KR. KG

KJÖRFUGLS FERSKIR **KJÚKLINGALEGGIR**



798 KR. kg

FROSUÐ **LAMBASÚPUKJÖT 1.FL.**



398 KR. 2 stk.

100% UNGNAUTAHAMBORGARAR



KS FROSINN GRILL **SAGAÐUR FRAMPARTUR**

798 KR. kg



1598 KR. KG

KS.FROSUÐ **LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**



3198 KR. KG

KS.FROSUÐ **LAMBAFILLET**

FROSUÐ LAMBAKJÖT GOTT VERÐ Í BÓNUS



SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJÁÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER **MEIRA KJÖT** OG **MINNA BEIN** Á LÆRINU!



ÍSLANDSLAMB FERSKT **KRYDDAÐ LAMBALÆRI** **1498** KR. kg

SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI



SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJÁÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER **MEIRA KJÖT** OG **MINNA BEIN** Á LÆRINU!



ÍSLANDSLAMB FERSKT **SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI** **1498** KR. kg

AFGREIÐSLUTÍMI **SUNNUGAGUR** **12:00-18:00**

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda **VILDARPUNKTA** VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI **LAUGARDAGUR** **10:00-18:00**

Heitar Konur í Cannes og París norðursins

Nanna Kristín Magnúsdóttir, leikkona með meiru, er á ferð og flugi þessa dagana. Ekki fyrr lent á Íslandi eftir ferð á kvikmynda-hátíðina í Cannes til að koma eigin handritum á framfæri en hún heldur vestur á Flateyri til að leika í kvikmyndinni París norðursins. Síðan tekur við spennandi verkefni í Borgarleikhúsinu, en innan fimm ára er markmiðið að leikstýra eigin kvikmynd.



FERSK FRÁ CANNES Nanna Kristín fór með tvö kvikmyndahandrit til Cannes og fékk góðar undirtektir. Annað þeirra er sálfræðitryllir byggður á skáldsögunni Konum eftir Steinar Braga, hitt er gamandrama sem ætlað er fyrir alþjóðlegan markað.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Vandamálið er ekki skortur á konum í kvikmyndagerð eða áhugi kvenna á greininni. Vandamálið er skortur á vinnu og viðurkenningu fyrir konur innan geirans.

Það er engin þreytumerki á Nönnu Kristínu að sjá þegar hún svífur inn í morgunverðarsalinn á KEX-hosteli í hvíttri skyrtu og dökkum gallabuxum, með uppsett hár og blik í auga. Þó eru ekki nema nokkrir klukkutímar síðan hún lenti í Keflavík eftir vel heppnaða ferð til Cannes. Hvernig stóð á ferð hennar þangað?

„Ég útskrifaðist fyrir mánuði frá Vancouver Film School, þar sem ég var að læra handritagerð. Í náminu kláraði ég meðal annars tvö handrit að kvikmyndum í fullri lengd. Annað er gamandrama sem er meira hugsað fyrir alþjóðlegan markað en hitt byggir á skáldsögunni Konum eftir Steinar Braga. Þar er ég að reyna að fara meira út í sálfræðitrylli. Það væri hægt að fara mjög margar leiðir með þá sögu, það er svo margt í henni, en ég valdi þá leið að leggja áherslu á sálfræðina í stað þess að fara út í beinan hrylling. Ég er búin að vera þrjú ár að skrifa þá handrit, því mér finnst oft skorta upp á að nóg rækt sé lögð við þau og þá meina ég alls ekki bara í íslenskum kvikmyndum, en það er önnur saga. Ég var sagt að kynna handritin mín í Cannes og það gekk alveg ótrúlega vel. Ég var á fundum með meðframleiðendum frá Svíþjóð, Danmörku og Frakklandi út af Konum og þeir vilja allir lesa handritið. Ég er að framleiða myndina hjá Zik-Zak kvikmyndum og við erum ekki búin að ákveða hvaða leið við förum og ekki

búið að ráða leikstjóra, þannig að þetta er allt á byrjunarstigi, en lítur mjög vel út. Hinu handritinu var líka vel tekið og það er í skoðun hjá einum aðila.“

Vinnubúðir á Flateyri

Nanna Kristín hefur verið fastráðin leikkona hjá Þjóðleikhúsinu, leikið í Borgarleikhúsinu, var einn af stofndum Vesturports og hefur leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta. Er hún alveg búin að leggja leikferilinn á hilluna? „Nei, nei. Ég ætlaði reyndar að vera annað ár í Vancouver því ég fæ atvinnuleysi þar og er búin að mynda mjög góð sambönd. En þar yrði ég auðvitað dálítið að byrja frá grunni og vinna mig upp þannig að ég var svona að velta þessu fyrir mér. Þegar ég var nýkomin heim um daginn fékk ég símtal frá Magnúsi Geir sem bauð mér vinnu í afskaplega skemmtilegu og spennandi verkefni í Borgarleikhúsinu næsta vetur og ég bara gat ekki sagt nei. Ég hafði þrjú daga áður en ég fór til Cannes til að ákveða það hvort ég ætlaði að flytja heim með alla fjölskylduna eða vera áfram úti og niðurstaðan er sú að ég held að við séum bara að flytja aftur í Vesturbæinn. Allavega næsta árið.“

Alla fjölskylduna? Hvað er hún stór? „Það er maðurinn minn, Kristinn Vilbergsson, svo á ég stjúpdóttur sem er sautján ára, sex ára strákur og stelpu sem er að verða þriggja ára. Þannig að þetta er stórfjölskylda.“

Og þau fluttu öll með þér út? „Já, við förum öll. Stjúpdóttir mín er reyndar í

MR en var hjá okkur í öllum frúm og um sumarið. Strákurinn fór í skóla og gekk bara rosa vel og hann er orðinn altalandi á ensku. Dóttir mín er það ung að ef hún fær ást og umhyggju þá er henni nokkuð sama hvar hún er í heiminum.“

Og svo ertu að fara til Flateyrar á morgun? „Já, já, beint frá Cannes til Flateyrar. Ég er að fara að leika í myndinni þeirra Hadda Gunna og Huldars Breiðfjörð, París norðursins. Tökurnar standa yfir í fjórar vikur þannig að ég ætla bara að gefa mér tíma til að skrifa þá daga sem ég er ekki í tökum. Fjölskyldan fer aftur til Vancouver og verður þar út júní svo sonurinn geti klár- að skólann, þannig að ég verð hvort eð er ein. Það er ekkert smá flott að geta bara verið í vinnubúðum á Flateyri í mánuði. Ég hlakka líka mjög mikið til að vinna með þessum hópi. Ég hef til dæmis aldrei leikið á móti Helga Björns og þótt við Björn Thors höfum einhvern tíma verið saman í sýningum hjá Þjóðleikhúsinu hafa það verið svo stórar sýningar að við höfum ekki einu sinni hist. Svo eru þarna Sigurður Skúlason og Jón Páll Eydjólsson, sem ég hef unnið með áður.“

Stórt vandamál í Hollywood

Þetta er mikið karlasafn, fylgdistu með umræðunni hér heima í kringum Edduverðlaunin um stöðu kvenna í íslenskum kvikmyndageira? „Já, ég gerði það nú. Mér finnst sú umræða mjög þörf og góð. Vandamálið er ekki skortur á konum í kvikmyndagerð eða áhugi kvenna á greininni. Vandamálið er skortur á vinnu og viðurkenningu fyrir konur innan geirans. Þetta er ekki einskorðað við Ísland. Þetta er stórt vandamál í Hollywood. Ef við tökum Óskarinn sem dæmi hafa aðeins fjórar konur verið tilnefndar sem bestu leikstjóri. Ein af þeim er Jane Campion, sem fékk einmitt heiðursverðlaun nú í Cannes. Hún er eina konan sem hefur nokkurn tímann hlotið þann heiður að vinna Palm D'Or, fyrir „Piano“ árið 1993. Nú heilum tuttugu árum síðar er aðeins einn kvenleikstjóri í hópi þeirra sem eru tilnefndir til Palm D'Or. Það gefur auga leið að það er nóg af myndum eftir konur sem eru gjaldgengar þetta árið. Auðvitað eru aðrar konur með kvikmyndir á

hátíðinni eins og Sofia Coppola en mynd hennar „Bling Ring“ er tilnefnd sem Un Certain Regard en í þeim flokki eru frumlegar og ódrúvis myndir sem vert er að taka eftir. Viðfangsefnið í myndum hennar eru að mínu mati ótrúlega spennandi og frásagnarmátinn sérstakur og sannur. Þannig að, já, hún á svo sannarlega heima í flokki frumlegra og ódrúvis leikstjóra en það hlýtur að vera eitt af atriðunum sem nauðsynleg eru til að vera í hópi þeirra tuttugu leikstjóra sem eru tilnefndir til Palme D'Or.“

Nanna Kristín kveður fast að og raddar samhljóðana, er hún að norðan? „Já, ég er fædd á Akureyri. Þjó þar samt bara í sex ár svo það er ótrúlegt að það skuli heyrast ennþá. Ég þarf stundum að vanda mig þegar ég er að leika að sleppa norðenska framburðinum. Ég er greinilega svona föst í rótunum.“

Hálf smeyk að lesa blöðin

Talandi en rætur hvernig leggst það í þig að vera að flytja heim eftir árs fjarveru? Hefur eitthvað breyst?

„Já, mér finnst það. Bæði jákvætt en því miður líka neikvætt. Ég er í hálfgerðu sjökki. Mér finnst svo mikið um ofbeldi og verð bara hálf smeyk þegar ég er að lesa blöðin. Ég reyndar fylgdist lítið með innlendum fréttum hér þetta ár sem ég var í burtu. Þetta var mjög intensívt nám og ég ákvað bara að vera alveg fókuseruð á það. Var líka komin með upp í kok af umræðunni í íslenskum fjölmiðlum áður en ég fór. Mér finnst samt eins og eitthvað hafi breyst, kannski er það vitleysa í mér. Ég hef ekki haft mikinn tíma til að melta þennan viðsnúning að flytja heim en það er alltaf yndislegt að vera nálægt fjölskyldu og vinum. Ég ætla að njóta þess í vetur því planið er nú að flytja aftur út.“

Og hvernig er langtímaplanið? „Ég er búin að læra að það er ekki gott að plana of langt fram í tímann, það virkar yfirleitt ekki. En markmið mín eru að leikstýra eigin mynd og síðan að ná jafnvægi milli vinnu og fjölskyldu. Þótt allt sé mjög spennandi núna og mér gangi vel þá eru börnin mín alltaf í fyrsta sæti og það er stutt í mömmusamviskubitið. Þannig að stærsta markmiðið er að ná jafnvægi þarna á milli til að njóta mín til fulls í vinnu og einkalífi.“

Sálfræðitryllir upp úr Konum Steinars Braga

Skáldsagan Konur eftir Steinar Braga kom út 2008 og vakti strax sterk viðbrögð. Sagan segir frá ungrri íslenskrí listakonu sem snýr heim til Íslands eftir nokkurra ára dvöl í Bandaríkjunum og reynir að ráða saman brotunum í lífi sínu. Lánið virðist leika við hana þegar bankamaður, einn íslensku útrásarvíkinganna, býður henni af örlæti að dvelja endurgjaldslaus í glæsilegri þakíbúð í háhýsi við Sæbraut meðan hún kemur sér fyrir. Smám saman fær hún þó á tilfinninguna að verið sé að leiða hana í gilddu. Konum var fádæma vel tekið af gagnrýnendum og lesendum og hún var tilnefnd til menningarverðlauna DV í bókmenntum.

Zik-Zak keypti kvikmyndaréttinn ári eftir að bókinn kom út og síðan hefur Nanna Kristín setið við handritaskrif sem báru góðan ávöxt í Cannes. „Það væri alveg hægt að gera hryllingsmynd úr þessari sögu,“ segir hún. „En mér fannst bókinn dýpri en það og hafði mestan áhuga á sálfræðilegu hlíðinni á sögunni.“



FIND **NEW** ROADS™



CHEVROLET



1.790 ÞÚS. KR.

SÖLUHÆSTI SMÁBÍLLINN ER JAFNFRAMT SÁ ÓDÝRASTI



CHEVROLET SPARK ER ÖRUGGT SPARNAÐARRÁÐ FYRIR HEIMILIÐ

Chevrolet Spark er söluhæsti smábíllinn á landinu. Hann er skynsamlegt sparnaðarráð sem verður að veruleika í minni útgjöldum. Spark er sparneytinn, umhverfsvænn og er jafnframt sá ódýrasti á markaðinum. Rekstrarsparnaður með Spark skilar sér því bæði í heimilisbudduna og í betra andrúmslofti.

Chevrolet Spark LS 1.0 • bensín • bsk • 5 dyra
Chevrolet Spark LT 1.2 • bensín • bsk • 5 dyra

Verð: 1.790 þús. kr.
Verð: 1.990 þús. kr.



**Bilbúð
Benna**
Sérfræðingar í bilum

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Opið alla virka frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

TÓNLEIKASUMARIÐ MIKLA Á ÍSLANDI

3. JÚNÍ

DANIEL JOHNSTON – Fríkirkjunn

Bandaríkjamaður sem spilar indítónlist með ljúfsárum textum. Hann er með geðsjúkdóm og hefur verið nokkuð utangarðs í list sinni.

5.-9. JÚNÍ

Keflavík Music Festival

RUDIMENTAL

Hljómsveitina skipa ungrir menn frá London sem risu upp metorðastigann árið 2012 þegar lagið Feel the Love fór á toppinn.

CHASE & STATUS

Tvíeyki frá London sem hefur gefið út tvær plötur og hefur unnið með Tinie Tempah, Rihönnu og Cee Lo Green.

FAR EAST MOVEMENT

Asísk-bandarískur hipphopp-kvartett frá Los Angeles. Hefur komist ofarlega á vinsældarlista víða um heim.

NICKY ROMERO

Hollenskur plötusnúður og house-tónlistarmaður.

IGGY AZALEA

Áströlsk stelpa sem hefur skapað sér nafn sem einn af mest spennandi og efnilegustu röppurum hipphoppheimsins.

OUTLANDISH

Hafa verið að í um tuttugu ár og eru þeir eitt þekktasta bandið í Danmörku.

RÖYKSOPP

Norskt raftónlistartvíeyki sem hefur spilað víða um heim og átt nokkur vinsæl lög.

THE TEMPER TRAP

Áströlsk indírokkveit sem var stofnuð árið 2005 og hefur gefið út tvær plötur. Sú síðari hlaut mikið lof gagnrýnenda.

TINIE TEMPAH

Fyrsta lagið hans, Pass Out, náði efsta sæti breska vinsældarlistans. Hann hlaut tvenn Brit-verðlaun árið 2011.

7.-9. JÚNÍ

JETHRO TULL – Hof, Höllin og Harpa

Pverflautuleikarinn Ian Anderson og félagar spila sín bestu lög á þrennum tónleikum á Akureyri, í Vestmannaeyjum og í Hörpu.

11. JÚNÍ

BAND OF HORSES – Harpa

Þessi kunna bandaríska indíhljómsveit hefur gefið út fjórar plötur. Frægustu löggin eru Is There a Ghost og The Funeral.

19. JÚNÍ

DIONNE WARWICK – Harpa

Ein skærasta stjarna popptónlistarsögunnar. Hefur unnið til fimm Grammy-verðlauna og gefið út 25 plötur.

28.-29. JÚNÍ

All Tomorrow's Parties – Ásbrú

THE FALL

Enska síðpönskveitin með Mark E. Smith í fararbroddi spilar á All Tomorrow's Parties.

THEE OH SEES

Rokkhljómsveit frá San Francisco í Bandaríkjunum sem þykir mjög öflug á tónleikum.

THE NOTWIST

Þýskt indírokkband sem er á mála hjá útgáfunni Morr Music eins og nokkrir Íslendingar.

NICK CAVE AND THE BAD SEEDS

Stærsta nafnið á All Tomorrow's Parties. Ástralinn Nick Cave spilaði síðast á Íslandi 2006.

CHELSEA LIGHT MOVING

Ný hljómsveit Thurstons Moore úr hinni þekktu bandarísku tilraunarokksveit Sonic Youth.

DEERHOOF

Óútreiknanleg noise-hljómsveit frá San Francisco. Hefur gefið út ellefu plötur.

SQÜRL

Bandarísk hljómsveit með leikstjórnann Jim Jarmusch fremstan í flokki.

12. JÚLÍ

DEEP PURPLE – Laugardalshöll

Ensku rokkgoðsagnirnar eru að koma til Íslands í fjórða sinn. Síðast spiluðu þeir á tvennum tónleikum í Höllinni árið 2007.

16. JÚLÍ

FRANK OCEAN – Laugardalshöll

Án efa heitasti tónlistarmaðurinn sem kemur til Íslands í sumar. Gaf út eina bestu plötu síðasta árs, Channel Orange.

17. JÚLÍ

CHIC AND NILE RODGERS – Laugardalshöll

Diskóhljómsveitin spilar vinsæl lög á borð við Le Freak, I Want Your Love, Everybody Dance, Upside Down og We Are Family.



12. JÚLÍ

16. JÚLÍ

VEISLA FRAM UNÐAN

Frank Ocean, Nick Cave and the Bad Seeds, Band of Horses, Deep Purple, Dionne Warwick og Tinie Tempah spila öll á Íslandi í sumar.

5.-9. JÚNÍ

19. JÚNÍ

28.-29. JÚNÍ

11. JÚNÍ

Aldrei fleiri tónleikar að sumri til á Íslandi

Líklega hafa aldrei verið haldnir jafnmargir tónleikar með erlendum poppurum hér á landi að sumri til og í ár. Í júní og júlí verða tvær stórar hátíðir í Reykjanesbæ auk þess sem sjö stakir tónleikar verða í Reykjavík.

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð Sólland og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16 í síma 585 2700 og 585 2770.

Einnig er hægt að panta beint af vefnum www.kirkjugardar.is



Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is



Að minnsta kosti 23 tónleikar verða haldnir með þekktum erlendum poppurum og rokkurum á Íslandi í sumar. Langflestir verða þeir í júní, eða tuttugu talsins. Engir stórir tónleikar eru fyrirhugaðir í ágúst eða september, enn sem komið er. Þessi mikli fjöldi erlendra tónlistarmanna á Íslandi í sumar ber vott um að kreppunni í tónleikahaldi sé lokið hér á landi, sem hljóta að teljast góð tíðindi fyrir íslenska tónlistaráhugamenn.

Eftir að efnahagshrunið varð fyrir fimm árum hættu tónleikahaldarar snarlega að flytja inn erlenda listamenn vegna hruns krónunnar eftir mikla gósentíð fram að því þegar hver stjarnan á fætur annarri kom hingað.

Eftirspurnin var mikil og fyrir vikið voru áhorfendur færri á einhverja tónleika en vonir stóðu til. Sú gæti hæglega orðið raunin í sumar og verður spennandi að sjá

Taka þátt í bjartsýnisbylgju

„Það er ánægjulegt að það sé komin stemning í menn þrátt fyrir erfið skilyrði með krónuna svona skítauma,“ segir tónlistarsérfræðingurinn Dr. Gunnar spurður út í tónleikahaldið í sumar. „Dollarinn og evran eru hrikalega há og þetta er örugglega svipað núna og það hefur verið síðustu ár. En þeir [tónleikahaldararnir] eru að taka þátt í einhverri bjartsýnisbylgju núna. Það er bara vonandi að þetta standi allt undir sér.“

Hann viðurkennir að líklega hafi aldrei fleiri komið hingað til tónleikahalds að sumri til en í heildina hafi þekktari nöfn komið hingað á árunum 2004 til 2006. „Það voru fleiri A-klassa gígg, sérstaklega 2004 og 2005.“

Sjálfur er hann spenntastur fyrir Daniel Johnston og hátíðinni All Tomorrow's Parties á gamla varnarsvæðinu í Keflavík. „Ég hvet fólk eindregið til að láta þá staðsetningu ekki draga úr því að það mæti.“

hvort allir tónleikahaldarar eigi eftir að koma út í plús þegar talið hefur verið upp úr „kjörkössunum“ að tónleikasumrinu mikla loknu. Fyrir þá sem hafa ekki fengið nóg um sumarið verður hátíðin Iceland Airwaves sem fyrr

haldin í haust þar sem stærsta nafnið verður þýska raftónlistarsveitin Kraftwerk. Skömmu síðar verða haldnir „næntísi“-tónleikar í Laugardalshöll þar sem Scooter, Snap! og Vengaboys halda uppi stuðinu.





BÓKSÖLULISTINN

METSÖLUBÆKUR FORLAGSINS



„... sagan er vel skrifuð,
flækjurnar eru úthugaðar ...“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ




1.
SÆTI

MEST SELDU KILJURNAR
5.-18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI

2.
SÆTI

MEST SELDU KILJURNAR
5.-18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI



3.
SÆTI

MEST SELDU KILJURNAR
5.-18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI



4.
SÆTI

MEST SELDU KILJURNAR
5.-18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI



„... mögnuð, æsispennandi
og afar óhugnanleg saga.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

1 kr.
sendingargjald í
takmarkaðan tíma!

„... óskaplega
skemmtileg lesning,
undir niðri kraumar sterk
réttlætiskennnd og útkoman
úr þessari blöndu beittrar gagn-
rýni og hnyttni er býsna góð.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ



„... hentar vel rómantísk-
um sálum sem vilja
spennandi afþreyingu.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ



www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

GRÍNPÆTTIRNIR ARRESTED DEVELOPMENT SNÚA AFTUR EFTIR SJÖ ÁRA HLÉ

GEORGE BLUTH ELÐRI

Leikinn af Jeffrey Tambor

Ættfaðirinn sem lendir í fangelsi fyrir það sem hann segir að gætu talist „væg landráð“ í rekstri fjölskyldufyrirtækisins. Unir sér í fyrstu vel í fangelsinu en fljótlega fara flóttatilaunir að verða nánast daglegt brauð. Á auðvitað í sambandi við einkaritarann sinn.

GEORGE OSCAR BLUTH (GOB)

Leikinn af Will Arnett

GOB (borið fram eins og Djób) er skírður í höfuðið á föður sínum og Oscar tvíburabróður hans. GOB er auðnuleysingi og flagari með minnimáttarkennd sem sinnir töfrum í hjáverkum og tekur þá mjög alvarlega. Fjölskyldunni þykir þó ekki mikið til starfars koma.

TOBIAS FÜNKE

Leikinn af David Cross

Eiginmaður Lindsay er kynvilltur sálfræðingur sem þráir að verða leikari. Hann ber titilinn „analrapist“ með stolti (blanda af ensku orðunum analyst og therapist) en er ekki jafnstoltur af því að þjást af sálfræðilegum kvilla sem veldur því að hann getur aldrei verið nakinn og þarf ávallt að klæðast skálmalausum gallabuxum næst skinninu.

LINDSAY FÜNKE

Leikin af Portiu de Rossi

Systirin í Bluth-fjölskyldunni er gift Tobias Fünke og hefur stöðugar- og eðlilegar-áhyggjur af sambandinu. Sjálf er hún löt með afbrigðum, hefur varla unnið handtak á ævinni og vanrækir dóttur sína. Hún stendur reglulega fyrir söfnunum í þágu málefna sem hún hefur takmarkaða ástríðu fyrir.

MICHAEL BLUTH

Leikinn af Jason Bateman

„Hreini“ sonurinn sem á að taka við ættarveldinu. Ekkillinn Michael er búinn að fá sig fullsaddan af ruglinu en á erfitt með að slíta sig lausan frá fjölskyldunni sem hann þolir ekki. En er hann kannski ekki jafnfullkominn og af er látið?

LUCILLE BLUTH

Leikin af Jessicu Walters

Misástkær eiginkona George eldri. Lucille er léttrasíkt snobhænsn og á í langvinnu stríði við nöfnu sína sem er bæði besta vinkona hennar og erkióvinur. Lucille glímir við svæsið áfengisvandamál en reynist þó talsvert kærni en hún lætur uppi dagsdaglega.

BUSTER BLUTH

Leikinn af Tony Hale

Yngsti sonurinn er seinfær mömmustrákur sem hefur verið allri ævinni í miður gagnlegt nám. Hann býr enn hjá mömmu og pabba, fær regluleg kvíðaköst af minnsta tilefni, er hræddur við opin og lokuð rými og elskar ekkert meira en djús, nema ef vera skyldi mömmu sína.

MAEBY FÜNKE

Leikin af Aliu Shawkat

Dóttir Fünke-hjónanna er hraðlyginn og lævis svikarhrappur sem kemst upp með hvað sem er vegna þess að foreldrar hennar nenna lítið sem ekkert að sinna henni. Hún býr til hin og þessi hliðarsjálftil að fá sínu framgengt og kemur George Michael, frændanum sem er ástfanginn af henni, gjarnan í klípu.

GEORGE MICHAEL BLUTH

Leikinn af Michael Cera

Sonur Michaels er taugaóstyrkur og vandræðalegur með afbrigðum og ekki bætir úr skák þegar hann verður ástfanginn af frænku sinni. Hann er allt of dugmikill starfsmaður líftillar sjoppu fjölskyldunnar niðri á höfn þar sem kaupna má frosna banana. Svo kann hann ekki að grípa-neitt.

Biðin eftir Bluth-fjölskyldunni á enda

Hvað hefur drifið á daga skemmtilegustu fjölskyldu veraldar undanfarin sjö ár? Við því fæst svar innan sólarhrings, þegar ný þáttaröð af Arrested Development verður loksins frumsýnd á vefnum Netflix. Upp með skálmalausum gallabuxurnar og stingið banönum í frystinn.

Stígur Helgason

stigur@frettabladid.is



Sumir halda því fram að hægt sé að horfa á fyrstu þrjár þáttaröðirnar af Arrested Development þúsund sinnum og eiga samt enn eftir að uppgötva leynda brandara í eitt-þúsundastaogfyrsta skipti. Hér verður ekki lagt mat á sannleiksgildi slíkra fullyrðinga, en hitt er samt mjög líklegt að Mitch Hurwitz og félagar hafi grínast svo framúrsteftulega á köflum að það muni aldrei neinn fatta það nema þeir.

Þessi skammlífa gamanþáttaröð um hrakfarir Bluth-fjölskyldunnar þykir eitthvert margslungnasta og úthugsadasta grínefni sem birst hefur á sjónvarpsskjáum. Þættirnir sópuðu að sér Emmy-verðlaunum og urðu mörgum æstum aðdáendum harmdauði þegar þeim var kipt af dagskrá fyrir sjö árum sökum óvinsælda vestanhafs.

En nú er loksins komið að því að Bluth-slektið hljóti uppreisn æru. Fjórdi þáttaröðin – fimmtán nýir þættir, átta og hálf klukkustund að lengd – verður gerð aðgengileg á netmiðlinum Netflix á morgun eftir langa þrautargöngu allra hlutaðeigandi.

Fyrir þá sem ekki þekkjá til þáttanna má í sem stystu máli segja, með vísan til upphafsorða þeirra, að fyrstu þrjár þáttaröð

irnar fjalli um tilraun Michaels Bluth til að halda fjölskyldu sinni og fjölskyldufyrirtækinu á fótunum eftir að faðir hans er handtekinn, grunaður um alvarleg afbrot í rekstrinum. Inn í þetta fléttast tugir ógleymanlegra aukapersóna, til dæmis lögmaðurinn Barry Zuckerkorn, trúarofstækisstelpa óeftir-minnilega Ann Veal og einkaspæjarinn Gene Parmesan. Þau munu öll birtast aftur í fjórðu þáttaröðinni, þar sem við fáum að vita hvað hefur drifið á daga þessara kynlegu kvista öll þessi ár.

Íslendingar sem eru þyrstir í annan skammt af þessari veislu fyrir heilann og hláturtaugarnar þurfa ekki að bíða of lengi, því að fjórða þáttaröðin verður sýnd á Stöð 2 frá og með föstudeginum 14. júlí.

→ Jafnhrott og klikkað og teiknimynd

„Þetta er alveg frábært efni en það höfðar kannski ekki til allra,“ segir Ari Eldjárn, einn fjölmargra aðdáenda Arrested Development. „Mér finnst þetta snilld af því að þetta eru leiknir gamanþættir sem eru samt jafnhraðir og klikkaðir og teiknimynd.“



Tókstu eftir þessu? (Varúð – hér leynist spilliefni!)

- Í þættinum Notapusy má sjá George Michael í skyrtu með sama litamyndi og nammið í skálinni fyrir framan hann.
- Á hátíðisdögum klæðist Lupe, þerna Lucille, alltaf gömlum fötum af Bluth-fjölskyldunni sem hæfa ekki tilefninu. Í eitt skipti er hún í hrekkjavökupeysu í jólabóði og í annað er hún í þakkargjörðarpeysu á Valentínusardag. Dæmin eru fleiri.
- Ítrekað er ýjað að því í þáttunum að Tobias telji

- sig vera blökkumann í líkama hvítungja.
- Í fyrri hluta annarrar þáttaröð er bananasölu-turn Bluth-fjölskyldunnar dreginn úr hafinu eftir skemmdarverk. Á honum virðist standa: „I'll Get You Bluths–Hello“. Það er ekki fyrir en í lok þriðju þáttaröðar sem í ljós kemur að ættleiddur sonur Lucille heitir ekki Annyong heldur Hel-loh og að hann hafði alla tíð áformað hefndir vegna þess þegar Bluth-fjölskyldan hrakti bananasöllumanninn föður hans af höfninni.

- Enginn í fjölskyldunni getur beitt hamri. Ef maður horfir á allar þáttaröðirnar meðvitaður um þá staðreynd finnast minnst sjö dæmi.
- GOB kemst upp með að nota orðið „fucking“ í einum þáttanna. Atriðið er klippt í miðju orði og síðari hluti setningarinnar sýndur á undan. Hann hefst á orðunum „...cking 63 hundred dollar suit!“. Seinna í þættinum sjáum við nánasta aðdragandann sem endar á orðunum: „No, Al. I want to spill booze all over my fu...“



Til hamingju með Dag barnsins ☺

Barnaheill - Save the Children á Íslandi senda öllum börnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir með þennan árlega opinbera dag, sem tileinkaður er öllum börnum síðasta sunnudag í maí. Samtökin hafa sent nýkjörnum þingmönnum áskorun þar sem þeir eru minntir á að vinna að mannréttindum barna í starfi sínu.

Ekki er barn á að þurfa að búa við tækt.

Ekki má misumuna börnum eftir stöðu þeirra eða foroldra þeirra.

Öll börn eiga rétt á að ganga í skóla og fá tærfari til að þroskast á eigin forsendum.

Öll börn eiga rétt á heilbrigðisþjónustu og tannlæringum.

Svo eiga öll börn rétt á hvíld, tómstundum og að leikasér.

Samfélag sem býr vel að börnum og fjölskyldum þeirra er gott samfélag sem fjárfestir til framtíðar.

Að forgangsraða í þágu barna er íslenski þjóð til heilla. Barnaheill - Save the Children á Íslandi munu halda áfram að standa vaktina fyrir börn, nú sem endranær. Áskorunina til þingmanna er að finna í heild sinni á barnaheill.is.

Það þarf þjóð til að vernda barn.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Með því að gerast heillavinur styður þú mannréttindi barna með mánaðarlegu framlagi.

Barnaheill.is/heillavinur



Á VINNU-STOFUNNI
Ég er mannfræðingur að ævistarfi því mannfræðin gefur ákveðna sýn á þau viðfangsefni sem mæta manni í lífinu og hún hefur nýst mér, alveg sama hvar ég hef borið niður," segir Sigríður Dúna.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hugarfarið skiptir öllu máli

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir prófessor svaraði í símann á Grænhöfðaejnum við Afríkustrendur í mars síðastliðnum þegar reynt var að fá hana í viðtal vegna 30 ára afmælis Kvinnalistsans sem hún tók hún þátt í að stofna og sat á þingi fyrir. Viðtalinu var þá slegið á frest. Nú ber það upp á þann dag sem verið er að mynda nýja ríkisstjórn á Íslandi.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Sigríður Dúna er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundi Sigmundar Davíðs og Bjarna Ben á Laugarvatni og búin að prenta út stjórnarsáttmálann þegar blaðamaður ber að garði. Fjöldi kvenna í áhrifastöðum hefur lengi verið til umræðu í þjóðfélaginu og nú virðist konum vera að fækka bæði í ríkisstjórn og á þingi. Sigríður Dúna segir að það sé ekki gott en bætir við: „Ég er ekki í þeirri deild sem leggur mesta áherslu á að telja hausa eftir kynferði. Mestu máli skiptir hvaða hugmyndir eru í höfðinu á fólki og hvort það hefur skilning á þeim málum sem varða jafnrétti og jafnstöðu kynjanna. Það fer ekki alltaf eftir líffræðilegu kyni," segir hún.

En hvernig finnst henni kvinnabaráttan sem hún tók þátt í hafa skilað sér áfram? „Þegar hugsað er til baka um þrjátíu ár, frá því við settum saman Kvinnalistan, þá hefur gífurlega margt áunnist. Vandinn er sá að hugmyndirnar um hlutverk kynjanna eru svo fastbundnar í menningunni að það tekur langan tíma að breyta þeim, miklu lengri en að breyta lögum og reglum.“ Hún tekur sem dæmi lög frá 1911 um jafnan rétt kvenna og karla til háskólanáms, styrkja og embættis. „Það leið hálf öld frá lagasetningunni þar til konur fóru að ráði að sækja háskóla og 60 ár þar til fyrsta konan vígðist prestur. Því olli ekki skortur á réttindum heldur hugarfar," bendir hún á.

Fjárhagslegt sjálfstæði stórmál

Lög um jöfn laun kvenna og karla eru meðal þeirra sem dregst að framfylgja. „Mér þótti athyglisvert að í miðri nýafstaðinni kosningabaráttu fengum við enn eina könnunina um óútskýrðan launamun kynjanna en hún var varla rædd af frambjóðendum. Þegar Kvinnalistinn var og hét hefði enginn komist hjá því að ræða könnun sem þessa í aðdraganda kosninga.“

Þar sem hún heldur á hinum nýja stjórnarsáttmála Framsóknar og Sjálfstæðisflokks gluggar Sigríður Dúna í jafnréttisafslátt. Hún er ánægð að þar stendur að fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga sé grundvöllur jafnréttis og að huga þurfi að því, óháð hjú-

skaparstöðu. „Þessi klausa lætur lítið yfir sér en er stórmál," segir hún. „Það er búið að samtengja fjárhag hjóna með ýmsu móti í lögum enda er nú alltaf talað um „heimilin í landinu“. Fjárhagslegt sjálfstæði kvenna, sem alla tíð hefur verið baráttumál kvenfrelsisinnna, hefur ekki verið á dagskrá. Það er arfaslæmt og ég velti fyrir mér hvort þetta viðhaldi meðal annars óbeint launamun kynjanna, að vinnuveitendur hugsi sem svo að ef þeir borga körlunum hærri laun þá komi það konunum þeirra til góða?“

Sjálf hefur Sigríður Dúna lengi verið fjárhagslega sjálfstæð og látið fátt stoppa sig. Hún heillaðist af ævintýra- og ferðabókum sem barn og þegar hún heyrði minnst á mannfræði las hún sér til um hana í alfræðibókum því ekkert var internetið á þeim tíma. Strax að stúdentsprófi loknu hélt hún til London til náms í mannfræði við London School of Economics. Það var árið 1972. Síðar fór hún til Bandaríkjanna og lauk doktorsprófi frá Rochester en kenndi mannfræði við Háskóla Íslands jafnhliða náminu. Það er hún einnig að gera í dag enda prófessor í mannfræði við HÍ. Í millitíðinni hefur hún bæði verið á Alþingi Íslendinga og í utanríkisþjónustunni. „Ég er mannfræðingur að ævistarfi því mannfræðin gefur ákveðna sýn á þau viðfangsefni sem mæta manni í lífinu og hún hefur nýst mér, alveg sama hvar ég hef borið niður.“

Öryggisstúss og áhyggjur

Árið 2006 fékk Sigríður Dúna launalaust leyfi frá HÍ og fór til starfa fyrir utanríkisþjónustu Íslands í Suður-Afríku. Sigríður, 12 ára dóttir hennar, fór með henni en voru þær í öruggu umhverfi? „Nei, enda fór mikill tími í öryggisstúss og áhyggjur. Við okum í læstum bíl á milli staða og læstum að okkur þegar sólin gekk til vinar. Dóttir mín var ansi dugleg en svo þreifst hún eðlilega ekki í þessu umhverfi og fékk þá ósk uppfyllta að fara heim til pabba síns, Friðriks Sophussonar, sem var í fullri vinnu hjá Landsvirkjun en kom til okkar eins oft og hann gat. Ég hafði afar gaman af starfinu í Afríku en skylda mín var fyrst og fremst við dóttur mína svo ég sótti um flutning og eftir tveggja ára dvöl í Suður-Afríku var ég send til Noregs sem sendiherra. Nokkrum vikum eftir að ég kom til Óslóar varð bankahrunið hér og Friðrik sem ætlaði að hætta hjá Landsvirkjun var beðinn að stjórna henni ár

í viðbót svo við bjuggum saman mæðgurnar í Ósló.“ Hún segir aðstæður fólks í Suður-Afríku og Noregi gerólíkar þó að bæði löndin séu rík. „Munurinn er sá að í Suður-Afríku er ríkidæmið á höndum örlítills brots þjóðarinnar en í Noregi er meiri jöfnuður.“

Leiðir göngu um slóðir Ólafíu

Áður en Sigríður Dúna flutti til Óslóar hafði hún dvalið þar við heimildaðöflun vegna ritunar bókar um Ólafíu Jóhannsdóttur sem starfaði að líknarmálum í Ósló upp úr aldamótunum 1900. „Norðmenn eru hrifnir af Ólafíu og íslenski söfnuðurinn í Ósló hefur líka haldið minningu hennar á lofti. Sóknarprestur þar er séra Arna Grétarsdóttir og við unnum mikið saman í kjölfar bankahrunsins því sendiráðið var bara þriggja manna og gat ekki sinnt öllum þeim vanda sem fylgdi mikilli fjölgun Íslendinga í Noregi. Því var stuðningur safnaðarins ómetanlegur. Meðal annars var stofnaður sjóður í nafni Ólafíu sem styrkir bágstadda Íslendinga og þar er ég stjórnarformaður og þykir vænt um. Við vinnum í anda Ólafíu og ef fólk verður fyrir áföllum má sækja um aðstoð til okkar en aðeins einu sinni því sjóðurinn er ekki stærri en það.“

Í ár hefði Ólafía Jóhannsdóttir orðið 150 ára og í tilefni þess verður haldin Ólafíuhátíð 8.-9. júní í Ósló. Þá mun Sigríður Dúna leiða þriggja tíma göngu um slóðir Ólafíu í Ósló og segja frá lífi hennar og starfi. Allir eru velkomnir í gönguna sem verður 8. júní og hefst klukkan 14.00. Safnast er saman við stytta skáldsins Wergeland í miðborg Óslóar.

Vannærð börn orðin sælleg

En hvað var Sigríður Dúna að gera á Grænhöfðaejnum í mars? „Ég var meðal annars að skoða breytingar sem orðið hafa á lífskjörum fólks þar á 30 árum, þær eru undravörðar. Ég var þar við mannfræðirannsóknir 1984. Þá voru eyjarnar eitt fátækasta ríki heims. Þar var eynd, vannærð börn og vonleysi. Nú, þrjátíu árum seinna, sá ég sælleg börn, iðandi atvinnulíf og fullt af konum í vinnu. Miklu máli skipti að árið 1991 komst virkt fjölflokkalýðræði á í landinu þannig að kjósendur geta skipt um stjórnvöld ef þeim býður svo við að horfa. Vandí margra Afríkurríkja er að þar eru gömlu frelsis-hreyfingarnar enn við völd og þurfa ekki að óttast kjósendur. Einnig var efnahagskerfi eyjanna opnað og erlendri fjárfest-

„**Mestu máli skiptir hvaða hugmyndir eru í höfðinu á fólki og hvort það hefur skilning á þeim málum sem varða jafnrétti og jafnstöðu kynjanna. Það fer ekki alltaf eftir líffræðilegu kyni.**

→ Ólafíuhátíð

Í ár hefði Ólafía Jóhannsdóttir orðið 150 ára og í tilefni þess verður haldin Ólafíuhátíð 8.-9. júní í Ósló. Þá mun Sigríður Dúna leiða þriggja tíma göngu um slóðir Ólafíu í Ósló og segja frá lífi hennar og starfi. Allir eru velkomnir í gönguna sem verður 8. júní og hefst klukkan 14.00. Safnast er saman við stytta skáldsins Wergeland í miðborg Óslóar.

ingu hleypt inn í landið. Ríkið er með þeim fremstu í Afríku í dag í efnahags- og stjórnmálalegri þróun og mikilvæg fyrirmynd í þessum heimshluta.“

Sendiráði Íslands í Suður-Afríku var lokað eftir bankahrunið í sparnaðarskyni. Sigríði Dúna þykir það miður. „Menn halda að í Afríku sé tóm eynd, ofbeldi og alnæmi og að við höfum ekkert þangað að gera nema kannski í þróunarstarfi. En Afríka er að rétta úr kútnum, þar er nýr, stór markaður að opnast og honum fylgja mikil viðskiptatækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf ekki síst í tæknigreinum og orkuviðnáði.“ Spurð hvort tölvusamskipti geti ekki í sumum tilfellum komið í stað sendiherra svarar hún: „Sumt geta tölvurnar en ekkert kemur í stað persónulegra samskipta sendiherra við ráðamenn á vettvangi.“

Þú ert orðin amma

Við höfum ekkert farið út í persónuleg mál Sigríður Dúna. Skyldi hún vera orðin amma? „Já," segir hún brosandí. „Ég varð amma fyrir tæpum fimm árum, akkúrat í miðju bankahruni. Þann 13. október 2008 var ég að tala í síma snemma morguns við hollenska sendiherrann út af Icesave og á annarri línu var sonur minn að segja: „Þú ert orðin amma!“ Það var nú heldur betur hressandi í miðju fátíru. Í ágúst síðastliðnum kom svo lítill stúlka í heiminn og nú á ég tvö barnabörn auk allra þeirra sem ég á á ská með Friðriki. Það er sko kátt í höllinni þegar við komum saman get ég sagt þér.“

FERÐIR

LAUGARDAGUR 25. MAÍ 2013



Hvernig er þín draumaferð?

Margir eru líklega að velta fyrir sér draumaferðinni í sumarfríinu. Einhverjir ætla að ferðast innanlands en aðrir horfa til útlanda. Það er misjafnt hvað fólk vill gera í fríinu, rólegheit, partí eða puð. Hvert er þá best að fara?

Löndin við Miðjarðarhafið laða margna að. Þar er hægt að finna staði fyrir matgæðinga, strandaðdáendur, partífélk, hina rómantísku, fjölskyldustaði og þá sem vilja reyna á sig í göngu-, hjóla- eða fjallaferðum. Blaðamaður á netmiðli VG í Noregi tók saman nokkra slíka staði fyrir lesendur og víst er að þær upplýsingar henta líka Íslendingum. Ef íslenskar ferðaskrifstofur bjóða ekki ferðir á þessar slóðir er auðvelt að fara á eigin vegum frá Lundúnum, Kaupmannahöfn eða öðrum borgum.

Fyrir strandaðdáendur

Sól, sumar og strönd eru í augum margra þau þrjú orð sem þýða gott frí. Á grísku eyjunni Lefkada er ströndin Porto Katsiki sem er umkringd fallegum klettum og grænum fjallstindum. Kríthvít ströndin liggur þar með óendanlegu útsýni.

Á hinn fallegu Sardiníu eru paradísarstrendur eins og Cala Goloritze og Cala

Luna. Sardinía er stöðugt að verða vinsælli sem ferðamannastaður, enda afar fallegt landslag.

Á Kýpur eru margar góðar strendur sem þar utan eru í óruggu umhverfi og sjórinn er tær og fallegur.

Korsíka kemst einnig á blað fyrir hvítar strendur og kristaltæran sjó. Um mitt sumarið er þó mikið margmenni á þeim slóðum.

Í Króatíu er afar fallegt landslag og góðar strendur.

Fyrir partífélkið

Ibiza hefur löngum verið mikill partístaður. Þar eru nærklúbbarnir í röðum, flottir plötusnúðar og nóttin er alltaf ung.

Á Ayia Napa á Kýpur eru flottir næturklúbbar og þar er meðalaldur djammaranna á milli 20-30 ár.

Magaluf á Mallorca er þekktur partístaður. Mjög vinsæll djamstaður fyrir ungt fólk.

Kos í Grikklandi er sömuleiðis þekktur partístaður. Partí, dans og drykkja allar nætur.

St. Tropez í Frakklandi er fyrir þá efna-meiri en klúbbarnir standa í röðum og alltaf hægt að lenda í fjöri.

Fyrir þá ofvirku

Sierra Nevada á Spáni. Góður staður til að fara í fjallaferðir og ýmsar skemmtilegar göngur. Skoðið spanishhighs.co.uk.

Krít býður upp á margar óvenjulegur gönguferðir. Skoðið Bungy.gr.

Malta hefur upp á að bjóða einhverjar bestu dýfingaupplifanir við Miðjarðarhafið. Skoðið Scubadivingmalta.com.

Fyrir þá sem vilja fara í fallhlífarstökk er Norður-Spánn upplagður. Skoðið skydivempuriabrava.com.

Fyrir þá rómantísku

Útsýnið frá grísku eyjunni Santorini er heimsfrægt fyrir hinn einstaka sólar-

gang. Santorini þykir ákaflega hentug fyrir ljósmyndara og er mest myndaða eyja í heimi.

Ítalía er afar rómantísk og margir möguleikar til að njóta rómantíkur. Þar má nefna eyjuna Ponza, sem liggur á milli Rómar og Napolí, eða Terracina og Sperlonga og svo má ekki gleyma Amalfi-ströndinni sem er einstök.

Sigling um Miðjarðarhafið er sömuleiðis einstaklega rómantísk.

Frönsk upplifun. Leigðu bíl og keyrðu um frönsku rivíeruna þar sem hægt er að aka um litla og stóra bæi og njóta kvöldstemningar við ströndina í Nice eða á vínbúgördum inn til landsins.

Fyrir matgæðinga

Það er aldrei hægt að fá nóg af góðum mat í fríinu. Á frönsku rivíerunni eru margir möguleikar í matarupplifun. Hægt er að nefna bæinn Eze þar sem veitingahúsið Chevre d'Or býður upp

Í brúðkaupsferð á Svalbarða

Árdís Elíasdóttir og Donal O'Connell eru nýkomin úr ævintýralegru brúðkaupsferð til Svalbarða í Norður-Íshafi. Þau ferðuðust um á eins manns hundasleðum, gistu í seglskútu sem frosin var föst í Templarfjorden, sáu ísbjarnamömmu með tvo húna og heimsóttu yfirgefinn rússneskan draugabæ.

Norðlægur slóðir hafa lengi heillað Árdís og Donal og því fannst þeim ekki úr vegi að stefna í þá átt í brúðkaupsferð sinni. „Við höfðum farið í frábært ferðalag til Alaska árið áður en við giftum okkur. Hins vegar fórum við aldrei norður fyrir Reykjavík og því fannst okkur tími til kominn að halda aðeins norðar en Ísland í næstu ferð,“ segir Árdís en þau Donal gengu í hnapphelduna í júní 2011 en brúðkaupsferðin var ekki farin fyrr en í ár. „Við ákváðum að fara eins langt norður og við kæmumst án þess að þurfa að leggjast í margra mánaða eða ára undirbúning,“ upplýsir hún og því varð Svalbarði fyrir valinu. „Svalbarði er nýrsta byggðarlag heimsins og það er ótrúlega auðvelt að komast þangað með reglulegu áætlanarflugi,“ segir Árdís en hjónin, sem búa í Danmörku og Edinborg um þessar mundir, flugu frá Kaupmannahöfn í gegnum Ósló og Tromsø til Longyearbyen á Svalbarða.

Í liði með Ronju ræningjadóttur

Í bænum gistu þau í Basecamp Trapper's Hotel sem er byggt í stíl kofa sela- og ísbjarnaveiðimanna fyrri tíma. Fyrsta kvöldið var ætlað í rólegheit en þau álpúðust inn á ferðaskrifstofu þar sem þeim var í snarheitum kippt með í jökulhelli til að leika ferðamenn í auglýsingamyndbandi. „Okkur fannst frekar myndið að vera loks „uppgötvuð“ á Svalbarða eftir að hafa búið í mörg ár í Los Angeles,“ segir Árdís kímín.

Svo var haldið í fjögurra daga hundasleðaferð. „Við vorum fimm í allt með leiðsögumanninum og hvert okkar með sleða með sex hundum. Ég valdi að sjálfsgöngu liðið með Ronju ræningjadóttur,“ segir Árdís glaðlega en ferðin var mikið ævintýri. „Þetta var bæði mun auðveldara og mun erfiðara en ég átti von á. Þetta var líkamlega auðveldara, hundarnir voru sterkir og maður þurfti ekki að

hjálp þeim nema upp allra bröttustu brekkurnar. Hins vegar var þetta tæknilega mun erfiðara en ég átti von á og maður hafði litla stjórn á sjálfum hundunum,“ segir Árdís enda voru einungis hundar leiðsögumannsins þjálfaðir í að hlýða skipunum til hægri og vinstri. „Hinir hundarnir áttu að elta sleðann á undan sem var saklaust á snjóbreiðunum en gat orðið erfitt í brekkum. Stundum endaði sleðinn á hliðinni og maður rúllaði af.“

Hótel um borð í skútu

Fyrstu nóttina gistu Árdís og Donal á allsérstöku hóteli, hollensku seglskútunni Noorderlicht sem situr frosin föst í Templarfjorden á veturna. „Skipinu er siglt inn fjörðinn á haustin og látið frjóska fast, og svo er því siglt aftur burt um vorið,“ segir Árdís og var afar ánægð með gistinguna. „Þarna hittum við annað myndatökulið sem var að mynda samspil ísbjarnamóður og húna,“ segir hún og um kvöldið gátu þau öll fylgst með ísbjarnamóðurinni úr öryggi bátsins. „Í allri ferðinni máttum við ekki fara út án leiðsögumanns sem ávallt var vopnaður riffli og skammbyssu vegna ísbjarna.“

Næstu tvær nætur gisti hópurinn í skála við rætur Nordenskjöld-jökulsins. „Þaðan fórum við í dagsferð á sleðunum yfir frosinn Isfjorden til Pyramiden sem er gamall rússneskur draugabæ. Þar búa reyndar tuttugu manns núna, fimm sem reka þar ferðapjónustu og fimmtán sem vinna við að hreinsa svæðið af hrörnandi byggingum. Þar hittum við líka myndatökulið númer þrjú sem var að vinna að mynd um hjólabretti á norðurslóðum.“ Í lok ferðarinnar var hópurinn sóttur með bát á rönd íssins og siglt var aftur til Loneyarbyen. „Síðasta daginn okkar á Svalbarða fórum við í vél-sleðaferð á austurströndina sem er mun kaldari en vesturströndin sem nýtur yls frá Golfstrauminum,“ segir Árdís en þau hjónin eru himinlifandi með þessa köldu brúðkaupsferð.



Árdís og Donal kappklæddir í kuldanum á Svalbarða. Þau voru hestánægð enda var stefnan að fara í brúðkaupsferðina að vetrarlagi.



„Hótel“ Noorderlicht er í raun skúta sem frosin er föst í firði. Í forgrunni er eitt hundateymi sem hvílir lúin bein.



Í skálanum við Nordenskjöld-jökulinn þurfti að ná í is úr jöklinum til að bræða sem drykkjar- og saunuvatn.



Árdís og Donal fóru í fjögurra daga hundasleðaferð um snjóbreiður Svalbarða. Þau voru fimm saman og hvert og eitt með eigin hundasleða og hundateymi.


Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 5125432 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

SKÝRT MERKI UM FAGMENNSKU



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD

Vakinn er gæða- og umhverfiskerfi ferðapjónustunnar. Skráðu þitt fyrirtæki á www.vakinn.is



Verð sýnt uppfært 26.4.2013 08:50

| | |
|--|------------------------------|
| Olís Háalekisbraut 12 | 262,3 kr. 116,68 m |
| Shell Laugavegi 180 | 262,3 kr. 430,78 m |
| Miklabraut norður Miklabraut 101 | 262,0 kr. 581,96 m |
| Miklabraut, suður Miklabraut 100 | 262,0 kr. 659,93 m |
| N1 Fellsmúla 24 | 262,3 kr. 942,19 m |
| N1 Borgartúni 39 | 262,3 kr. 1,04 km |
| Skeifan Skeifunni 5 | 262,1 kr. 1,04 km |
| Olís Áthlunum 49 | 262,3 kr. 1,18 km |

HVAR FINN ÉG ÓDÝRT BENSÍN?

Bensíndropinn er dýr og það borgar sig að fylgjast með ódýrasta lítraverðinu hjá bensínstöðvum á ferðalög innanlands í sumar. Nú geta ferðamenn sem eiga snjallsíma eða spjalddölvu sótt smáforrit (app) sem nefnist Bensínvaktin. Smáforritið, sem er ókeypis, veitir notandanum upplýsingar um hvar ódýrasta bensínið er að finna og þá bensínstöð sem er næst honum. Nýjustu bensínverðin uppfærast reglulega og verð eru sótt til allra bensínstöðva hérlendis, bæði hefðbundinna bensínstöðva og sjálfsafgreiðslustöðva. Einnig býður smáforritið upp á að reikna bensíneyðslu bifreiðarinnar og kostnað út frá uppgæfnum gögnum. Advania bjó til Bensínvaktina í samvinnu við gsmbensin.is og fæst hún bæði fyrir iPhone- og Android-síma og er sótt inn á iTunes og Google Play.



KORSBÆK RÍS Á BAKKEN

Aðdáendur dönsku þáttanna Matador geta áður en langt um líður tyllt sér inn á Postgaarden og pantað smurbrauð og öl hjá þjóninum Boldt. Til stendur að tileinka 2.500 fermetra svæði þorpínu Korsbæk, sögusviði Matador-þáttanna í skemmtigarðinum Bakken.

Áætlað er að Matador-svæðið verði opnað árið 2015 og geta gestir kíkt inn í dagstofu Elisabeth, verslun Mads Skjern, borðstofu Værnes-fjölskyldunnar, inn til grísabóndans og að sjálfsögðu inn í eldhús til Lauru.

Lise Nörgaard, höfundur Matador-þáttanna, er 96 ára en segist vona að hún lifi að sjá þorpið sitt rísa. „Það verður þá bara að keyra mig um svæðið í hjólastól, eins og frú Fernando Møghe,“ sagði Nörgaard hress á blaðamannafundi.

Sjá www.aok.dk

ÁST UM BORD Í NEÐANJARÐARLEST

Lestarferðalag um Evrópu þykir rómantískur ferðamáti. Neðanjarðarlestir þykja á hinn bóginn ekki til þess gerðar að vekja rómantískar hugsanir. Þessu ætla yfirvöld almenningssamgangna í Prag í Tékklandi að breyta.

Brátt verða kynntar til leiks lestarvagnar sem eingöngu eru ætlaðir einhleypum. Uppátækið er hluti af átaki sem felst í því að fá fólk heldur til að ferðast með neðanjarðarlestum en einkabílum með því að benda á ýmislegt sem

hægt er að gera í lestunum sem ekki er hægt í bílum. Til dæmis að þar sé hægt að lesa, spila tölvuleiki og jú, hitta draumaprinsinn eða -dísina.

Ætlunin er að hefja samstarf við stefnumótáþjónustur sem munu skipuleggja uppákomurnar um borð í lestunum sem verða þó aðeins á ferðinni á kvöldin og um helgar.

Vefsíðan www.gadling.com greinir frá.



ISJENSKA SÍLS ICE DOTI MAI 13

**HÓPFERÐIR
SJÁIÐ HEIMINN
Í GÓÐRA VINA HÓPI**

Árshátíð, haustferð, stórafmæli?

Njótið þess að ferðast saman og vera til. Icelandair býður hópferðir til fjölmargra áfangastaða austan hafs og vestan, ferðir sniðnar að þörfum fólks í góðra vina hópi* sem eiga örugglega eftir að hressa upp á tilveruna.

Hafið samband við hópadeild Icelandair

Skipuleggið ferðina tímanlega. Við getum séð um að bóka flug, hótél, rútur, skoðunarferðir og kvöldverði. Leitið tilboða með því að fylla út fyrirspurnarformið á icelandair.is/hopar

+ Nánari upplýsingar hjá hópadeild Icelandair í síma 50 50 406 eða á hopar@icelandair.is

Vertu með okkur



* Hópur miðast við að 10 eða fleiri ferðist saman.



Bærinn Eze á frönsku rivierunni. Þangað ættu matgæðingar að fara.



Split í Króatíu. Í Króatíu eru góðar strendur og skemmtilegar borgir og bæir.

► á himneskan mat og útsýni yfir Miðjarðarhafið. Síðan má gera sér ferð á Ajuna niður við ströndina sem er toppveitingastaður.

Barcelona er matarborg með sína fráberu tapas-rétti, auk þess sem þar er matarmarkaðurinn mikli, La Boqueria.

Á Grikklandi eru margir spennandi veitingastaðir. Best er að forðast þá í túristagötum og borða á sömu stöðum og heimamenn.

Tyrkir eiga sömuleiðis góða veitingastaði og bent er á að prófa heimamat.

Á Taormina á Sikileyjum eru eðalveit-

ingahús og trattoríur í röðum. Hægt er að benda á Vicolo Stretto fyrir útsýnið og sjávarfangið en einnig Bye Bye Blues í Palermo.

Fyrir þá sparsömu

Albanía er heillandi staður og minnir á Grikkland. Fólkið er gestrisið og náttúran falleg. Verðlagið er þó mun hagstæðara en í löndunum í kring og líklega er þetta ódýrasti sumarleyfisstaðurinn.

Á Tyrklandi er hægt að fá ágæt hótél á góðu verði. Maturinn er ekki heldur dýr.

Túnis er staður þar sem ódýrt er að

vera með fjölskyldunni. Svo er gott að athuga að ferðir í júní og september eru ódýrari en um mitt sumar.

Borg og strönd

Sumir vilja njóta bæði borgar og strandar á ferðalaginu. Í Nice er það auðvelt og sömuleiðis í Barcelona, Apenu, Split í Króatíu og Valencia á Spáni.

Þeir nöktu

Cap d'Agde við frönsku Miðjarðarhafsströndina er þekktasta og stærsta svæðið fyrir nektarunnendur, þar er þá sem vilja

ganga um naktir. Á þessu svæði er enginn í fötum, hvorki á veitingahúsum, í verslunum eða annars staðar. Um 25 þúsund manns mæta á svæðið yfir hásumarið og njóta þess að vera klæðlausir.

La Cala, Denia á Spáni er fyrir norðan Alicante og þar er besta nektarströnd Spánar.

Hægt er að fara í „naktar“ siglingar frá Omis og Split í Króatíu þar sem komið er við á nektarströndum.

Binigaus á Menorcu á Spáni er vinsæl nektarbaðströnd og önnur þekkt er á Korfu í Grikklandi.

www.gongugreining.is


Getum við ekki örugglega gert eitthvað fyrir þig...

Ætlar þú

að byrja að hlaupa eða ganga í sumar... komdu og við hjálpum þér að velja skó sem henta þínu fótlagi og niðurstigi.

Ert þú

með verki í skrokknum... komdu í göngugreiningu og við balancerum þig af með innleggjum og réttum skóbúnaði.



Tímapantanir í síma 55 77 100

ATLAS
GÖNGUGREINING

Engjavegur 6 - 104 Reykjavík - Sími 55 77 100



Púpur silkiorma þræddar upp á spjót á Donghuamen-næturmarkaðinum í Kína.

Bland í poka

Sameinuðu þjóðirnar hvetja nú heimsbúa til að kjamsa á skordýrum vegna hollustu þeirra og framtíðar jarðar. Hafðu neðangreinda útsölustaði skordýrasnarls á bak við eyrað næst þegar þú leggur land undir fót.

- Donghuamen-næturmarkaðurinn í Peking er iðandi veislu- borð ferskra margfætlna, silkiorma, sporðdreka, bjalla og krybba sem oftast eru steikt og þrædd upp á tein.
- Í Suður-Mexíkó þykja spriklandi engisprettur lostæti, steiktar með eldþipar, límónu og hvítlauk og hægt að nálgast bæði á veitingastöðum og mörkuðum.
- Lirfur trjámölflugna hafa löngum þótt hnossgæti meðal frumbyggja Ástralíu og bjóðast nú vítt og breitt þar í landi. Ristaðar lirfur verða stökkar að utan en gulleitar og minna á mjúka eggjaraudu að innan.
- Í Taílandi er ekkert sjálfsagðara en að snarla á steiktu skorkvikindi. Stórar vatnapöddur, krybbur, bambusormar og engisprettur eru alls staðar nálægir og bornar fram í kramarhúsum eins og hvert annað gotterí. Ef valkvíði læðist að svöngum er óþarfi að örvænta því skordýrasölumenn bjóða líka upp á bland í poka.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



WAGNER Á KJARVALSSTÖÐUM

Anna Jónsdóttir sópransöngkona og Richard Simm píanóleikari flytja tónlist eftir Richard Wagner á Kjarvalsstöðum á morgun kl. 17.00. Á efnisskránni eru þrjú frönsk ljóð, Wesendonk Lieder og ariur úr óperunum Tannhäuser, Lohengrin og Tristan und Isolde.



Glæsilegt!

Jakki á 10.900 kr.
Buxur á 6.900 kr.
Bólur á 1.990 kr.
Trefill á 1.890 kr.

Opið virka daga kl. 11-18.
Opið laugardaga kl. 11-16.

black pepper

FASHION

Laugavegi 178 (Bólholtsmegin) | Sími 555 1516

Klíkja á myndir og verð á Facebook

Nefkvef, hnerri og kláði í nefi

eru helstu einkenni frjókornaofnæmis

Nýjung Sinose 100% náttúrulegt efni sem úðað er í nef og kemur af stað öflugum hnerri sem hjálpar til við að hreinsa ofnæmisvaka úr nefi en í leiðinni róar það og ver með áframhaldandi notkun.



Sinose er þrívirk blanda sem hreinsar, róar og ver. Hentar einnig þeim sem þjást af stífluðu nefi og nef- og kinnholubólgu.

Hentar öllum frá 12 mánaða aldri, á meðgöngu og meðan á brjóstagjöf stendur.

Slævir ekki, engin kemísk íblöndunarefni.

Frekari upplýsingar www.gengurvel.is

Andaðu léttar og njóttu sumarsins með Sinose
Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

Náttúrulegi nefúðinn sem sló í gegn sumarið 2012



SMALADRENGURINN

SVEITAPILTUR Mývetningurinn og KR-ingurinn Baldur Sigurðsson er markahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar. Hann vildi nú helst vera í sauðburði.

Mín fyrstu kynni af fótbolta voru í garðinum heima með pabba. Þá var ég fjögurra ára og pabbi leyfði mér að vinna sig. Það eflði með mér sjálfstraust og áhuga á fótboltanum. Þegar ég stálpaðist meira var ég alla daga í fótbolta með mér eldri og fremri strákum og það hjálpaði líka. Á endanum skildi ég stóru strákana eftir enda var fótboltinn alltaf númer eitt hjá mér og skólinn númer tvö," segir Baldur, sem í fótboltaheiminum gengur undir gælunafninu Smalinn og kann því vel.

„Já, mér þykir vænt um þetta gælunafn því það yljar og minnir á ræturnar. Magnús Halldórsson, blaðamaður og fyrrverandi liðsfélagi úr Völsungi, kom með nafngiftina þegar liðið kom að sunnan og ég var í göngum hjá mömmu. Á bænum er hvorki farsíma- né sjónvarpssamband svo strákarnir óku inn langan dalinn og

heim á bæ. Þar stóð ég í sveitagallanum og vaðstígvélum uppi í brekku og þótti svo fyndið að Maggi bjó til þetta gælunafn sem hefur fylgt mér æ síðan," segir Baldur og hlær.

HEILLADUR AF SVEITINNI

Baldur ólst upp hjá föður sínum og systur á bænum Reykjahlíð 4 í Mývatnssveit en foreldrar hans skildu þegar hann var á sjöunda ári. Þá flutti móðir hans að bænum Hvammi í Svartárdal í Húnavatnssýslu þar sem hún tók við búí eftir lát föður síns.

„Mamma hafði hagsmuni okkar systkina að leiðarljósi þegar við urðum eftir hjá pabba því þar höfðum við alist upp og áttum orðið góða vini. Samkomulag foreldra minna var líka alltaf eins og best verður á kosið og til að mynda keyrðu þau hvort til móts við annað með okkur systkinin þegar við fórum í lengri fríum ▶

FÓTBOLTAHETJA

Baldur Sigurðsson segir það hafa gert sig að góðum knattspyrnumanni að spila fótbolta við sér eldri og reyndari stráka á uppvaxtarárunum í Mývatnssveit. Á unglingsaldri fékk hann stundum far með vöruflutningabílum yfir til Húsavíkur til að geta stundað æfingar hjá Völsungi. Með því liði, og aðeins sextán ára, fékk hann viðurnefnið Smalinn.

MYND/ANTON

VIETNAM MARKET

ALLT FYRIR

AUSTURLENSKA MATARGERÐ



699 kr.



550 kr.



320 kr.



387 kr.

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268



BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU

PHO víetnamskur veitingastaður

HOLLT OG GOTT

1.250 kr



1.350 kr



1.250 kr



Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21

Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

► til mömmu, samanlagt 230 kílómetra,“ segir Baldur, sem fer í sveit til foreldra sinna við hvert tækifæri og tregar það nú að komast ekki norður í sauðburð.

„Mér þykir afar vænt um sveitina mína og upprunann og nýti hvert tækifæri til að nota landsbyggðarhrokann á borgarbúa,“ segir Baldur og skellir upp úr. „Vorin með sauðburðinum og haustin með göngum og réttum eru minn uppáhaldstími í sveit. Ég hef gaman af öllum bústörfum þótt ég sé ekki mikill hestamaður og þótti alltaf skemmtilegast að sjá um kindurnar því þær eru húsdýr sem bændur mynda oft tengsl við. Mér þykir líka mikið stuð að rýja, moka skít og flórinn og vera innan um bændur, sem eru sérstakur þjóðflokkur, með sínar sterku skoðanir á hlutunum og skemmtilegan kjaft á stundum,“ segir Baldur heillaður af sveitinni.

Í FÓTBOLTA TIL AÐ VINNA

Baldur er nú markahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar og leikur á miðjunni með KR sem er efsta lið í deildinni.

„Ég er langt í frá besti markaskorarin í deildinni og heiðurinn liggur hjá liðsfélögum mínum. Þetta hefur verið góð byrjun og ég verið réttur maður á réttum stað, fengið nokkur opin færi og tækifæri til að klára þau með sæmd. Ég er því ekki lykilmáður í velgengi KR nú; bara heppinn að vera í færinu þegar boltinn kemur,“ segir Baldur af stakri hógværd.

Spurður hvort atvinnumennska í útlöndum freisti segist hann ekki mundu segja nei við spennandi tilboði en að sér líði stórkostlega að spila á Íslandi og með KR.

„Þótt starfsframinn sé að verða í meiri brennidepli en fótboltaframinn hef ég gríðarlegan metnað í boltanum. Það skiptir mig öllu að standa mig vel hjá KR þar sem andinn ein-kennist af miklum metnaði og pressu á árangur. Það er ég ánægðastur með þótt stundum sé talað um að KR setji of mikla pressu á leikmenn. Fólk ýmist elskar eða hatar KR og ég er í fyrrenfnda hópnum. Ég er í þessu til að vinna leiki og titla, enda það leiðinlegasta í heimi að tapa.“

ELSKAR PÁLU MARIE OG SONINN

Fótbolti er örlagavaldur í einkalífi Baldurs því hann fann ástina með Pálu Marie Einarsdóttur, knattspyrnukonu í Val.

„Við Pála Marie höfðum tekið hvort eftir öðru í gegnum fótboltann en náðum loks saman á fallettu sumarkvöldi í bænum aðfaranótt þjóðhátíðardags. Ég held að kvenhylli fótboltamanna skrifist á at-hyglina sem þeir fá í fjölmiðlum því stundum verða þeir jafn áberandi og fræga fólk. Svo spilar trúlega inn í sú staðreynd að fótbolti er vinsælasta íþrótt heims.“

Baldur og Pála Marie eignuðust son í janúar.

„Það er yndisleg tilfinning að verða faðir og breytir tilverunni. Ég var lítill barnakarl áður en sonurinn fæddist en um leið og maður fær eigið barn í hendur breytist allt. Víst eru góðar líkur á að snáðinn verði fótbolta-maður því móðir hans er margfaldur Íslands- og bikarmeistari með Val. Hann mun því alast upp í fótbolta-fjölskyldu en gæti allt eins fengið ógeð eins og að smitast af fótbolta-bakteríunni,“ segir Baldur og kímir.



Fjölskyldan er nýflutt í Vesturbæinn og blómstrar þar í návígi KR-vallarins. „Mér líður yndislega í borginni en finnst þægilegt að komast af og til í sveitina líka. Ég sé ekki fyrir mér að búa í sveit í framtíðinni en sem verkfræðingur væri gaman að vinna að framkvæmdum á landsbyggðinni,“ segir Baldur, sem útskrifast úr byggingaverkfræði að ári og hóf störf á verkfræðistofu í liðinni viku.

„Ég ætlaði alltaf að verða smiður en verkfræðin varð óvart fyrir valinu þegar fyrrverandi kærasti systur minnar var í verkfræðinámi og vakti með mér áhuga á starfinu. Ég hafði aldrei verið

sterkur í stærðfræði en skipti strax yfir á raungreinabraut til að undirbúa mig undir verkfræðinámið og finn að starfsumhverfið á vel við mig.“

Um helgina ætlar Baldur að sækja tvær æfingar hjá KR, sem á mikilvæg-an leik á mánudag.

„Ef vel viðrar förum við í göngu-túr með vagninn og heilsum upp á tengdaforeldra mína og vini okkar. Þá er klárt mál að ég horfi á stærsta leik ársins, sem er úrslitaleikur Meistaradeildarinnar í Evrópu. Það verður að viðurkennast að ég horfi dálítið mikið á fótbolta í sjónvarp-inu.“

BJÖRT FRAMTÍÐ

Baldur útskrifast úr byggingaverkfræði á næsta ári og vinnur nú á verkfræðistofunni VSÓ ráðgjöf þar sem hann finnur sig afar vel.

MYND/ANTON

■ thordis@365.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Stærsta fönðurverslun landsins

NÝ SENDING AF VIÐARPERLUM

Lengjur 395 kr. - 695 kr.

Föndurlist

Holtagörðum | Sími 553 1800 | Ópið virka daga 11-18 og laugardaga 11-15

STÆRSTI PERLUBAR LANDSINS

GLEÐI Í GRAFARVOGI

Grafarvogsdagurinn verður haldinn hátíðlegur í dag, 25. maí.

Hverfið verður skreytt í regnbogans litum og ýmislegt skemmtilegt í boði. Frítt verður í Grafarvogslaug milli klukkan 9 og 11. Milli 10 og 12 verður opið hús á svellinu í Egilshöll en frítt verður á skauta fyrir börn og fullorðna. Þeir sem vilja geta fengið kennslu í undirstöðuatriðum skautalistarinnar. Klukkan 13 verður Hallsteinsgarður vígður en það verður myndhöggvarinn sjálfur, Hallsteinn Sigurðsson, sem afhendir Reykjavíkurborg verk sín til eignar. Að því loknu verður farin skrud-ganga frá garðinum að Gufunesbæ þar sem slegið verður upp hátíðahöldum. Þar verða hoppukastalar, leiktæki, hestar, andlitsmálning, Sögubíllinn Æringi og ýmislegt fleira í boði. Þá verður opið hús hjá Íslenska gámafélaginu en þar verður hægt að sjá sýningu á hlutum sem hafa fengið nýtt líf. Hoppukastali og grillaðar pylsur verða að sjálf-sögðu hluti gleðinnar.

HÓTEL- OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINANÁM

Hvað er í matinn?

Matsveinanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa á fiski- og flutningaskipum og litlum mötuneytum.

INNRYTUN STENDUR TIL 31. MAÍ

WWW.MK.IS
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

MÆLI HIKLAUST MEÐ FEMARELLE

ICECARE KYNNIR Helga Auðunsdóttir segir að hún hafi átt erfitt með svefn í mörg ár en eftir að hún byrjaði að taka inn Femarelle hafi svefninn stórlagast. Öll líðan hafi gjörbreyst.

Helga segist ekki hafa upplifað breytinga-skeiðið eins og hún átti vona á. „Ég veit þó að ég er byrjuð á því þar sem ég var orðin mjög slæm af verkjum og stíðleika í stoðkerfinu og vöðvum. Eftir að ég byrjaði að nota Femarelle fyrir rúmum mánuði hefur svefninn stórlagast. Ég hef ekki sofið að jafnaði nema í mesta lagi í fjóra tíma í einu síðan ég var um þrítugt en nú sef ég eins og ungabarn í átta tíma. Ég gæti meira að segja sofið meira,“ segir Helga.

„Einnig hefur þurrkur í leggöngum lagast en ég er með insúlínháða sykursýki og þetta er oft vandamál hjá okkur sem erum með sykursýki. Reyndar hefur skapið líka lagast því að með meiri hvíld verður líðanin öll betri. Ég hef jafnari orku yfir daginn og þarf ekki að leggja mig eins og áður,“ segir Helga.

LAUS VIÐ VERKJALYFIN - ÞVÍLÍKUR MUNUR

„Ég las að Femarelle myndi slá á einkenni tíðahvarfa hjá konum og ákvað því að prófa. Ég taldi að ég væri að fá liðagigt þar sem ég var orðin svo aum í liðum og mér var alltaf illt í höndum og fingrum. Ég notaði verkjalyf til að lina þjáningarnar,“ segir Kolbrún Jóhannesdóttir. „Eftir að ég byrjaði að taka Femarelle fann ég fljótlega að liðverkirnir höfðu horfnir. Eftir rúmlega viku voru verkirnir að mestu horfnir og mér líður miklu betur í öllum liðum og vöðvum. Ég þarf ekki að nota verkjalyfin lengur,“ segir Kolbrún. „Að auki sef ég betur og hvílist vel þegar ég sef. Það er allt annað líf eftir að ég byrjaði að nota Femarelle, ég mæli með því við vinkonur mínar og hvet allar konur til að prófa.“

FRÁBÆR LIÐAN AF NOTKUN FEMARELLE

Ásdís L. Runólfssdóttir hafði prófað allt, að því er hún segir. „Ég



breytti mataræðinu, tók inn vítamín og bætiefni en ekkert virkaði. Þegar Femarelle kom á markaðinn var ég alveg komin að því að gefast upp. Hita-köstin urðu stöðugt verri og verri. Ég vissi ekki hvernig ég átti að klæða mig lengur. Svefnlausar

nætur vegna nætursvita og hitakasta. Mér leið eins og ég logaði innan frá. Það tók Femarelle um það bil tvær vikur að virka, á þriðju viku fann ég ekki fyrir neinum einkennum. Nú líður mér mjög vel bæði andlega og líkamlega. Ég þarf ekki lengur að rífa mig úr fótunum þegar ég sit í sófanum á kvöldin vegna óbærilegs hita og sef mjög vært í langerma náttkjólum á næturnar.“

Femarelle fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

BETRI LIÐAN

Helgu Auðunsdóttur hefur liðið miklu betur eftir að hún byrjaði að taka inn Femarelle.

MYND/VALLI

FEMARELLE

Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estrógen-nema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina. Femarelle hefur ekki áhrif á blóðstorkun. Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi Femarelle.

Notkun: 1 hylki 2svar á dag, best að taka að morgni og kvöldi, ekki er þörf á að taka með mat.

BIO-KULT CANDÉA VIRKAR VEL Á SVEPPASÝKINGUNA

BIO-KULT CANDEA
Öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi.



Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnabykkni sem virkar sem öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, þirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, migreni og alls kyns húðvandamál.

„Dóttir mín á unglingsaldri var búin að eiga við óþægindi og kláða á kynfærasvæði í nokkra mánuði og hafði prófað ýmis lyf við sveppasýkingu. Ekkert virkaði á vandaamálið. Ég las um Bio-Kult Candéa og ákvað að kaupa pakka fyrir hana til að prófa, það sakaði ekki þar sem öll sveppalyfin náðu ekki niður kláðanum. Fljótlega fann hún mun á sér og núna passar hún vel upp á að gleyma ekki að taka hylkin, því að í sumar þá gleymdist það í nokkra daga og þá blossaði sveppasýkingin upp aftur. Við mæðgur viljum þakka fyrir því að það er svo gott að geta náð niður vandamáli á náttúrulegan hátt í staðinn fyrir að nota lyf við sveppasýkingu. Bestu þakkir, Linda.“

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

BIO-KULT PRO-CYAN

– öflug vörn gegn þvagfærasykingu

Einkenni þvagfærasykingar geta verið:

- Tíð þvaglát
- Verkir og brunatilfinning við þvaglát
- Óeðlileg lykt og litur af þvagini

Bio-Kult Pro-Cyan hentar fyrir alla gegn þvagfærasykingu. Skammtur: 2 hylki 1-2 svar á dag.

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



Viltu verða atvinnuflugmaður?

Eða bara fljúga frjáls eins og fuglinn?

Einkaflugmannsnám er fyrsta skrefið

Næsta bóklega einkaflugmannsnámskeið hefst 3. júní. 7 vikna hraðnámskeið og er kennt er 16:30-22:00. Nemendur þurfa einnig að ljúka að lágmarki 45 klst verknámi í flugvél. Hægt að ljúka öllu náminu á 2-3 mánuðum. Atvinnuflugmannsnám hefst í september.

Áhafnasamstarf (MCC)

Bóklegt námskeið dagna 27-31. maí þar sem kennt verður 17:00-22:00, auk 20 klst þjálfunar í þotuflughermi.

Upplýsingar og skráning fer fram á heimasíðu skólans www.flugskoli.is/skraning

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

Stærsti flugskóli landsins í 15 ár

www.facebook.com/flugskoli

www.flugskoli.is

HÁGÆÐAFÓÐUR FYRIR HUNDA OG KETTI

HUSSE KYNNIR Nú eru gæludýravörur frá hinu sænska fyrirtæki HUSSE loks fáanlegar á Íslandi. HUSSE framleiðir hágæðafóður fyrir hunda og ketti sem það selur í yfir 40 löndum.

Fyrirtækið HUSSE hefur verið starfandi í rúmlega 25 ár og hefur því yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á þessu sviði. Til þess að halda kostnaði og þar með verði í lágmarki eru HUSSE-vörurnar ekki seldar í hefðbundnum verslunum, heldur aðeins af þjálfuðum söluaðilum og í vefverslun HUSSE, www.husse.is.

Auður Guðmundsdóttir er söluaðili HUSSE í Reykjavík. Hún segir að á vefsíðunni megi finna allar þær vörur sem HUSSE hefur á boðstólum og jafnframt þá söluaðila sem starfa á hverju svæði. „Einfalt er að finna söluaðila á hverju svæði með því að fara á reitinn til hægri á síðunni, „finna söluaðila“, og slá inn póstnúmer sitt,“ segir Auður.

„Söluaðilar Husse geta aðstoðað við að velja rétta fóðrið því það er mikilvægt að velja það sem hentar þínu gæludýri best. Ef fóðrið sem þú kaupir fer ekki vel í dýrið þitt þá tókum við það til baka og finnum annað sem gæti hentað betur.“

Það er nauðsynlegt að hugsa vel um dýrin okkar og því þarf að vanda valið þegar kemur að fóðri.

Mikil breidd er í vöruvali þannig að HUSSE á til fóður sem hentar flestum hundum og köttum. HUSSE Valp er til dæmis úrvals hvolpafóður og HUSSE Senior er ætlað eldri hundum svo að dæmi séu tekin.



Einfalt er að panta HUSSE-vörurnar. Aðeins þarf að fara inn á vefsíðuna www.husse.is og panta. Þegar vara hefur verið valin þarf að skrá inn nafn og heimilisfang og fleiri upplýsingar. Söluaðili mun síðan hafa samband og kanna hvenær best hentar að fá vörurnar afgreiddar heim. Auður segir að mikil ánægja sé með HUSSE-vörurnar hjá viðskiptavinum hennar í Reykjavík, enda er mikill metnaður lagður í framleiðsluna. HUSSE-gæludýrafóður er afgreitt beint heim að dyrum.



HUSSE
Mikil breidd er í vöruvali þannig að HUSSE á til fóður sem hentar flestum hundum og köttum.

Nánari upplýsingar á www.husse.is.

HREYFING - HEILSUNNAR VEGNA KRABBAMEINSFÉLAG ÍSLANDS KYNNIR

Lára G. Sigurðardóttir læknir segir að nýlegar rannsóknir sýni með áberandi hætti fram á mikilvægi hreyfingar fyrir heilsuna. „Hreyfing er verndandi gegn ákveðnum tegundum af krabbameini og nýleg rannsókn sem framkvæmd var af hinni virtu krabbameinsstofnun Dana Farber í Boston sýndi fram á að konur sem hafa verið greindar með ristilkrabbamein væru tvöfalt líklegri til að vera á lífi í lok rannsóknartíma ef þær stunduðu líkamsrækt. Merkilegt er að það skipti ekki máli hvort þær höfðu stundað líkamsrækt áður en sjúkdómurinn greindist. Það er því aldrei of seint að byrja að stunda líkamsrækt,“ segir Lára en Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins verður haldið fimmtudaginn 30. maí næstkomandi.

„Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur birt leiðbeiningar um létta og þyngri líkamsrækt. Léttari æfingarnar miðast við um það bil 20 mínútur fimm daga vikunnar en þær erfiðari miðast við 30 mínútur þrisvar í viku. Léttari æfingar geta verið að bóna bílinn, fara í gönguferðir, hjóla á jafnsléttu og þess háttar en þær erfiðari eru eins og skokk, hlaup eða þrekitimar,“ segir Lára og bætir við að öll hreyfing sé góð. „Ganga eða hjóla í vinnuna, taka stiga í stað lyftu, allt hjálpar þetta. Fjallganga er til dæmis mjög góð hreyfing.“



HREYFING Lára G. Sigurðardóttir segir að sterkar vísbendingar séu fyrir því að hreyfing bæti lífslíkur. MYND/ANTON

HEILSUHLAUP

Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins verður haldið á fimmtudaginn 30. maí nk. og hefst kl. 19.00 við hús Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8 í Reykjavík. Skráning er hafin á hlaup.is.

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

Draumastarfið í draumalandinu Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi í vaxandi atvinnugrein.

INNTRITUN STENDUR TIL 29. MAÍ

WWW.MK.IS

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN





GRUNNSKÓLI
GRINDAVÍKUR

Umsjónarkennari á miðstigi.

Grunnskóli Grindavíkur auglýsir eftir kennara til starfa á næsta skólaári. Um er að ræða umsjón og kennslu á miðstigi.

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með um 450 nemendum í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa þannig umhverfi að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Starfsemi skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og viðsýni þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/grunnskolin>.

Grindavíkurbær er um 2.900 íbúa samfélag í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í Grindavík er lögð áhersla á fjölskylduvænt umhverfi, íþróttastarf og heilsueflingu í skóla og leikskóla. Starfsmenn Grindavíkurbæjar eru um 170, en bærin býður upp á alla helstu opinbera þjónustu. Starfsmenn Grindavíkurbæjar hafa sett sér eftirfarandi gildi sem unnið er eftir í starfsemi bæjarins, þau eru jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið halldorakm@grindavik.is síðasta lagi 5. júní næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra K. Magnúsdóttir skólustjóri í síma 420-1150.

RAFMAGNS- VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR

Við leitum að sjálfstæðum og úrræðagóðum starfsmanni til að fást við hönnun og smíði mæli- og stjórnkerfa, og viðhald og umsjón eldri kerfa.

Hæfniskröfur:

Verk- eða tæknifræði á rafmagnssviði
Reynsla sem nýtast mun í starfi
Góð enskukunnátta
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

UMSÓKNARFRESTUR er til og með 2. júní. Tekið er á móti umsóknum og ferilskrá á netfangið vista@vista.is Fyrirspurnir um starfið skal senda til vista@vista.is

Verkfræðistofan Vista hefur um árabíl sérhæft sig í mælingum og eftirliti með þeim allt frá uppsetningu á búnaði, söfnun gagna og framsetningu þeirra. www.vista.is

Verkfræðistofan Vista er reyklaus og fjölskylduvænn vinnustaður



VISTA
Verkfræðistofa



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir stöður tónleikastjóra og tónlistarstjóra lausar til umsóknar frá og með 1. september 2013

Tónleikastjóri ber ábyrgð á skipulagningu tónleikahalds hljómsveitarinnar og framkvæmd tónleika. Hann sér um samninga við umboðsskrifstofur og annast samningagerð við listamenn og þá sem koma að tónleikum. Hann hefur yfirumsjón með sviðsmálum og öðrum praktískum málum vegna tónleikahalds á sviði og í sal. Tónleikastjóri hefur yfirumsjón með skipulagningu og framkvæmd tónleikaferða. Hann vinnur náið með tónlistarstjóra og listrænum stjórnanda að mótun tónleikadagskrár. Tónleikastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur: Krafist er háskólamenntunar, sem nýtist í starfi og æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu og þekkingu á starfsemi sinfóníuhljómsveita. Reynsla af stjórnunarstörfum og/eða verkefnastjórnun er nauðsynleg. Krafist er góðrar íslensku- og enskukunnáttu og þekking á tónlist og íslensku tónlistarlífi er jafnframt mikilvæg. Áhersla er lögð á frumkvæði, skipulagshæfni og fylgni til framkvæmda.

Tónlistarstjóri leggur drög að dagskrá komandi starfsára Sinfóníuhljómsveitarinnar og gerir tillögur um hljómsveitarstjóra og aðra listamenn, sem koma fram með hljómsveitinni. Hann annast samskipti við umboðsskrifstofur, bókar listamenn og gerir drög að verkefnavali. Tónlistarstjóri starfar náið með listrænum stjórnanda við að framfylgja listrænni stefnu Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hann kemur að ritun fræðsluefnis og öðrum textaskrifum, styður við fræðslustarf hljómsveitarinnar ásamt því að taka þátt í kynningarstarfi með ýmsum hætti. Tónlistarstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur: Skilyrði er að umsækjendur hafi yfirgripsmikla þekkingu á sígildri tónlist, nútímatónlist og tónlistarsögu. Góð þekking á íslensku tónlistarfólki og tónskáldum er nauðsynleg, en þekking á alþjóðlegum tónlistarmarkaði er kostur. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mjög góð tök á rituðu og töluðu íslensku máli og góða tungumálakunnáttu almennt, einkum ensku. Krafist er háskólaprófs í tónlist og/eða á fræðasviðum tónlistar. Áhersla er lögð á frumkvæði, skipulagshæfni og fylgni til framkvæmda.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ Starfsráðningum ehf.

Guðný Harðardóttir, guðny@stra.is veitir nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15, á meðan á umsóknarferli stendur. Vinsamlega sendið starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er ein stærsta menningarstofnun landsins með um 100 manna starfslíð. Hljómsveitin heldur úti fjölbreytilegri tónleikadagskrá, hljóðritar til innlendrar og erlendrar útgáfu, fer í tónleikaferðir innanlands og utan, auk þess sem hún stendur fyrir viðamiklu fræðslustarfi fyrir börn og fullorðna. Starfsstöð Sinfóníuhljómsveitarinnar er í tónlistarhúsinu Hörpu.

STRÁ

www.sinfonia.is

www.stra.is

www.hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Verkefnastjóri

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða til afleysingar verkefnastjóra á skrifstofu æskulýðsmála sem hefur yfirumsjón með tómskundamiðstöðvum ÍTH sem staðsettar eru í grunnskólum Hafnarfjarðar. Starfið tekur til starfsemi félagsmiðstöðva og frístundaheimila sem heyrir undir skrifstofu æskulýðsmála í Hafnarfirði ásamt að sinna öðrum verkefnum sem skrifstofu ÍTH er falið að sinna.

Helstu verkefni:

- Skipulagning, framkvæmd og umsjón með verkefnum og viðburðum tengdum frístundastarfi
- Fagleg forysta
- Samskipti við samstarfsaðila og forráðamenn

Menntunar og hæfniskröfur:

- Umsækjandi þarf að hafa lokið háskólamenntun í Tómskunda- og félagsmálafræði eða sambærilegri menntun.
- Reynsla af störfum á vettvangi frítíma
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Möguleiki er á sveigjanlegum vinnutíma á ársgrundvelli.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um þessi störf.

Nánari upplýsingar veita Linda H. Leifsdóttir lindah@hafnarfjordur.is og Geir Bjarnason starfandi aeskulydsfulltrui@hafnarfjordur.is eða hafa samband við skrifstofu æskulýðsmála í síma 585-5500.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí. næstkomandi.

Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar „Verkefnastjóri frístundastarfs“ eða með rafrænum hætti á ith@hafnarfjordur.is

Tvö hlutastörf við kirkjuvörslu

Langholtskirkja óskar eftir tveimur starfsmönnum til kirkjuvörslu frá 1. ágúst 2013

Kirkjuvörður/húsvörður 70% staða

Helstu verkefni:

Húsvarsla vegna viðburða í kirkju og safnaðarheimili
Dagleg þrif og létt viðhald
Kaup á rekstrarvörum
Aðstoð við helgihald

Hæfniskröfur:

Menntun sem nýtist í starfi
Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
Samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum

Laun eru samkvæmt kjarasamningum VR.

Umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og skulu sendar á langholtskirkja@langholtskirkja.is merktar starfsúmsókn.

Umsóknarfrestur er til og með 14. júní.

Umsækjendur þurfa að veita heimild til að aflað sé sakarvottorðs.

Upplýsingar um störfin veitir Björg Dan Róbertsdóttir í síma 6603720.

Öllum umsóknum verður svarað.

Kirkjuvörður/ritari 50% staða

Helstu verkefni:

Almenn skrifstofustörf
Bókanir og innheimta vegna útleigu á kirkju og safnaðarheimili
Eftirlit vegna skráninga og innheimtu kórskóla
Aðstoð við helgihald

Hæfniskröfur:

Menntun sem nýtist í starfi
Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
Góð almenn tölvukunnátta
Samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum



Bókun og tollskýrslugerð

Óskum eftir að ráða stafsmanntil í **sumar-afleysingar** í bókhalds- og tolladeild.

Starfsmaður þarf að hafa reynslu af **bókhaldi, tollskýrslugerð** og notkun á **Microsoft Excel**.

Unnið er í AXAPTA kerfi og öll reynsla af notkun þess kerfis er því kostur.

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst með upplýsingum um reynslu og fyrri störf til **bsh@hekla.is**.



KOMDU TIL LIÐS VIÐ OKKUR

ISLENSKA SIA.IS ICE 64356 5/13

VERKEFNASTJÓRI STARFSMANNAMÁLA – ICELANDAIR HOTELS

Laust er til umsóknar starf verkefnastjóra á starfsmannasviði sem annast m.a. starfsmannamál hjá Icelandair Hotels og verkefni á starfsmannasviði hjá Icelandair.

Icelandair Hotels er stærsta fyrirtæki á sviði hótélrekstrar á Íslandi og rekur hótél undir vörumerkjunum Hilton, Icelandair Hotels og Hótel Edda. Einnig annast Icelandair Hotels rekstur á Vox Restaurant og veitingastaðnum SATT.

STARFSSVIÐ:

- Aðstoð við val og ráðningar nýrra starfsmanna
- Aðstoð við þjálfunar- og fræðslumál
- Upplýsingagjöf um starfsmannamál
- Aðstoð og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn Icelandair Hotels
- Móta og útfæra mælikvarða, markmið og eftirfylgni í starfsmannamálum í samvinnu við starfsmannastjóra
- Kemur að gerð ráðningasamninga og starfslýsinga
- Umsjón með frammistöðumati
- Önnur verkefni sem upp koma samkvæmt nánari fyrirmælum yfirmanns

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun í starfsmannamálum er æskileg
- Reynsla og þekking af starfsmannamálum er nauðsynleg
- Reynsla af upplýsingakerfum er nauðsynleg
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta

Við leitum að öflugum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í liflegu starfsumhverfi, starfsmanni með framúrskarandi samskiptahæfileika og brennandi áhuga á að ná góðum árangri. Lögð er áhersla á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veita:

Kristín Björnsdóttir | stina@icelandair.is

Svali Björgvinsson | svali@icelandair.is

Magnea Pórey Hjálmarsdóttir | magnea@icehotels.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á www.icelandair.is eigi síðar en 2. júní 2013.

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



MOSFELLSBÆR



Lausar stöður í Krikaskóla, Mosfellsbæ



Krikaskóli er leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 1-9 ára og starfsemin tekur mið af skólastefnu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólastarf í leik- og grunnskólum. Skólaárið 2013-2014 verða börn á aldrinum 2ja-9 ára í skólanum. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér skólastefnu skólans á heimasíðu hans áður en þeir sækja um starf.

Skilyrði fyrir ráðningu í Krikaskóla er að viðkomandi hafi ánægju af börnum í öllum sínum fjölbreytileika, hafi ríka samskiptahæfni í hröðu og lifandi umhverfi skólastarfsins og eigi auðvelt með að taka ábyrgð á sjálfum sér.

Auglýst eru laus eftirfarandi störf:

Leikskólakennarar:

Óskað er eftir leikskólakennurum til starfa frá hausti 2013 með 2ja til 5 ára börnum. Um lifandi og skemmtilegt starf er að ræða sem þróast ört hjá okkur í Krikaskóla. Viðkomandi þarf að vera tilbúin að taka þátt í miklu samstarfi við aðra kennara um fjölbreytta menntun barna. Um 100% framtíðarstarf er að ræða.

Grunnskólakennari:

Óskað er eftir grunnskólakennara til starfa í Krikaskóla. Grunnskólakennarar í Krikaskóla starfa saman í teymi og gert er sérstakt samkomulag við hvern og einn með heimild í kjarasamningi. Um 100% starf er að ræða. Skilyrði fyrir ráðningu er leyfisbréf grunnskólakennara.

Íþróttakennari:

Óskað er eftir íþróttakennara til starfa í Krikaskóla. Viðkomandi þarf einnig að sjá um sundkennslu. Íþróttakennari Krikaskóla tekur þátt í starfi með fjölbreyttum aldri barna og kemur einnig að öðrum störfum með börnum. Samkomulag er gert við íþróttakennara með heimild í kjarasamningi. Um 100% starf er að ræða. Skilyrði fyrir ráðningu er leyfisbréf grunnskólakennara.

Myndlistarkennari:

Starfið felur í sér myndlistarkennslu fyrir börn á aldrinum 5 til 9 ára. Um 40% starf er að ræða. Þróun á starfinu er í samstarfi við umsjónarkennara, skólastjóra og sviðstjóra. Skilyrði fyrir ráðningu er leyfisbréf grunnskólakennara.

Tónlistarkennari:

Starfið felur í sér tónlistarkennslu fyrir börn á aldrinum 5 til 9 ára. Um 20% starf er að ræða. Þróun á starfinu er í samstarfi við umsjónarkennara, skólastjóra og sviðstjóra. Skilyrði fyrir ráðningu er leyfisbréf grunnskólakennara.

Annað starfsfólk:

Auglýst er eftir starfsfólki til starfa í Krikaskóla. Um er að ræða ýmis störf með börnum á aldrinum 2ja – 9 ára.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. Við hvetjum karla jafnt sem konur að sækja um störf.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2013.

Áhugasömum er bent á að kynna sér heimasíðu skólans www.krikaskoli.is og senda má inn fyrirspurn og/eða umsókn um starf á netfangið krikaskoli@krikaskoli.is

Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri Krikaskóla, Þrúður Hjelm (thrudur@krikaskoli.is eða Ágústa Óladóttir sviðstjóri Krikaskóla (agusta@krikaskoli.is) í síma 578-3400.



Framtíðarstörf hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum

Vinnslustjóri

Í starfinu felst dagleg ábyrgð og skipulagning á fiskvinnslu félagsins í samvinnu við aðra stjórnendur.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Stundvísi og reglusemi

Verkstjóri

Í starfinu felst dagleg umsjón og skipulagning á fiskvinnslu félagsins í samvinnu við aðra stjórnendur.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Stundvísi og reglusemi

Starfsmannamál

Óskað er eftir metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingi til að sinna verkefnum í starfsmannamálum Vinnslustöðvarinnar.

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Reynsla af stjórnun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Stundvísi og reglusemi

Helstu verkefni eru m.a.:

- Umsjón með ráðningarferli
- Samskipti við verkstjóra
- Samskipti við starfsmenn
- Utanumhald starfsmannaupplýsinga
- Vinnuverndarmál
- Kjaramál

Í umsóknum þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Upplýsingar um störf vinnslustjóra og verkstjóra veitir **Anna S. Hjaltadóttir**, anna@vsv.is.
Upplýsingar um starf í starfsmannamálum veitir **Lilja Björg Arngrímsdóttir**, lilja@vsv.is.

Umsóknir óskast sendar í tölvupósti á vsv@vsv.is eða á skrifstofu félagsins merkt: „Umsókn – vinnslustjóri“, „Umsókn – verkstjóri“ eða „Umsókn – starfsmannamál.“

Umsóknarfrestur rennur út sunnudaginn 2. júní 2013.

Vinnslustöðin er í hópi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Rekstrartekjur félagsins námu 13 milljörðum króna á árinu 2011. Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar eru nú um 330 talsins og hefur fjölgað á hverju ári. Fyrirtækið greiddi rúma þrjú milljarða króna í laun á árinu 2011. Vinnslustöðin á og gerir út alls tíu skip til uppsjárveiða, togveiða og netaveiða. Fyrirtækið stundar vinnslu uppsjárvefisks, saltfiskverkun, humarfrystingu og bolffiskvinnslu, auk þess að reka fiskimjölsværsmiðju. Félagið flytur árlega út 30 – 40 þúsund tonn af afurðum.

Vinnslustöðin hf. • Hafnargötu 2 • 900 Vestmannaeyjar

Sími 488 8000 • vsv@vsv.is • www.vsv.is

Cisco sérfræðingur - netkjarnauppbygging

Öflugt og leiðandi fyrirtæki óskar að ráða netkerfasérfræðing með áherslu á netkjarnauppbyggingu.

Mikilvægt er að umsækjandi hafi mikla reynslu af rekstri netkerfa ásamt því að þekkja vel til eftirfarandi:

- Cisco Catalyst 6500/7600
- MPLS
- BGP
- Almennt routing og switching
- Cisco ASA/PIX/FWSM
- Cisco CCNA, CCNP og CCIE

Einstakt tækifæri í boði fyrir réttan einstakling.

Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júní nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.

Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá.


Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Háskólinn
á Akureyri

NANSEN PRÓFESSORSSTAÐA Í NORÐURSLÓÐAFRÆÐUM



Utanríkisráðherrar Íslands og Noregs undirrituðu viljayfirlýsingu í september 2011 með það að markmiði að styrkja rannsóknasamstarf á sviði norðurslóðafræða á milli Íslands og Noregs. Þar er kveðið á um gestaprófessorstöðu í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri sem kennd væri við norska heimskautafraeðinginn Fridtjof Nansen.

Laus er til umsóknar staða gestaprófessors í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri. Staðan er veitt til eins árs í senn framúrskarandi vísindamanni - frá mismunandi vísindasviði ár hvert - sem starfar að málefnum er tengjast lagalegum, hagrænum, félagslegum og náttúrufarslegum aðstæðum á norðurslóðum. Umsóknarfrestur er til **1. júlí 2013** og gert er ráð fyrir að ráðningartímabil hefjist 1. desember 2013 eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Doktorsgráða eða sambærilegt nám ásamt traustum fræðilegum bakgrunni á sviði sjálfbærrar þróunar vist- og félagslegra kerfa á norðurslóðum.
- Færni til hvatningar frekara samstarfs og aukinnar þekkingarmiðlunar á milli íslenskra og norskra vísindamanna sem fjalla um málefni norðurslóða.
- Reynsla af þverfaglegu starfi er lýtur að flóknu samspili samfélags og umhverfis.
- Reynsla af rannsóknastarfi varðandi málefni norðurslóða.
- Þátttaka í alþjóðlegum rannsóknateymum og skjalfest færni til að afla rannsóknastyrkja.
- Samskiptahæfni og félagsleg færni.

Starfið felst einkum í:

- Þátttöku í rannsóknum, kennslu og þróun námsleiða við Háskólann á Akureyri
- nánú samstarfi við fræðimenn um eflingu kennslu og rannsókna á sviði norðurslóðafræða við Háskólann á Akureyri og í tengslum við University of the Arctic
- að halda opna fyrirlestra um málefni norðurslóða, jafnt í nærsamfélaginu, víðar á Íslandi og erlendis, og taka virkan þátt í almennri umræðu um breytingar á norðurslóðafræðum.

Launakjör verða í samræmi við núgildandi kjör prófessora við íslenska ríkisháskóla. Frekari upplýsingar um stöðuna og umsóknarferlið má finna á starfatorg.is og á vef Háskólans á Akureyri, www.unak.is/lausstorf

www.unak.is

Hársnyrtir óskast

Óska eftir að leigja út stóla í hluta- eða 100% stöðu á hárgreiðslustofu í Hafnarfirði. Áhugasamir sendi línu á netfangið liljabraga1701@gmail.com



Hjúkrunarheimili
Árskógum 2, 109 Reykjavík

Starf með yngri einstaklingum með langvinna sjúkdóma.

Skógarbær leitar að einstaklingi til að sjá um dægradvöl og félagsskap fyrir þennan hóp. Unnið er eftir hugmyndafræði „Strength Based Perspective“ en samkvæmt henni er gert ráð fyrir því að sérhver einstaklingur sé einstakur og hann búi yfir eiginleikum sem gerir honum kleift að lifa jákvæðu lífi þrátt fyrir fötlun og sjúkdóma. Áhersla er lögð á félagsleg tengsl einstaklingsins og samskipti hans við umhverfi sitt.

Um er að ræða tímabundið verkefni frá júní til september 2013.

Starfshlutfall er samkomulag.

Verkefnið er styrkt af Lionsklúbnum Frey í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Jónbjörg Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri í síma 5102101 / 8985207. Netfang: jonbjorg@skogar.is



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Sálfræðingur

Staða sálfræðings við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er laus til umsóknar. Mikilvægt er að viðkomandi geti byrjað 1. ágúst 2013. Um er að ræða framtíðarstarf.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Löggiltur sálfræðingur
- Frumkvæði og samstarfshæfni
- Góðir skipulagshæfileikar
- Viðkomandi hafi áhuga á skólastarfi og reynslu af sálfræðistörfum í leik- og grunnskóla
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi við aðra sérfræðinga
- Þekking og reynsla af PMT-FORELDRAFÆRNI mikilvæg

Allar upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Þorvarðarson, yfirsálfræðingur í s. 585 5800 netfang eirikurth@hafnarfjordur.is

Umsóknarfrestur er til **3. júní 2013**.

Laun og kjör fara eftir samningum stéttarfélags sálfræðinga við launanevnd sveitarfélaga.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Fræðslustjórnin í Hafnarfirði

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

ÍÐNVÉLAR

Starfsmaður í innkaupadeild 50% starfshlutfall

Íðnvélar hefur í áratugi verið leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á vélum, tæknibúnaði og rekstrarvörum til iðnaðar.

Við óskum eftir jákvæðum og talnaglögum einstaklingi til starfa í innkaupadeild Íðnvéla, sem bætist í samstilltan hóp starfsmanna fyrirtækisins. Um er að ræða 50% starfshlutfall.

Í starfinu felst m.a. erlendar pantanir, samskipti við erlenda birgja, verðútreikningar og töluleg úrvinnsla.

Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur gaman af mannlegum samskiptum og er reyklus.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af skrifstofustörfum, helst tengdum innkaupum og verðútreikningum
- Góð enskukunnátta

Vinnutími er eftir samkomulagi.

Umsóknir sendist til Margrétar Hansen, margret@idnvelar.is

Ekki er tekið á móti umsóknum í síma



Leikfélag Akureyrar auglýsir eftir að ráða starfsmann í bókhald og miðasölu.

Um er að ræða fámennan vinnustað og skiptist starfið þannig að um starf bókara og símsvörun er að ræða fyrri part dags og viðveru í miðasölu seinni partinn.

Starfssvið


- Umsjón með bókhaldi félagsins
- Móttaka og skráning reikninga, færsla í bókhaldi og afstemmingar
- Þriggja mánaða uppgjör í samvinnu við framkvæmdarstjóra
- Útskrift reikninga, tekjubókhald og innheimta
- Virðisaukaskattsuppgjör
- Viðvera og símsvörun í miðasölu
- Unnið er með DK bókhaldskerfið

Hæfniskröfur

- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Kunnátta í excel er nauðsynleg
- Sjálfstæði, ögun og skipulag í vinnubrögðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Leikhúsáhugi

Umsóknarfrestur er til og með 9. júní 2013.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsóknir á netfangið eirikur@leikfelag.is Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf þann 6. ágúst næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Eiríkur H. Hauksson, framkvæmdarstjóri Leikfélags Akureyrar.



stræto.is

Er þetta þín leið?

Upplýsingafulltrúi Strætó Bs.

Um starfið

Upplýsingamiðlun og samskipti við hagsmunaaðila eru mikilvægur þáttur í starfsemi Strætó bs. Fyrirtækið hefur markað þá stefnu að verða til fyrirmyndar um upplýsingagjöf til almennings og allra hagsmunaaðila.

Strætó leitar að reyndum sérfræðingi í starf upplýsingafulltrúa til að móta og leiða verkefni fyrirtækisins á sviði samskipta og samfélagsmála.

Starfssvið:

Meginverkefni felast í mótun og miðlun stefnumótandi upplýsinga, almannatengslum og stýringu viðbragðsáætlana (e. crisis management) og upplýsingamiðlun og samskiptum við hagsmunaaðila á grundvelli samfélagslegra ábyrgðar

Upplýsingafulltrúi tekur virkan þátt í stjórnun og stefnumótun Strætó bs. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Starfið krefst erlendra samskipta.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið

Skriflegri umsókn ásamt ferilskrá skal skilað á netfangið gudfinna@straeto.is. Umsóknarfrestur er til og með föstudeginum 7. júní. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru ákveðin í samræmi við viðeigandi kjarasamninga. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðfinna Ingjaldsdóttir, starfsmannastjóri. Umsóknum eiga að fylgja starfsferilskrár, kynningarbréf og staðfesting á námi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði upplýsingamiðlunar er mjög æskileg
- Færni til að tjá sig í mæltu og rituðu máli (gott vald á íslensku og ensku)
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Verkefnastjóri rafrænnar miðlunar og upplýsingatækni

Um starfið

Upplýsingatækni gegnir æ mikilvægara og veigameira hlutverki í þjónustu Strætó. Stefna fyrirtækisins miðar að því að allar upplýsingar til farþega og greiðsla fargjalda verði með rafrænum hætti í náinni framtíð.

Strætó bs. leitar að verkefnastjóra sem vill vinna fjölbreytilegt, krefjandi og spennandi starfi við að móta og innleiða með okkur nýjungar á sviði rafrænnar miðlunar og upplýsingatækni almennt.

Starfssvið:

Meginverkefni felast annars vegar í rekstri, þróun og stefnumótun rafrænnar miðlunar og greiðslulausna og hins vegar í yfirumsjón annarra upplýsingakerfa og stýringu á útivistun þeirra til fagaðila á því sviði.

Verkefnastjóri tekur virkan þátt í stjórnun og stefnumótun Strætó bs. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Starfið krefst erlendra samskipta.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun
- Menntun, þekking og/eða reynsla í verkefnastjórnun og stýringu flókinna verkefna
- Þekking, reynsla og innsæi í hagnýtri notkun rafrænna miðla og miðlun
- Yfirgripsmikil þekking á upplýsingatækni og rekstri upplýsingakerfa
- Leiðtogaþæfni, jákvæðni og þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið

Skriflegri umsókn ásamt ferilskrá skal skilað á netfangið gudfinna@straeto.is. Umsóknarfrestur er til og með föstudeginum 7. júní. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru ákveðin í samræmi við viðeigandi kjarasamninga. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðfinna Ingjaldsdóttir, starfsmannastjóri. Umsóknum eiga að fylgja starfsferilskrár, kynningarbréf og staðfesting á námi.

Dómritari

Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir að ráða dómritara í fullt starf.

Leitað er að duglegum og samviskusömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er sveigjanlegur og á auðvelt með mannleg samskipti.

Starfssvið

- Undirbúningur þinghalds í þingbók
- Skráning og frágangur málsskjala
- Bókanir og hljóðupptökur í dómsölum
- Sinna ritarastörfum fyrir dómara
- Almenn skrifstofustörf

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf er skilyrði
- Háskólapróf er æskilegt
- Mjög góð íslensku- og tölvukunnátta (ritvinnsla)
- Nákvæm vinnubrögð, skipulagshæfileikar
- Góð samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. september nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 8. júní nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Móttökuritari

Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir að ráða móttökuritari í fullt starf.

Leitað er að duglegum og samviskusömum einstaklingi sem á auðvelt með mannleg samskipti, hefur ríka þjónustulund, getur unnið sjálfstætt og er sveigjanlegur.

Starfssvið

- Að veita almennar leiðbeiningar til þeirra er leita til dómstólsins
- Símsvörun og afgreiðsla erinda
- Móttaka dómsmálagjalda og skráning þeirra í bókhaldskerfi
- Skráning dómsmála í málaskrá og birting dagskrár
- Móttaka og flokkun póstis, skönnun og skráning í málalykil
- Almenn skrifstofustörf og önnur verkefni sem undir afgreiðslu heyrja hverju sinni

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf er skilyrði
- Grunnþekking á bókhaldi
- Góð íslensku- og almenn tölvukunnátta
- Enska
- Nákvæm vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. september nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 8. júní nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Vilt þú tilheyra hópnum okkar?

Distica er framsækið fyrirtæki á sviði dreifingar á lyfjum, heilsuvörum, neytendavörum og vörum fyrir heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofur. Hjá Distica starfar samhentur hópur ánægðra starfsmanna sem sinnir störfum sínum af alúð og áhuga. Við leitum nú að framúrskarandi og úrræðagóðum starfsmönnum til að sinna spennandi og krefjandi verkefnum.

Tollafulltrúi – innkaupadeild

Helstu verkefni:

- Tollskýrslugerð
- Bókun í birgðabókhald og fjárhag
- Samskipti við tollaylirvöld og flutningsaðila
- Umsjón með heimakstri og eftirlit með flutningsreikningum
- Skjalavarsla og önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- 3 ára starfsreynsla í sambærilegu starfi
- Miklir skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og geta til að starfa undir álagi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Þ. Jónsdóttir, deildarstjóri innkaupadeildar, sími 665 7516

Þjónustufulltrúi – viðskiptaþjónusta

Helstu verkefni:

- Móttaka og eftirfylgni pantana sem berast í síma og á rafrænu formi
- Samskipti við viðskiptamenn og umþjófendur
- Skráning og eftirfylgni ábendinga frá viðskiptavinum
- Skjalavarsla og önnur tilfallandi verkefni
- Vinna samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins og gáttlistum deildarinnar

Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Mjög gott tölvulæsi
- Hæfileiki til að brosa í síma
- Miklir skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og geta til að starfa undir álagi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vallý Helgadóttir, deildarstjóri viðskiptaþjónustu, sími 665 7536

Umsóknarfrestur er til og með 27. maí nk. Sótt er um störf í gegnum heimasíðu Distica www.distica.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.



DISTICA

– markviss dreifing –



Gildi Distica eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni

www.distica.is



Landssamband íslenskra útvegsmanna á aðild að Samtökum atvinnulífsins. Aðild að útvegsmannafélagi og LIÚ felur jafnframt í sér beina aðild að Samtökum atvinnulífsins með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samþykktum þess. Sjá nánar á www.liu.is.

Framkvæmdastjóri LIÚ

Landssamband íslenskra útvegsmanna óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að öflugum einstaklingi til krefjandi stjórnunar- og leiðtogastarfa þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

Starfssvið

- Dagleg stjórnun skrifstofu
- Fylgir eftir stefnu og ákvörðunum stjórnar og samþykktum aðalfundar
- Ber ábyrgð á starfsemi LIÚ gagnvart stjórn
- Stuðlar að góðum tengslum við félag sambandsins um allt land, styður og samhæfir starf þeirra
- Samningagerð
- Stjórnar og ber ábyrgð á starfsemi félagsins á erlendum vettvangi

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Þekking á sjávarútvegi æskileg
- Reynsla af erlendri samvinnu
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Miklir frumkvæðis- og skipulagshæfileikar
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta er skilyrði, a.m.k. enska og eitt Norðurlandamál

Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Byrjunartími er samkomulag.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 3. júní nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Oslo ByggeAdminstrasjon (OBA) var stofnað árið 1996 en í dag starfa fimm starfsmenn hjá fyrirtækinu. OBA er með starfsstöðvar í Osló og veitir alhliða þjónustu innan verkefnastjórnunar við byggingaframkvæmdir. Viðskiptavinir okkar eru opinberir og einkaaðilar í Osló og nágrenni, bæði verktakar og verkkaupar.

Verkefnastjóri

Við óskum eftir að ráða verkefnastjóra sem getur skipulagt og leitt byggingarverkefni í Osló og nágrenni. Við leggjum áherslu á góða leiðtogahæfileika og mikla faglega kunnáttu.

Helstu verkefni

- Stýra verkefnum frá fyrstu stigum til verkloka
- Stýra vinnuhópum (t.d. vegna hönnunar, gerð útboðsgagna, o.fl.)
- Hafa umsjón með og bera ábyrgð á öllum samskiptum við viðskiptavinum / verkkaupa
- Umsjón og ábyrgð á framkvæmda-, fjárhags- og tímaáætlunum
- Uppsetning og frágangur tilboða í verkefni
- Ábyrgð á gæðum og framþróun verkefna

Hæfniskröfur

- Byggingaverk- eða tæknifræðingur
- Fagleg kunnátta og reynsla af sambærilegum verkefnum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Norsku-, dönsku- eða sænskukunnátta, skrifleg og munnleg
- Þekking á norskum byggingalögum er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

Upplýsingar veita:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Bókun er hugbúnaðarlausn fyrir ferðabjónustugeirann sem stuðlar að hagræðingu, aukinni sölu og betri þjónustu við viðskiptavinum. Kerfið hentar jafnt birgjum (s.s. gististöðum, ferðaskipuleggjendum, bílaleigum), ferðaskrifstofum, bókunarþjónustum og upplýsingamiðstöðvum. Nánari upplýsingar um Bókun má nálgast á www.bokun.is

Söluráðgjafi

Bókun ehf., sem er ungt og vaxandi hugbúnaðarfyrirtæki sem þjónustar ferðaiðnaðinn, óskar eftir að ráða söluráðgjafa til starfa.

Starfssvið

- Samskipti við aðila í ferðageiranum, hótél, bílaleigur, afþreyingafyrirtæki o.fl.
- Skipulagning og umsjón funda
- Kynning á hugbúnaðarlausn og þjónustu fyrirtækisins
- Öflun nýrra viðskiptasambanda

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Árangursrík reynsla af sölustörfum
- Reynsla af störfum innan ferða- eða hugbúnaðarfyrirtækja kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta

Upplýsingar veita:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Vaka Ágústsdóttir
vaka@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

www.hagvangur.is



HAGVANGUR

Starfsþjálfun – þrjár stöður

Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir eftir ungu háskólaþólki sem hefur áhuga á 4 mánaða starfsþjálfun í tengslum við verkefni á sviði þróunarsamvinnu í þremur samstarfslöndum stofnunarinnar. Starfstími á vettvangi er frá 16. ágúst til 15. desember, með möguleika á framlengingu í allt að einn mánuð á heimaskrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík.

Hæfniskröfur:

UPPLÝSINGAR Í SÍMA : 893 - 6130 • fagcoehf@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Til sölu

Hágæða sláttutraktórar



Estate Pro 22 sláttutraktór

STIGA

Vetrarsól ehf.
Askalind 4 - Kópavogi - Sími 564 1864

FRYSTAR



íshúsið

Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is, S:566 6000.

ÓDÝR HEIMILSTÆKI

Pvottavélar, þurrkarar, ísskáp og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPI GULL !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

Kynlíf er GOTT!

PENOMET.IS

ELSKENDUR.IS

FLESHLIGHT.IS

BATHMATE.IS

849-0698
ALLA DAGA 10-22

Ýmislegt



Fjölnotatæki: Tætari, greiðusláttuvél og hringsláttuvél. Mjög lítið notað. 190 þús, nýtt tæp 700 þús. S: 8670151.

HEILSA

Heilsuvörur



GREEN PEOPLE - ORGANIC LIFESTYLE

Breyttu um lífstíl og notaðu lífrænt vottaðar snyrtivörur. Dömu, herra, unglinga og barnalína. Sala og dreifing: Ditto ehf, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 14-18. Lau 12-15. S 517-8060, www.ditto.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt líffæstmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Slökunarnudd og heilsunudd. S. 561 6254 Nuddstofan opin frá kl. 9-21.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

WWW.AKSTURINN.IS

S. 694 9515

Öku og bifhjólkennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Evar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Antík



Óska eftir að kaupa gamlar skípsklukkur í hvaða ástandi sem er. Geri við gamlar klukkur Guðmundur Hermannsson . S. 6918327-5673381

Dýrahald



HRFI Yorkshire Terrier hvolpar leita að góðum eigendum, seljast heilsufarssk, afh. í júní/júlí. Uppl. Veitir Lárus í S. 864 7707 og larus.attason@gmail.com



Til sölu langhundahvolpur (rakki), örmerktur og bólusetur með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í síma 863 3660 og á www.somahundar.com



HRFI Collie hvolpar leita að góðum eigendum, seljast heilsufarssk, afh. í maí/júní. Sjá á Facebook. Nætur-Collie. Uppl. veitir Guðrúnur í s. 893 5004 og vidvik@mi.is



LANGAR PIG Í HUND?

Hundaréktarfélag Íslands er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaréktarfélaga, sem tryggir rekjanleika ættbóka, beirir sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundategunda. HRFÍ stuðlar að góðum samskiptum á milli hundteygenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is

til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is



TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI

30-50% afsláttur af öllum kattaklómur Dýraland Mjódd s.587-0711 Dýraland Kringlan 7 s.588-0711 Dýraland Spöngin 23 s.587-0744.



TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI

Tilboð á svörtum grindarburum Stærð 61 cm verð 5.990,- Stærð 76 cm verð 7.990,- Stærð 91 cm verð 9.990,- Stærð 107 cm verð 10.990,- Stærð 122 cm verð 13.590,- Dýraland Mjódd s.587-0711 Dýraland Kringlan 7 s.588-0711 Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög



FORMÚLAN Á NÚRBURRING Í JÚLÍ.

Eigum 4 sæti laus í vikuférfélag á formúluna 2-9 júlí með heimsóknunum á söfn Porsche og Mercedes í Stuttgart og Bugatti í Mulhouse að auki. Hafid samband í síma 897 3015 eða á jb@isafoldtravel.is og biðjið um ferðalýsingu.

Fyrir veiðimenn



LAX-BLEIKJA-GÆS

Til sölu veiðileyfi í Hjaltadalsá og Kolku í Skagafirði. Veiðileyfi frá 8.700.- stöngin m/húsi. Einnig úvegum við veiðileyfi í kornakur í haust. Uppl. á www.svfr.is og í s. 868 4043.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

LEIGA.IS

Leigusali auglýstu Frítt Leigjandi leitaðu Frítt s:450 5544

námskeið



Nýtt grunnnámskeið byrjar 27. maí!

Hundaskóli Heimsenda Hunda

Menntaður hundapjálfi og hundaatferlisfræðingur

www.hundaskoli.net • Sími. 897 1992

skemmtanir



Boltinn í beinni

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Leikir helgarinnar

Laugardagur 25. maí:

17:45 Meistaradeildin - upphitun
18:30 Dortmund - Bayern München

ÚRSLITALEIKUR

BOLTATILBOÐ Á BARNUM

Stórsveit Rúnars Þórs spilar í kvöld ásamt Ágústi Atlasyni úr Ríó Tríó

Allir velkomnir

<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu



Leyndarmálið á bak við
ómótstæðilegan grillmat er
Mango Chutney

Sharwood's



Farið yfir Blöndukvíslar vestan við Hofsjökul.



Ferðamenn við Víti.

Ferðalag mitt um miðhálandi Íslands

Anna María Sigurjónsdóttir gaf nýlega út ljósmyndabókina „My Trip Through The Interior Of Iceland“. Myndirnar í bókinni tók hún á fimm ára tímabili á ferðalögum sínum um miðhálandi landsins. Í bókinni er að finna íðilfagrar náttúrumyndir, auk ýmiss fróðleiks um hvernig á að bera sig að á ferðalögum um hálandið og ábendinga um umgengni við íslenska náttúru.

Anna María vann bókina með breskum vinum sínum en síðastliðin fimm ár hafa þau ferðast með hópi góðra vina um hálandi Íslands og farið jafnvel fjórar til fimm ferðir á hverju ári. „Ég myndaði það sem fyrir augu bar án þess að hafa bókaútgáfu sérstaklega í huga,“ segir Anna María.



Anna María Sigurjónsdóttir ljósmyndari.

„Á einhverjum tímavarki spurðu Bretarnir mig hvar væri hægt að fá handhæga ljósmyndabók með upplýsingum um hálandisferðir á Íslandi. Við ákváðum í sameiningu að gefa eina slíka út og krydda hana með skemmtilegum sögum og upplifunum fólks frá tólf löndum sem ferðast hefur með okkur yfir árin.“

Í bland við ljósmyndir eru upplýsingar sem koma sér vel fyrir ferðamenn sem hyggjast ferðast um miðhálandi Íslands. „Það er fjallað um vegina, utanvegaakstur, árnar, fjallakofana, heitar laugar, björgunar sveitirnar, hálandisgæsluna og umgengni á hálandinu almennt. Í lok bókarinnar imprum við aðeins á vetrarferðum en það er svo efni í annars konar bók,“ segir Anna María en það er henni hjartans mál að miðla upplýsingum til ferðamanna um umgengni við náttúruna.

Bókin er til sölu í Eymundsson, Iðu, á bensínstöðvum N1, bílaleigum og nokkrum hótélum.

Bókin verður einnig fáanleg erlendis sem og á Amazon og ferðabókunarvefjum.



Tjald í Hvanggili með Stóru-Súlu í baksýn.

**FERÐAMÁLA
SKÓLINN**

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

**Ævintýrlegur
starfsvettvangur**

**Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðapjónustu?**

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika

Innritun lýkur 31. maí

WWW.MK.IS

Ferðamálastólinn sími: 594 4020

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN





Stórlækkað verð með Norrænu

Smyril Line 30 ára

Skráðu þig á póstlistann
á www.smyrilline.is og þú
gætir unnið ferð til Færeyja



Danmörk
1 fullorðinn með bil
verð
frá **61.000**
[smyrilline.is/
Danmörk-með-bilinn](http://smyrilline.is/Danmörk-með-bilinn)

Færeyjar
1 fullorðinn með bil
verð
frá **33.900**
[smyrilline.is/
Færeyjar-með-bilinn](http://smyrilline.is/Færeyjar-með-bilinn)

Verð er fyrir báðar leiðir!

Húsbíla & hjólhýsatilboð Færeyjar + Danmörk

27. júní – 23. júlí

**Nokkur
pláss
laus**

**Afmælis-
tilboð
Smyril Line
30 ára**



Stoppað í fallegu Færeyjum á útleið í 3 daga, siglt til Danmerkur á sunnudagskvöldi. Góða ferð!
Takmarkað pláss – bókaðu snemma.

2 fullorðnirkr. 175.000
Innifalið í verði: Ferð með Norrænu, 2ja manna klefi án glugga.

2 fullorðnir + 2 börn (3-11 ára) . .kr. 265.000
Innifalið í verði: Ferð með Norrænu, 4ra manna fjölskylduklefi án glugga.

*Lengd farartækis allt að 10 metrum.
Aukagjald greiðist fyrir hvern umfram metra.*

 570-8600 / 472-1111 • www.smyrilline.is



FYRSTI KVENNAKLÚBBURINN Í LUNDÚNUM

Frá átjándu öld síðustu aldar hefur konum í London verið meinaður aðgangur að sérstökum karlklúbbum sem hafa lífað góðu lífi víðs vegar um borgina. Nú er 21. öldin hins vegar runnin upp og þótti tími til kominn að opna sérstakan kvennaklúbb. Var það gert fyrir skemmstu og er hann sannarlega ekki af verri endanum.

Klúbburinn, sem er staðsettur í glæsiverfinu Belgravia, heitir Grace Belgravia. Þar ríkir mottóið fegurðin að innan og er lögð höfuðáhersla á heilsurækt, vellíðan og lífsstíl meðlima. Þeir hafa aðgang að alls kyns útpældum lúxusrýmum, líkamsræktarstöð, sundlaug og fjölmörgum nuddstofum. Boðið er upp á einkaþjálfun, pilates, jóga, spinning og dans. Í klúbbnum er sömuleiðis bókasafn og er hægt að skrá sig í alls kyns bóka- og samræðuklúbba. Þar er líka kaffitería af bestu gerð með alls kyns heilsuréttum. Á fimmtudögum og föstudögum er líka boðið upp á kokkteila.

Karlmenn fá ekki að koma inn í klúbbinn nema á fimmtudögum en þá gefst þeim kostur á að snæða þar kvöldmat. Sams konar fyrirkomulag hefur löngum tíðkast í karlklúbbum sem hleypa konum inn einu sinni í viku.



MATUR Á FERÐALÖGUM

Mikill vöxtur hefur orðið í matartengdri ferðaþjónustu hérlandis undanfarin ár, auk þess sem úrval veitingastaða á landsbyggðinni hefur aldrei verið meira. Margir minni veitingastaðir bjóða upp á metnaðarfullan matseðil sem byggir að mestu leyti á hráefni úr héraði sem oft er matreitt á nýstárlegan máta. Vefurinn icelandlocalfoodguide.is fór í loftið í fyrra og var upphaflega ætlaður erlendum ferðamönnum. Hann nýtist þó Íslendingum líka vel en þar má finna lista yfir fjölda veitingastaða á landsbyggðinni auk höfuðborgarsvæðisins. Fjöldi myndbanda er einnig á vefnum sem kynna áhuga-verða veitingastaði og skemmtilegar matarhefðir ólíkra landshluta. Fjölmíðlakonan góðkunna, Vala Matt, stendur á bak við vefinn og efni hans má einnig finna á Facebook, Youtube og Twitter. Fyrir þá sem vilja nærast á góðum, hollum og spennandi

mat á ferðalagi innanlands ættu að kynna sér vefinn.

MEIRI LÚXUS Í KÖBEN

Til stendur að breyta skrifstofum á efstu hæð Illums Bolighus í Kaupmannahöfn í hótelsvitur. Gestir fá þá útsýni yfir Amagertorv og Strikið eins og Túristi.is segir frá.

Herbergin verða í dýrari kantinum en framkvæmdastjóri Illums segir í samtali við Berlingske að ákveðið hafi verið að nýta betur efstu hæðina, sem í dag hýsir skrifstofur. Þar sé verönd með frábæru útsýni yfir borgina. Svíturnar verði tíu talsins en full þörf sé fyrir lúxusgistingu í Kaupmannahöfn.

Framkvæmdastjóri Wonderful Copenhagen tekur í sama streng. Hann segir framboð af lúxusveitingastöðum og -börum í Kaupmannahöfn gott og í raun betra en framboð af lúxusgistingu. Það misræmi þurfi að laga. Það geti fælt ferðamenn með mikið milli handanna frá ef þeir finna ekki gistingu á sama mælikvarða og mat og drykk í borginni.



flugrútan

Reykjavík Excursions
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kaupu miða núna á www.flugrutan.is
Alltaf laus sæti.



Frí þráðlaus
internettenging
í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannaðu stríkamerkid með snjallsímanum og kynntu þér áætlunina.



Room for rent in downtown is available now S. 778 9074.

2herb. íbúð til leigu tæplega 60fm á góðum stað í Vogunum. Uppl. í síma: 899-1670.

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herb., 100 fm íbúð í Vesturbænum til leigu í sumar með húsgögnum. Leiga 150 þús. Uppl. í s. 618 1113 í kvöld og á morgun.

Húsnæði óskast

Reglusamt par óskar eftir 3ja. herb. íbúð. í Rvk. Góð umgengni. S. 669 9153.

Einstæð 2.barna móðir vantar íbúð rvk í langtímaleigu. Er reglusöm, skilvís um greiðslum heitið. Emilía S. 823 8095.

SENDIRÁÐ ÓSKAR EFTIR EINBYLI

Pýskur sendiráðsfulltrúi óskar eftir 4-5 herb. Einbýlishúsi m/bílskúr á höfuðborgarsvæðinu til leigu frá 1. ágúst 2013 í 4 ár m/hund +fugla. Uppl. s. 530 1100. Myndir/grunnteikningar sendist á: info@reykjavik.diplo.de

Herbergi/studio íbúð óskast til leigu í Mosó. Fullkomin kvk leigjandi. Uppl í S: 773-7357

Sumarbústaðir



LAND OG BÚSTAÐUR TIL SÖLU Á GEYSI.

7.700 FM eignarlóð og 27fm bústaður með svefnlofti, staðsettur á besta stað við golfvöllin á Geysi í Haukadal. Bústaðurinn er kominn langt á veg þ.e. gólfefni, ásamt milliveggjum og búið að klæða að innan. Rafmagn og kalt vatn við lóðarmörk, frábær staðsetning og fallegt umhverfi. Verð 6,9 milljónir skoðum alla möguleika.

Uppl í S. 822 8071 og 858 2012

Búngaló



www.bungalo.is

Mikið úrval sumarbústaða til leigu út um allt land. Búngaló - www.bungalo.is

Söluskoðanir á S og V-land. Góð sala. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520.

Atvinnuhúsnæði



HÖFUM TIL LEIGU MARGSKONAR ATVINNUHÚSNÆÐI.

Verslunar - Skrifstofu - Iðnaðar

og Lagerhúsnæði

- Allar mögulegar stærðir -
Hafðu samband. jonvikingur@fyrst.is, Símar 533 1316 - 892 1316 - Alltaf opið.

Snyrtilegt 100fm iðnaðarhúsnæði á góðum stað við kársnesbraut. Uppl. í S. 896 0551.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

VIÐHÖLD

Getum bætt við okkur múrurum, smíðum, málurum og verkamönnum í vinnu uppl. í síma 567 6699.

STALHEIM HOTELL

Tradisjonsrikt hotell som ligger i naturskjønne omgivelser, ca.2 timer fra Bergen. For sommeren trenger vi en resepsjonmedarbeider for snarlig tiltredelse og frem til ca.25. september. Må kunne beherske et skandinavisk språk muntlig og skriftlig. Vi kan tilby: Full opplæring. Bolig på stedet.

Send e-post til Jobs@stalheim.com eller ring +47 56 52 01 22.

Hressingarskálinn leitar að vaktstjóra á dagvakt, þarf að hafa reynslu af þjónustu störfum og geta stýrt hópi fólks. Um er að ræða langtíma vinnu. Áhugasamir sendið ferilskrá á hresso@hresso.is

APARTMENT HOTEL IN 101 RVK,

seeks applicants for front desk. Both part and full-time positions available. Please send applications to job@apartmentk.is / íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir starfsfólki í móttökustörf. Hlutastörf + full störf í boði. Umsóknir sendast á job@apartmentk.is

Handyman vanur málun og hreingerningum. Bílpróf, 25ára og eldri. Uppl. santon@mi.is

TILKYNNINGAR

Tilkynningar



Torfærukeppni í Jósepsdal til styrktar langveikum börnum 26 Maí kl. 13.00 miðaverð 1500 frítt fyrir 12 ára og yngri.

Einkamál

Óska eftir að kynast reglusamri konu á miðjum aldri sem hefur gaman af ferðalögum og útvist. Svar sendist fréttablaðinu merkt: Gaman.

RAUDATORGID.IS

Símastefnumót. Rómantik, skyndikynni, gay karlar. Íslenzkar spjalldómur. Skoða núna.

fasteignir

Þingholtin

101 Reykjavík
Óska eftir hæð

Stærð: 0 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 0
Fasteignamat: 0

RE/MAX
Alpha

Óska eftir hæð í Þingholtunum austan Njarðargötu. Bein kaup en við getum einnig boðið skipti á 213fm raðhúsi við Austurbrún í Reykjavík.

Allar upplýsingar veitir Davíð í síma 897 1533 eða david@remax.is

Verð: 0

Víoskiptavinur okkar leitar að hæð með sér inngangi í Þingholtinu. Verðið má vera allt að 50 milljónir. Við getum boðið skipti á raðhúsi á mjög efnisóttum stað við Austurbrún í Reykjavík ef áhugi er fyrir hendi. Fullum trúnaði heitið.

Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
897 1533
david@remax.is



Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
4777777
haukurhalldors@remax.is



RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

til sölu

Bakkmyndavélar og skjáir



TV832N/P-B 1/3"SONY Color CCD Camera

1. Rear View Camera
2. Waterproof resistance : IP68
3. IR LED Light : 18pcs
4. IR distance : approx 10m
5. Wide viewing angle (diagonal) : 110° , 120°
6. Power supply: DC6-20V



5.6" Digital Skjár (Innolux panel)

5.6"TFT-LCD digital monitor
Screen size : 5.6" / 4: 3 display
Brightness : 300cd/m2
Resolution : 224640 pixels
Video input : 2
Power supply : 12V/24V DC
Power consumption : ≤



TV832N/P-A 1/3"SONY Color CCD Camera

1. Rear View Camera
2. Waterproof resistance : IP68
3. IR LED Light : 18pcs
4. IR distance : approx 10m
5. Wide viewing angle (diagonal): 110° , 120°
6. Power supply: DC6-20V



TD0702A

7" TFT-LCD skjár
Screen size : 7" / 16: 9 display
Brightness : 350cd/m2
Resolution : 336960 pixels
Video input : 2
Power supply : 12V/24V DC
Power consumption : ≤



TV832N/P-D 1/3"SONY Color CCD Camera

1. Side View Camera
2. Waterproof resistance : IP68
3. IR LED Light : 10 PCS
4. IR distance : approx 6m
5. Wide viewing angle (diagonal): 110° , 120°
6. Power supply: DC6-20V



TD0704A

7" Quad Digital Skjár
Screen size : 7" / 16: 9 display
Brightness : 350cd/m2
Resolution : 336960 pixels
Video input : 4 , QUAD
Power supply : 12V/24V DC
Power consumption : ≤ 7W



TR614N/P-G

1. Color CMOS Rear View Camera with Korea waterproof lens
2. Waterproof resistance: IP68
3. Wide viewing angle (diagonal): 170°
4. Power supply: DC6-16V



TR634N/P-A

1. Color Super Mini Camera with Korea waterproof lens
2. Waterproof resistance: IP 68
3. Wide viewing angle (diagonal): 170°
4. Power supply: DC6-16V
5. With 3 color parking guide lines

Dalvegi 16b Sími: 554-2727



Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



SPORT

Mónakókappaksturinn er í beinni útsendingu á STÖÐ 2 SPORT klukkan 11.30 á sunnudag.

EINSTAKUR KAPPAKSTUR Kappakstursbrautin í Mónakó hlykkjast um pollana við höfnina í Mónakó. Moldríkir og glamúrjúkir snekkjueigendur panta sér pláss í höfninni með margra mánaða fyrirvara og njóta lífsins um helgina óháð því hvort þeir hafi áhuga á kappakstri eða ekki. Eitt er víst að þeir verða ekki sviknir.

NORDICPHOTOS/AFP

Mónakó er helsta raun ökumanna

Hún gerist varla dramatískari dramatíkin en í Formúlu 1-kappakstrinum í Mónakó. Mótið hefur verið haldið síðan 1929 þar sem ekið er um ótrúlega þröng stræti Monte Carlo-borgar. Brautin uppfyllir ekki nútímaöryggisviðmið kappakstursbrauta.

Birgir Þór Harðarson

birgirh@frettabladid.is



Formúlu 1-kappaksturinn í Mónakó er tilhlökkunarefni fyrir alla aðdáendur mótorsports enda er kappaksturinn einstakur í heiminum. Síðan 1929 hefur verið ekið um ótrúlega þröng stræti Monte Carlo og hildarleikur háður við vegriðin sem þrengja að ökuönnunum sem þjóta hjá á hátt í 300 kílómetra hraða.


Kappaksturinn í Mónakó er haldinn ár hvert og markar jafnan upphaf sumarfrís hinna ríku og þekktu. Sú hefð hefur nefnilega skapast að mótið fari fram helgina eftir að Gullpálminn í Cannes er afhentur og eru kvikmyndastjórnur því yfirleitt viðstaddir. Þær eiga þó ekki sviðið í þetta sinn. Kappaksturinn er nefnilega

talinn vera einhver mesta raun hvers ökumanns sem nær svo langt að keppa í Formúlu 1.

Vegna þess hversu hæg brautin er og þröng vega hreinir hæfileikar ökuþóra meira en keppnisbílarnir. Þannig hefur það alltaf verið og verður áfram. Gott dæmi um það er Brasilíumaðurinn Ayrton Senna. Hann hafði alltaf yfirburði í Mónakó og keppinautar hans sögðu að það væri eins og hann færi í gegnum vegriðin, svo nálægt þeim fór hann og hratt.

Brautin liggur um helstu umferðargötur þessarar fornu borgar við Miðjarðarhafið sem setur mark sitt á mótshaldið. Dagskrá venjulegrar keppnishelgar er til dæmis breytt svo æfingar fara fram á fimmtudögum í stað föstudaga svo daglegt líf fólks raskist ekki um of. Kappaksturinn fer í rauninni fram á undanþágu frá almennum öryggisreglum í

VEÐURSPÁ FYRIR MÓTIÐ Á SUNNUÐAG



Formúlu 1 enda fengist kappakstur á svipuðu brautarstæði aldrei samþykktur í dag. Mónakó er því eini keppnisstaðurinn þar sem öryggið er látið víkja fyrir hefð og sögu.

Til að undirstrika mikilvægi mótsins er það jafnan talið eitt af þremur stærstu viðburðunum í mótorsporti í heiminum. Hin mótin eru Le Mans-sólarhringsaksturinn og Indy 500-mótið í Bandaríkjunum. Graham Hill, Herra Mónakó, er eini maðurinn sem tekist hefur að vinna öll mótin þrjú.

ÞRÍR HAFNA FARIST



BANDINI FERST Hér sést hvar brunaverðir reyna að ná tökum á eldhafinu sem umlykur Ferrari-bíl Lorenzos Bandini niðri við höfnina.

Pó ótrúlegt megi virðast hafa aðeins þrjú ökumenn farist í 80 ára sögu mótsins. Fyrstu árin voru heyrðar það sem hindra átti bíla í því að aka í höfnina eða inn í mannfjöldann. Eldur er hins vegar það sem ökumenn óttast mest enda hafa fjölmargir kollegar þeirra setið fastir í bílum sínum á meðan logarnir læsa sig í þá og brenna þá lifandi.

Tveir ökumenn hafa ekið í höfnina, heimsmeistarinn Alberto Ascari árið 1955 og Paul Hawkins árið 1965. Báðir sluppu ómeiddir úr vatninu.

AYRTON SENNA HEFUR OFTAST UNNIÐ



SÍÐASTI SIGURINN Senna vann síðast árið 1993 fyrir McLaren. Hann fórst svo hálfum mánuði fyrir Mónakókappaksturinn 1994.


NORDICPHOTOS/AFP

Það eru ekki margir ökumenn sem geta stáð sig af því að hafa unnið kappaksturinn í Mónakó. Þeir eru hins vegar fjórir sem bera af þegar listi sigurvegara er skoðaður. Fyrstan ber að nefna Englendinginn Graham Hill sem nefndur var „Herra Mónakó“ vegna þess að hann vann fimm sinnum á sjöunda áratugnum. Hill var afburða hugrakkur ökuþór enda dugði ekkert minna þegar bílarnir voru eins óruggir og þá, engin bílbelti og vöndir hjálmar. Michael Schumacher vann einnig fimm sinnum.

Franski „prófessorinn“ Alain Prost vann fjórum sinnum í Mónakó en sigurnir hefðu einungis verið tveir ef Ayrton Senna hefði ekki verið óheppinn. Senna vann nefnilega sex sinnum en hefði auðveldlega getað unnið átta mót í Mónakó. Sem nýliði í Formúlu 1 árið 1984 var hann í öðru sæti og sótti hart að Prost í yfirburðabíl McLaren-liðsins, þegar keppnin var stöðvuð vegna úrhellis rigningar. Fjórum árum síðar, 1988, klessukeyrði hann McLaren-bíl sinn eftir að hafa byggt upp ótrúlegt 55 sekúnda forskot á liðsfélagann Prost. Senna gekk undrandi heim til sín í næstu götu frá slyssaðnum. Síðar sagðist hann hafa verið í leiðslu.

„Pennan dag áttaði ég mig á því að ég væri hættur að aka meðvitað. Ég var eins og í öðrum heimi. Brautin var eins og göng fyrir mér sem hlykkjuðust áfram, áfram, áfram. Undir meðvitundin tók öll völd,“ sagði Senna um einn ótrúlegasta akstur síðari tíma.

→ Sigursælustu menn í Mónakó



OPINN FUNDUR

Miðvikudaginn 29. maí 2013 kl. 17:00
að Laufásvegi 40

Nýttu þér tækifærið og kynntu þér starfsemi samtakanna

Stjórnarmenn STEFs, framkvæmdastjóri og aðrir lykilstarfsmenn sitja fyrir svörum.

Aðgangur er ókeypis og boðið verður upp á léttar veitingar.

Nánari upplýsingar um STEF er að finna á www.stef.is



STEF

Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar

VERTU Á STAÐNUM LÁTTU AÐ ÞÉR KVEÐA

VERTU VELKOMIN Á MÁLSTOFU Á VEGUM NIKON Í HÖRPU 28. MAÍ MILLI KL. 12 OG 19.
Harpa, tónlistar og -ráðstefnuhúsið í Reykjavík



Getur þú sagt góða sögu með þínum ljósmyndum? Nærðu að fanga töfra augnabliksins? Viltu kynna því sem fær fólk til að láta að sér kveða?

Nikon er stolt yfir því að bjóða þér á málstofu með hinum heimspektta ljósmyndara Mattiasi Klum.

Ljósmyndarinn Mattias Klum er heimspektur fyrir myndir sínar af dýralífi, náttúruperlum og stöðum sem eru þekktir fyrir fjölbreytt menningarlíf og litskrúðuga náttúru.

Ljósmyndir Mattiasar eru frægar fyrir listræna dýpt og bera persónulegum stíl Mattiasar fagurt vitni.

Á málstofu Nikon í Hörpu gefst gestum kostur á að sjá verk Mattiasar og spyrja hann út í þau. Á málstofunni verður einnig hægt að ræða við vörusérfræðinga Nikon og kynna sér fjölbreytt úrval af hágæða myndavélum og ljósmyndabúnaði.



Ókeypis er á málstofuna meðan húsrými leyfir.

Skráðu þig á heimasíðunni

<http://beingthere.nikon.is>



Manfrotto



At the heart of the image

Konráð og félagar á ferð og flugi 45

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

„Jæja Kata,“ sagði Lísaloppa. „Nú ert þú búin að æfa þig í að leysa sudoku gátur, getur þú leyst þessa?“ „Tja,“ sagði Kata með semingi. „Æfa mig og ekki æfa mig, ég er nú bara búin að glíma við örfáar.“ „Og hvernig hefur gengið?“ spurði Konráð. „Svona upp og ofan en það er rétt að það verður auðveldara í hvert skipti að leysa þær,“ sagði Kata. „Pá skulum við bara demba okkur í þessa,“ sagði Lísaloppa spennt en Kata dæsti. Hún var ekki ennþá orðin það góð í að leysa sudoku gátur að hún beint fagnaði því, en verkefni er verkefni. „Allt í lagi, sagði Hún ákveðin. „Drífum þá í því.“

Getur þú leyst þessa sudoku gátu?

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | 9 | 6 | |
| | 2 | | | 6 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | | 1 | 7 | | 8 |
| | 6 | 3 | 7 | | | 8 |
| 7 | 9 | | 4 | 8 | 1 | |
| | 8 | | | 3 | 5 | 4 |
| 5 | 4 | | 3 | | | 9 |
| 3 | | 9 | | 4 | 6 | |
| | 7 | 2 | | 5 | 8 | 3 |
| | | | | | | 1 |



Vissir þú?

- Að í líkamanum eru um 650 vöðvar. Þegar þú brosir notar þú 17 vöðva. Þegar þú ert með fýlúsvip notar þú 43.
- Að það er hægt að teyma kú upp stiga en ekki niður hann.
- Að yfir daginn þrýstast þófarnir milli hryggjarliðanna saman svo að við erum styttri þegar við förum að sofa en þegar við vöknum á morgnana.
- Að hárið á höfði þér vex í tvö til sex ár og venjulega detta 70-100 hár af daglega. Augnhárin endast hins vegar einungis í tíu vikur.

- Að geimfarar eiga erfitt með að gráta úti í geimnum. Þar sem ekkert þyngdarlögmál er geta tárin ekki runnið og því svifa droparnir bara um.
- Að fleira fólk notar bláa tannbursta en rauða.
- Að hver maður hefur alls um fimm milljónir hára og þau vaxa um 12 millimetra á mánuði.
- Að hver manneskja hefur sitt eigið sérstaka tungufar sem er ólíkt öllum öðrum rétt eins og fingraför.



ALLIR HALDA UPP Á LOGA GEIMGENGIL OG SVARTHÖFÐA Nokkrir af krökkunum í hinum vinsæla Star Wars-klúbbi. Þau heita frá vinstri: Álfheiður, 6 ára, Vigdís Elfur, 6 ára, Elvar, 6 ára, (fyrir aftan) Björn Diljan, 6 ára, Jón Gnarr, 7 ára, og Sigurður, 7 ára. Þau eiga sér enga sérstaka upphaldsmynd í myndaflokknum en halda öll mikið upp á Luke Skywalker, eða Loga Geimgengil eins og hann heitir á íslensku, og Svarthöfða.

Barist í Skýjaborgum með geislasverðum

Áhugasamir krakkar á frístundaheimilinu Skýjaborgum í Vesturbæjarskóla fengu þá hugmynd á dögunum að stofna Star Wars-klubb. Halldóra Hafsteinsdóttir, sem vinnur á heimilinu, tók málið í sínar hendur enda áhugasöm um málið.

Frístundaheimilið Skýjaborgir er starfrækt við Vesturbæjarskóla. Þar eru fjölmargir klúbbar starfandi sem bæði starfsmenn og krakkarnir á Skýjaborgum, sem eru nemendur í 1. og 2. bekk skólans, eiga frumkvæði að. Meðal klúbba sem hafa verið starfræktir eru tilraunaklúbbur, listaverkklúbbur, drekkklúbbur og rokkklúbbur. Margir krakkar sem eru á frístundaheimilinu eru áhugasamir um Stjörnustríðskvikmyndirnar og höfðu áhuga á því að stofna Star Wars-klubb. Halldóra Hafsteinsdóttir starfsmaður heyrði af þessum áhuga og tók verkefnið að sér. „Þessi klúbbur hefur alveg slegið í gegn og mér þykir sérstaklega skemmtilegt að það eru mjög margar stelpur í honum. Sumir krakkanna vita mjög mikið um myndirnar en aðrir hafa bara lært um þær í myndunum.“

Söngfuglar sungu á Grund

Meðal annarra klúbba sem hafa verið starfræktir á Skýjaborgum er klúbburinn Söngfuglarnir en meðlimir hans æfðu upp nokkur lög og sungu fyrir heimilisfólk á elliheimilinu Grund. „Svo höfum við hér til dæmis álfa- og tröllasöguklubb, njósnaralúbb og bóka-klubb,“ segir Styrmir Reynisson hjá Skýjaborgum. „Hugmyndirnar koma bæði frá krökkunum og starfsmönnum. Stundum sjá krakkarnir alveg um klúbbana, stundum fá þau aðstoð starfsmanna og stundum halda starfsmenn alveg utan um starfið. Þetta er mjög vinsælt og vel metið hjá krökkunum.“

En hvað er svo gert í svona Star Wars-klúbbi?

„Það var svo skemmtilegt að Nexus gaf mér fjöldann allan af geislasverðum og við höfum verið að æfa okkur með þau og prófað að berjast með sverðunum. Við höfum skoðað bardaga í bíómyndunum og sviðsett þá. Svo höfum við verið að mála steina eins og persónur bíómyndanna. Einnig fann ég myndir á netinu sem hægt er að prenta út og búa til fígúrus úr.“

Hvað eru margir í klúbbnum?

„Það eru fjórtán í klúbbnum í einu en við skiptum um meðlimi reglulega.“

Halldóra hefur sjálf mjög gaman af Star Wars. „Ég er samt eiginlega enn hrifnari af Star Trek en þær myndir passa ekki fyrir aldurshópinn í Skýjaborgum. En það er mjög gaman að vinna að þessu verkefni með krökkunum og alltaf gaman að rifja upp Star Wars.“

Amerískir með klakavél



20%
afsláttur



EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Star Wars

- Fyrsta myndin sem gerð var um Star Wars var frumsýnd árið 1977, fyrir 36 árum. Sú mynd er samt númer fjögur í myndaflokknum en alls hafa verið gerðar sex myndir og sú sjöunda er á leiðinni.
- Í fyrstu myndinni eru kynntar til sögunnar hetjur sem leika aðalhlutverk í fyrstu myndunum þremur sem frumsýndar voru á árunum 1977, 1980 og 1983. Þær myndir eru númer fjögur, fimm og sex.
- Þessar hetjur eru Luke Skywalker, Han Solo, Obi-Wan Kenobi, Leia prinsessa, Chewbacca, Darth Vader og vélmennin R2D2 og C3PO. Allar þessar persónur fengu íslensk nöfn sem eru mismikið notuð. Luke heitir á íslensku Logi Geimgengill, Han Solo var nefndur Hans Óli, Leia fékk nafnið Lilja, Chewbacca heitir Loðinn og Darth Vader er að sjálf-sögðu Svarthöfði. Yoda kemur til sögunnar í mynd númer fimm.
- Myndir eitt, tvö og þrjú gerast á undan hinum en voru búnar til seinna. Þar hittum við ungan Svarthöfða sem heitir þá Anakin. Þar eru líka Loðinn, Obi-Wan og vélmennin tvö.
- Mikið er barist með geislasverðum í Star Wars, en þau eru vopn Jedi-riðara. Meðal



HETJUR Logi Geimgengill, Lilja prinsessa og Hans Óli í góðum gir.

eftirminnilegra bardaga eru: Anakin að berjast við Obi-Wan í mynd númer þrjú, en eftir þann bardaga verður Anakin að Svarthöfða, og Logi að berjast við Svarthöfða í myndunúmer fimm og sex. Í bardaganum þeirra í mynd númer fimm kemst Logi að því að Svarthöfði er pabbi hans.

OBİ-WAN KENOBI
Tilbúinn í slaginn.

KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!



GÓÐI

1498

kr. kg

Lambalæri, krydduð og ókrydduð



40% afsláttur



1299

kr. kg

Verð áður 2198 kr. kg
Lúxus grísakótiletur í ítalskri, hvítlauks-
eða New York-marineringu, erlendar

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og eða myndabrengi!
EXPO - www.expo.is



998

kr. kg

Holta kjúklingaleggir í mangó- og chili sósu



2598

kr. kg

Holta grillbringur með lime og saffran



2 í pk.

898

kr. pk.

Goða Heimsborgari, 2x120 g borgari, beikon, ostur og 2 hamborgarabrauð



2 lítrar

99

kr. stk.

Toppur án bragðefna, 2 l



2 lítrar

189

kr. stk.

Pepsi Max, 2 l

DÚNDUR-
VERÐ!

15% afsláttur



1698

kr. dósin

Verð áður 1999 kr. dósin
Mackintosh, 2 kg
meðan birgðir endast!



GJAFAKORT

KRÓNAN

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is


KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Litlu eldbýlin sem ég elska svo heitt (9)
- Sé bara einn staf á réttum stað fyrir djús (4)
- Gallað klaustur skortir leiðtoga (9)
- Moka byttum af tæðum togurum (9)
- Aur er orð vitnis (10)
- Er munur á svita fólks og bænda? (11)
- Dramb ljóna lagast fái þau feitan mjólkurdeiltil (10)
- Eru Norðmenn ekki að norðan? (8)
- Má nota hljóðfæri eins og stampa? (7)
- Kornflöt hrein á túngöngu (8)
- Klárar þegar hún tekur niðri (6)
- Sýndu þolinmæði nærri Unni (6)
- Hopp og hí og skemmtanir (10)
- Veraldarvarpar í vitgrennstar (11)
- Ein ferð á árinu óháð veðráttunni (9)
- Greina mun eftir kúrinn (9)
- Andskotans skynfæri tekur ekki mark á neinu (10)
- Kjafstur á kratagras (4)
- Æðabygging leiðsluframléiðslu (9)
- Leik refsingu í lastabæli (9)
- Skilgreini töf sem togstreitu (11)
- Furðuveröld Charles L. Dodgson (9)
- Uppgangsbákníð gefur punkta (11)

LÓÐRÉTT

- Burðarbil og æði óléttu (12)
- Partígestir æskja aðstoðarinnar (13)
- Bestu ár stjórnmálamanns eru fjögur (11)
- Last minna frá málpípu, enda rugluð (9)
- Skilja huga við göngin (6)
- Skemmdist skip í frosti er sköklar birtust (6)
- Rófuskott er lína löng (8)
- Tek hálfan sólarhring af uppsöfnuðum tíðindunum af laufhrúgunum (16)
- Mikil móða og rösk (9)
- Er þallalaldin sprungusnakk? (9)
- Gómsæt skriðfætla dregur úr ljúffengum skjaldkrabba (10)
- Túttur toga troll í botn (9)
- Gagnger breyting aðferða breytir öllu, dæmi: Færibandið (12)
- Gekk fyrsti landnámsmaðurinn í svefni? (8)
- Ofsaboran býður ekkert skjól (12)
- Haldahvel á höfði tel, hol að innan, heyra vel (10)
- Stýfði matarmeting úr hnefa (8)
- Hér geta minni numið það sem aðrir kunna til hlítar (8)
- Gefur ári gríð, það ár gefur frið (7)
- Ríf tíð dauðsföll (5)
- Lóð er þarfþing þeirra er skaka (5)



S T A D P E K K I N G B P A S
 O U J J D R Ó L U V Ö L L U R
 K A R B Ó N A D I U Á E M L
 K H N F N Á N A S A R H Æ T T I
 A L A U S T N D Y B T U
 B Í S A A R A G R Ú I T N
 Ö R F Á T Æ K I R U T E I N A R
 N U U I V É F E N G I R Æ I
 D Ö M U B I N D I J A F R T
 R O D N Ö O P I N B E R
 B L A D R A S A U R B Æ R D O E
 Á D Æ R D K A R L L Æ G
 S T R A U M S V Í K U Y L
 U M K K Á R A R S K A U T A
 P R Á R M U N I N N Í K K Ú
 V R H S A S K Ý J A D R A
 E G G J A K L U K K U N A B U G B
 R A L Ó A D L O A Í
 Á N T D L A U K A G E T U N A
 R U G L U D A L L A R A I S U

Lausnarorð síðustu viku var PJÓÐMINJASAFN



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafni eintak af bókinni Börnin í Dimmuvík eftir Jón Atla Jónasson frá Forlaginu. Vinningshafni síðustu viku var Cecil Haraldsson, Seyðisfirði.



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist klassískt íslenskt bókmenntaverk. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 29. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „25. maí“.

BORUSSIA DORTMUND BAYERN MÜNCHEN

LAUGARDAG KL. 18:30

HORSTEINN J. OG GESTIR KL. 18:00

ÚRSLITALEIKUR MEISTARADEILDARINNAR!

Þá er komið að hinum alþýska úrslitaleik í Meistaradeildinni þegar Borussia Dortmund og Bayern München mætast á Wembley í kvöld kl. 18:30. Þessi hápunktur knattspyrnu-leiktíðarinnar er að sjálfsgöðu í leiftrandi háskerpu!

FÁÐU MEIRA ÚT ÚR SJÓNVARPINU
Ert þú með HD sjónvarp? Tryggðu þér aðgang að frábærri dagskrá í bestu mögulegu myndgæðum.

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.



Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

Afgreiðslutími:
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

FÉLAGAR Í BYKO KLÚBBNUM NJÓTA SÉRTILBOÐA.
ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA MEÐ.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.BYKO.IS.

OUTBACK

TVÖFALDUR ÁLBRENNARI

NEISTAKVEIKJARI

EXCEL 200 AÐEINS Á KLÚBBVERÐI Í DAG

Vnr. 50630082
EXCEL 200 gasgrill.
Eldunarsvæði 49,5x35 cm. 6,2 kW.



KLÚBB verð
29.990 kr.
Almennt verð 45.990 kr.



KLÚBB verð
9.990 kr.
Almennt verð 16.990 kr.

Vnr. 55095013
CASORON
illgresiseyðir, 1 kg.



KLÚBB verð
2.990 kr.
Almennt verð 3.990 kr.

Vnr. 54905038
KÄRCHER slöngu-
vagn með 20 m
slöngu og tengi.



25 KG


Vnr. 55095104
Blå Korn, 25 kg.



KLÚBB verð
4.990 kr.
Almennt verð 6.990 kr.

VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**



OUTBACK

Vnr. 50630080
Cook Dome
kolagrill, 57 cm.



KLÚBB verð
39.990 kr.
Almennt verð 49.990 kr.

MEÐ ÖRYGGISNETI

HÁMARKSÞYNGD 100 KG

88 GORMAR

LÁGMARKSALDUR 6 ÁRA



Vnr. 88040049
Trampó lín með
öryggisneti, 4,2 m.

59.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentbílur og/eða myndabreytingu. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



Vnr. 41622140
Garðhúsgögn, fjórir
stólar, borð með
glerplötu og sólhlíf.
26.990 kr.



Vnr. 41622156
Garðsett, borð og
tveir stólar, plast.
8.990 kr.



LÁGT VERÐ

– ALLA DAGA

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

ÓDÝRT PALLAEFNI

Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR.

Vnr. 0058224 22x95 mm **165** kr./lm

Vnr. 0058274 27x95 mm **185** kr./lm

Fura, alheflað pallaefni, AB-gagnvarið.

Vnr. 0058254 22x95 mm **185** kr./lm

Vnr. 0058324 27x95 mm **205** kr./lm

Vnr. 0058325 27x120 mm **210** kr./lm

Gerðu **VERÐ-**samanburð

SUMARLEIKUR

BYKO KLÚBBBSINS 2013

3K BYKO KLÚBBURINN

TAKTU ÞÁTT!

SKRÁÐU ÞIG Í KLÚBBINN OG FREISTAÐU GÆFUNNAR!

Nánar um sumarleikinn á www.byko.is

DREGIÐ VIKULEGA
GLÆSILEGIR VINNINGAR




SUMAR Í GARÐINUM

Handbók fyrir garðeigendur

Ómissandi upplýsingar og fróðleikur fyrir garðeigendur í 60 síðna blaði.

Skoðaðu blaðið á www.byko.is





Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur, sambýlismaður og bróðir,

BERGUR JÚLIUSSON

lést af slysförum fimmtudaginn 16. maí. Útförin fer fram frá Glerárkirkju á Akureyri mánudaginn 27. maí kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Landsbjörg.



Júliús Pétur Bergsson
Gyða Ósk Bergsdóttir
Helga Bergsdóttir
Júliús Bergsson
Halla Björk Ragnarsdóttir
og systkini hins látna.

Stefán Andri Stefánsson
Rögnvaldur Björnsson
Anna Þorsteinsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

ÓLÖF HELGA BENÓNÝSDÓTTIR

lést 21. maí á hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík. Jarðarförin fer fram frá Kristkirkju Landakoti, fimmtudaginn 30. maí kl. 15.00. Innilegar þakkir til starfsfólks Sóltúns fyrir einstaka alúð.



Benóný Ásgrímsson
Ása Ásgrímsdóttir
Hjördís Halldóra Benónýsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Kristín Ingibjörg Gunnarsdóttir
Júliús Elliðason



Hjartans þakkir fyrir samúð og vinarhug við andlát og útför

MARGRÉTAR GUÐJÓNSDÓTTUR Dalsmynni.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Brákarhlíðar fyrir góða umönnun.



Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru,

MARÍU JÓNÍNU SIGURÐARDÓTTUR hárgreiðslumeistara, Þórunnarstræti 91, Akureyri.

Sérstakar þakkir færur við Oddfellow-reglunni á Akureyri og starfsfólki hjúkrunarheimilisins Lögmannshlíðar fyrir einstaka umhyggju.



Gunnar Jónsson
Daníel Gunnarsson

Svanhildur Daniélsdóttir
Sigurður Þorri Gunnarsson



Elskuleg eiginkona mín,

LAUFEY GUÐBRANDSDÓTTIR

sem lést 15. maí á hjúkrunarheimilinu Grund, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 28. maí kl. 15.00.



Berent Th. Sveinsson.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

INGIRÍÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 18. maí. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 28. maí nk. kl. 13.00.



Ásthildur Salbergsdóttir
Vilhjálmína P. Salbergsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Friðrik F. Söbech
Jóhann G. Hálfanarson
Karólína Árnadóttir



Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

MOSAÍK Hamarsöfða 4 - 110 Rvk - s 587 1960 - www.mosaik.is



MEÐ SIGRÚNU KONU SINNI OG AFASTELPUNUM

„Við erum þrjú sem erum samanlagt 100 ára á þessu ári því Katrín Steinunn varð tvítug í mars og Ísabella Tara verður 10 ára í júlí,“ segir Markús Örn ánægður á svip.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Átta mig á að dagsplanið breytist töluvert

Markús Örn Antonsson, fyrrverandi borgarstjóri og útvarpsstjóri, lítur yfir farinn veg, sjötugur. Hann er þakklátur fyrir að hafa fengið að vinna að fjölbreyttum verkefnum.

„Ég hef velt fyrir mér hvort það boði einhver undur og stórmerki að verða sjötugur en býst við að láta það ganga yfir á sem einfaldastan hátt, án mikils umróts. Átta mig samt á því að dagsplanið breytist töluvert við að hætta að vinna og held að brýnt sé að vera með eitthvert plan fyrir daginn,“ segir Markús Örn Antonsson, forstöðumaður Þjóðmenningarhússins, sem er sjötugur í dag. Hann hefur ánægju af göngu- og hjólatúrnum og býst við að fjölga þeim með auknum frítíma. Annað áhugamál er eiginlega framlenging af hans fyrra starfi sem ljósvakamaður en það er margmiðun. „Ég hef alltaf haft áhuga á tækni í fjölmiðun og lagt töluvert áherslu á að setja mig inn í það sem er að gerast í þeim efnum,“ segir hann og kveðst vinna talsvert með hljóð- og myndefni í tölvunni eftir að hann eignaðist handhæga myndbandsupptökuvél í sextugsafmælisgjöf og einnig hafa gaman af útlitshönnun á blaðaefni.

Fimmtíu ár eru frá því að Markús Örn fór af stað með sinn fyrsta útvarpsþátt í félagi við Andrés Indriðason. „Við Andrés föluðumst eftir að vera með þátt fyrir ungt fólk og fengum tækifæri til þess. Þátturinn hét einfaldlega Með ungu fólki og þar var rætt við ungt fólk í ýmsum greinum. Einnig var mikill tónlistarflutningur, unglíngahljóm-sveitir sem voru að hasla sér völl, við spiluðum Bítalög sem þá voru ný af nálinni og ádrar plötur sem við fengum frá einhverjum sem höfðu verið í Bretlandi. Þetta var nýlunda því ekki

Ferillinn í stuttu máli

Markús Örn Antonsson ólst upp í Bústaðahverfi og fór í skólabíl öll barnaskóla-árin í Laugarnesskóla.

1965 Útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík
1966-1970 Fréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu
1970-1985 Borgarfulltrúi í Reykjavík
1983-1985 Forseti borgarstjórnar
1991-1994 Borgarstjóri í Reykjavík
1985-1991 og 1998-2005 Gegndi embætti útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins
2005-til 2008 Sendiherra Íslands í Kanada

Forstöðumaður Þjóðmenningarhúss frá 2008 en lætur af því embætti um næstu mánaðamót.

var mikið efni ætlað þessum aldurs- hópi í dagskrá Ríkisútvarpsins á þessum árum.“

Leið bæði Markúsar og Andrésar lá síðan inn í sjónvarpið að fást við hina ólíkustu hluti. „Útsendingar hófust haustið 1966 og mitt hlutverk var aðallega á fréttastofunni. Við vorum tveir fréttamenn í byrjun, Magnús Bjarnfreðsson og ég, enda var bara sent út tvö kvöld í viku í upphafi en fljótlega voru útsendingarkvöldin orðin sex svo auðvitað fjölgaði í starfslíðinu,“ rifjar hann upp.

Eftir fréttamannsárin varð Markús Örn borgarfulltrúi, síðar borgarstjóri, útvarpsstjóri og sendiherra og kveðst þakklátur forsóninni fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna að fjölbreyttum verkefnum.

Markús Örn er kvæntur Sigrúnu Ármannsdóttur kennara, sem starfar

á menntasviði Reykjavíkurborgar. Þau eiga tvö börn, dótturina Sigrúnu Ásu, sem er búsett í London og starfar fyrir uppboðsfyrirtækið Christie's í Hong Kong eins og er, og soninn Anton Björn hæstaréttarlögmann.

Inntur eftir veisluhöldum í tilefni afmælisins svarar Markús Örn: „Ég ætla að kveðja samstarfsmenn mína í Þjóðmenningarhúsinu með því að bjóða þeim heim til okkar Sigrúnar. Hins vegar sé ég til með afmælisveisluna vegna þess að sonardóttir okkar, Katrín Steinunn Antonsdóttir, er að útskrifast sem stúdent úr Verslunarskólanum og ég ákvað að gefa henni allan forgang að deginum. Hún ætlar að vera með sína gesti heima hjá sér, þar á meðal okkur foreldrana. En hver veit nema við skellum upp veislu ef dóttir mín og tengdasonur eiga heimgangengt úr sinni vinnu síðar á árinu.“

gun@frettabladid.is



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

GERÐU JÓNSDÓTTUR Vesturgötu 7, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi 27. apríl 2013. Bálfor hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Einar Ólafsson
Margrét Sólveig Ólafsdóttir
Berglind Gerða Libungan
Lisa Anne Libungan
Nói Steinn Einarsson
Hafsteinn Þór Einarsson
Sóley Ósk Einarsdóttir
Sindri Fannar Ólafsson
Daníel Pálmarr Ólafsson
og barnabarnabörn.

Jónína Margrét Davíðsdóttir
Gústav Kristján Gústavsson
Bjarni Berg Elfarsson
Kjartan Benediktsson
Ingunn Eypórsdóttir
Eva Hrund Guðlaugsdóttir
Baldur Freyr Óskarsson



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

VIGDÍSAR DANÍELSDÓTTUR Ásbraut 19, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahjúkrunar Kópavogs og krabbameinsdeildar 11E fyrir hlýhug og góða umönnun.

Guðlaug B. Olsen
Jónína B. Olsen
Daníel Olsen
Sveinborg Steinunn Olsen
Klara Björg Olsen
Jóhanna Þórunn Olsen
Bárður Olsen
Bryndís Olsen
barnabörn og barnabarnabörn.

Árni Hilmar Jónsson
Guðmundur Kristjánsson
Hrafnhildur Svendsen
Unnar Geir Holman
Bjarni Bentsson
Magnús Helgi Sigurðsson
Kristín Vilhjálmisdóttir
Kristinn Bragi Kristinsson



OPNUNARHÁTÍÐ!

Í DAG 25. MAÍ KL. 10-18
NÝ VERSLUN AÐ GRENSÁSVEGI 10

TILBOÐ 1

Almennt verð = 199.545 kr.
TILBOÐ = 185.000 kr.



FVI 500 (mótor, rafhlaða, skjár og hleðslutæki)

Hjól og bretti með 20% afslætti ef keyptur er búnaður
Raðgreiðslur 24 mán = 9.410 kr.
Aukahlutur á mynd: Hjól

TILBOÐ 2

Almennt verð = 145.000 kr.
TILBOÐ = 125.000 kr.



FVI 350 (mótor, rafhlaða, skjár og hleðslutæki)

Hjól og bretti með 20% afslætti ef keyptur er búnaður
Raðgreiðslur 24 mán = 6.468 kr.
Aukahlutur á mynd: Hjól

**BREYTTU HJÓLINU ÞÍNU Í RAFHJÓL OG AUKTU RÁÐSTÖFUNAR-
TEKJUR ÞÍNAR UM HUNDRUÐ ÞÚSUNDA Á ÁRI.**

Umsögn viðskiptavinar

Ívar Þórólfsson:

